FRÉTTABLAÐIÐ

240. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. NÓVEMBER 2020

Grímuklæddir sjálfboðaliðar eru í óðaönn að yfirfara og undirbúa handhæga jólaglaðninga til bágstaddra barna. Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felur í sér að gleðja börn sem búa við erfiðar aðstæður, með leikföngum og öðrum glaðningi í skókassa. Áhugasömum er bent á að kynna sér verkefnið nánar á Facebook-síðu Jóla í skókassa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Launaskrið sagt án innistæðu

Launahækkanir án samsvarandi framleiðniaukningar grafa undan kaupmætti til lengri tíma litið, að sögn hagfræðings. Launakostnaður á Íslandi í hlutfalli við verga landsframleiðslu sá hæsti frá árinu 2007.

VIÐSKIPTI Hinar kjarasamningsbundnu launahækkanir sem eru á dagskrá næstu misseri grafa undan getu vinnumarkaðarins til að skapa ný störf, að mati Jóns Bjarka Bentssonar, aðalhagfræðings Íslandsbanka. „Það hefur sýnt sig aftur og aftur, bæði hérlendis og erlendis, að miklar nafnlaunahækkanir án samsvarandi framleiðniaukningar skila ekki varanlegri kaupmáttaraukningu," segir Jón Bjarki. Finnur Oddsson, forstjóri Haga, tekur í sama streng: „Slíkar hækkanir leiða einfaldlega af sér rýrnun á kaupmætti allra landsmanna."

Launavísitala Hagstofu Íslands hefur hækkað um meira en sex prósent síðastliðna tólf mánuði, þrátt fyrir að hagkerfi landsins hafi skroppið saman á sama tíma. Frekar launahækkanir eru á döfinni

Finnur Oddsson, forstjóri Haga

í janúar næstkomandi. „Þessar miklu launahækkanir gætu knúið fyrirtæki til að segja upp starfsfólki sem ella þyrfti ekki að segja upp," segir Yngvi Harðarson, hagfræðingur hjá greiningarfyrirtækinu Analytica.

Launakostnaður á Íslandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu stefnir nálægt 70 prósentum á næsta ári, en svo hátt gildi hefur ekki sést frá árinu 2007. Á síðastliðnum árum hefur launakostnaður á Íslandi sigið fram úr hinum Norðurlöndunum og líkur eru á að sú þróun haldi áfram á næsta ári. **– thg / sjá Markaðinn**

Hluthafar þurfi að ganga í takt

VIÐSKIPTI Breskir fjárfestar og fjárfestingarsjóðir koma að fjármögnun á yfirtökutilboði í Skeljung. Hafa þeir skuldbundið sig til að fjármagna allt að fjórðungshlut í félaginu, eða fyrir liðlega fjóra milljarða króna.

Jón Skaftason, framkvæmdastjóri Strengs sem stendur að tilboðinu, segir að rekstur Skeljungs sé að taka grundvallarbreytingum. Rafbílum fjölgi á götunni og fyrir liggi að auka eigi hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa á markaðnum. Við slíkar aðstæður sé mikilvægt að bakland félagsins sé sterkt og að hluthafar gangi í takt. **– hae / sjá Markaðinn**

Aldís, Vilhjálmur og Gunnar fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ágreiningur um vitni í máli gegn Aldísi Schram

DÓMSMÁL Ágreiningur er um öll þau vitni sem Aldís Schram hyggst leiða fram í meiðyrðamáli Jóns Baldvins Hannibalssonar, föður hennar, gegn henni, útvarpsmanninum Sigmari Guðmundssyni og Ríkisútvarpinu. Jón Baldvin krefst þess að fjórtán ummæli sem látin voru falla í Morgunútvarpinu á Rás 2 þann 17. janúar árið 2019 verði dæmd dauð og ómerk. Einnig krefst hann fébóta frá Ríkisútvarpinu vegna þess.

Vitni Aldísar eru fimm talsins, þar á meðal Margrét Schram móðursystir hennar. Margrét er ein af þeim konum sem stigið hafa fram í fjölmiðlum og sagt Jón Baldvin hafa áreitt sig kynferðislega.

» Hildur Briem dómari lýsti vonbrigðum yfir að hún hefði ekki heyrt af ágreiningnum fyrr en í gær.

Í fyrirtöku málsins í gær vefengdi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Jóns Baldvins, að vitnin ættu erindi í málinu og sagðist hafa vitneskju um að framburður þeirra yrði byggður á slúðri og #Metoo-byltingunni.

Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður Aldísar, sagði að ætlunin væri ekki að koma með ásakanir gegn Jóni Baldvini í þessum réttarhöldum. Ekki væri þó hægt að líta fram hjá því að þetta tvennt tengdist. Markmiðið með vitnaleiðslunni væri þó að styðja við þann málflutning sem Aldís hefur haldið fram, svo sem að nauðungarvistanir hennar hefðu verið ólögmætar.

Vitni fyrir Jón Baldvin verða eiginkona hans Bryndís Schram og dóttirin Kolfinna Baldvinsdóttir og gerði Gunnar ekki athugasemdir við það. Heldur ekki lögmaður Ríkisútvarpsins sem hélt sig að mestu til hlés í fyrirtökunni.

Hildur Briem dómari lýsti vonbrigðum yfir að hún hefði ekki heyrt af ágreiningnum fyrr en í gær og að lögmenn hefðu nú haft mánuð til að ræða þetta. Málið hefur tekið langan tíma en fyrsta fyrirtakan var 7. janúar síðastliðinn. Í febrúar var tekist á um skrifleg gögn í málinu og ekki gert ráð fyrir að aðalmeðferð gæti hafist fyrr en í haust. **– khg**

Skarðshlíð úr skýjunum

Skarðshlíð í Hafnarfirði minnir helst á litríkt mósaíkverk þegar horft er til hennar úr háloftunum. Hér má meðal annars sjá byggingar Skarðshlíðarskóla undir gulnuðum grasþökum og íþróttavelli sem verða eflaust morandi í kinnrjóðum krökkum þegar allt er yfirstaðið. Skólahald er og verður takmarkað til og með 17. nóvember en nálægðartakmörkun og grímunotkun tekur ekki til barna á leikskólaaldri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Borgarbúar vilja betri aðstöðu til sjósunds

Hugmyndir sem eru einna vinsælastar í Hverfið mitt, hugmyndasamkeppni höfuðborgarinnar, snúa að sjósundi og aðstöðu til þess. Einn af stjórnendum sjósundshópsins á Facebook segir það skiljanlegt að fólk vilji betri aðstöðu.

LÍKAMSRÆKT Sjósund er nánast orðin íþrótt COVID-faraldursins en síðan veiran bankaði upp á hér á landi og allt lokaði hefur fólk flykkst í sjóinn. Eina aðstaðan fyrir sjósundsiðkendur sem til er á höfuðborgarsvæðinu er í Nauthólsvík en þar er einnig búið að vera meira og minna lokað auk þess sem opnunartíminn þar er skorinn við nögl.

Sjósundsfólk höfuðborgarinnar vill greinilega fá betri aðstöðu fyrir sig í sínu nærumhverfi því með vinsælustu hugmyndum á Hverfinu mínu, hugmyndasamkeppni borgarinnar sem var opnuð í byrjun mánaðarins, er að koma upp betri sjósundsaðstöðu.

Ragnheiður Valgarðsdóttir, ein af stjórnendum hópsins Sjósund á Facebook þar sem þrjú þúsund manns ræða allt milli himins og jarðar er viðkemur sjósundi, þekkir sjósund betur en flestir. „Ég er búin að vera í þessu í tólf ár og þá vorum við pínulítill hópur sem syntum. Fólk horfði alveg á mann eins og maður væri skrýtinn en núna er þetta orðinn stór hópur og mjög fjölbreyttur. Alveg frá ungu fólki og upp úr."

Hún segir að það sé ekki dýrt að byrja. Nóg sé að fara í skó, hanska og sumum finnst gott að hafa eitthvað yfir höfðinu og aðgangur að sjónum er jú ókeypis. „Skór og hanskar eru fínir yfir vetrarmánuðina en á sumrin sleppi ég því nú. Svo er það bara sundbolurinn og eitthvað þægilegt þegar maður kemur upp úr."

Ragnheiður setti nýverið inn fjórtán staði á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að dýfa sér í kaldan sjóinn sem er um fjórar til sex gráðu heitur þessa dagana. „Skarfaklettur er mjög vinsæll. Þaðan er stutt í allar áttir og skiptir litlu hvort er flóð eða fjara. Sjósund er íþrótt fyrir allt árið og oft meiri stemning á veturna.

Ragnheiður Valgarðsdóttir komin út í sjó hjá Brúsastöðum. MYND/AÐSEND

„Ég er búin að vera í þessu í tólf ár og þá vorum við pínulítill hópur sem syntum. Fólk horfði alveg á mann eins og maður væri skrýtinn.

Ragnheiður Valgarðsdóttir

Allir Íslendingar eiga sundföt og það er ekkert mál að fara bara í ullarsokkum með teygju."

Hún segir að sjósundið lyfti sér upp bæði andlega og líkamlega. Blóðrásin fari af stað og henni líði betur í líkamanum. „Svo er þetta eitthvað adrenalínkikk fyrir andlegu hliðina. Þetta hjálpar að sigra sjálfan sig með því að fara út í. Ég skil það ef fólk vill fá aðstöðu í sínu nærumhverfi. Það er óþarfi að allir séu að fara í Nauthólsvík til að hoppa í sjóinn í korter eða 20 mínútur. Þó Nauthólsvíkin sé mikilvæg, hún er okkar félagsmiðstöð."

Erna Héðinsdóttir hefur verið að bjóða upp á sjósundnámskeið síðan í fyrravor. Þar hefur hún kennt fjölda manns fyrstu skrefin en hún kennir sex manna hópum í einu. Hún segir að það sé mikil sprenging, ekki aðeins hér á landi.

„Bara í sumar hafa yfir 100 manns komið á námskeið til mín. Það er falleg hugsjón að setja upp útiaðstöðu því það þarf ekkert að vera eins stórt batterí og í Nauthólsvík um allan bæ. En ég held að ef borgin ætlaði að leggja pening í þetta þá mætti skoða opnunartímann í Nauthólsvík. Nýta betur aðstöðuna sem til er."

benediktboas@frettabladid.is

Lést úr COVID á Landspítala

COVID-19 Einn sjúklingur lést á Landspítala í fyrradag vegna COVID-19. Hafa nú 24 látist af völdum sjúkdómsins hér á landi. Fjórtán hafa látist nú í haust.

Alls greindust ellefu með COVID-19 innanlands í fyrradag. Fimm voru utan sóttkvíar við greiningu.

Einn farþegi var með jákvætt sýni í fyrri skimun á landamærum síðastliðinn sólarhring og bíður niðurstöðu mótefnamælingar. 1.076 eru í sóttkví hér á landi og 1.019 í skimunarsóttkví.

Það fækkar í hópi þeirra sem eru í einangrun. Í gær voru 569 í einangrun en daginn áður voru það 621. 70 eru á sjúkrahúsi, en þeim hefur fækkað um fimm frá því í fyrradag. Þrír eru á gjörgæslu.

1.265 innanlandssýni voru tekin síðastliðinn sólarhring og 329 á landamærum. Nýgengi innanlandssmits heldur áfram að lækka og mælist nú 129 á hverja 100 þúsund íbúa. **– eþá**

Hvatningarsjóður Kviku
óskar styrkþegum til hamingju með úthlutaðan styrk á árinu.

Vilborg Lilja Bragadóttir
Klæðskurður og búningagerð
við Bournemouth háskóla

Axel Guðmundur Arason
Grunnskólakennsla eldri barna
við Háskóla Íslands

Heba Lind Halldórsdóttir
Húsgagnasmíði og húsgagnabólstrun
við Tækniskóla Íslands

Ellen Alfa Högnadóttir
Grunnskólakennsla
við Háskóla Íslands

Ásgrímur Þór Kjartansson
C stig vélstjórnar
við Tækniskóla Íslands

Jóhanna María Bjarnadóttir
Grunnskólakennsla yngri barna
við Háskóla Íslands

Gunnar Möller
Framhaldsskólakennsla
við Háskóla Íslands

Díana Rós Brynjudóttir
B stig skipstjórnar
við Tækniskóla Íslands

Sigþór Árni Heimisson
Húsasmíði
við Verkmenntaskólann á Akureyri

Hafdís Shizuka Iura
Grunnskólakennsla eldri barna
við Háskóla Íslands

Gerður Björg Harðardóttir
B stig vélstjórnar
við Verkmenntaskólann á Akureyri

Albert Ingi Lárusson
Pípulagningar
við Tækniskóla Íslands

KVIKA

Hvatningarsjóður Kviku styrkir ungt fólk til iðn- og kennaranáms.

kvika.is/hvatningarsjodir

Bóluefni Pfizer/BioNTech og AstraZeneca í flýtimeðferð

COVID-19 Lyfjastofnun Evrópu, EMA, hefur hafið flýtimeðferð í mati á tvenns konar bóluefni gegn COVID-19. Annars vegar bóluefni Pfizer/BioNTech og hins vegar bóluefni frá AstraZeneca, í samstarfi við Oxford-háskóla. Þetta kemur fram í svari Lyfjastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Líkt og greint hefur verið frá leiðir greiningarvinna Pfizer/BioNTech í ljós að þeirra bóluefni virki í 90 prósentum tilfella. Vinna sérfræðinganefndar EMA við áfangamat á bóluefnunum hófst í október. Lyfjastofnun tekur þátt í vinnunni. Pfizer segir að stefnt sé á lokaprófanir í þriðju viku þessa mánaðar.

Fram kemur í svari stofnunarinnar að alla jafna þurfi lyfjafyrirtæki að senda inn öll gögn um virkni, öryggi og gæði lyfja áður en mat hefst. Þar sem um er að ræða víðtæka heilsuvá þá er notast við áfangamat, þar sem gögnin eru metin eftir því sem þau verða tiltæk. Nú er verið að meta gögn sem snúa að gæðum bóluefnisins, þar með talið innihaldsefnum og framleiðsluaðferð, en sérfræðinganefndinni eiga enn eftir að berast margvíslegar upplýsingar.

Unnið er hörðum höndum að öruggu bóluefni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Markaðsleyfi fyrir bóluefni gegn COVID-19 verður gefið út af Lyfjastofnun Evrópu eftir að öll rannsóknargögn hafa fengið jákvæða umsögn. Óvíst er hvenær sú niðurstaða liggur fyrir.

Fram kemur í svari Embættis landlæknis við fyrirspurn Fréttablaðsins að áætlun um hversu lengi það muni taka að bólusetja landsmenn sé í vinnslu en sé ekki tilbúin til dreifingar. – **ab**

Sjö milljónir í bætur vegna gæsluvarðhalds

DÓMSMÁL Íslenska ríkið var í gær dæmt til að greiða karlmanni sjö milljónir króna í bætur vegna rannsóknaraðgerða sem honum var gert að sæta vegna frelsissviptingar og rannsóknaraðgerða lögreglu sem hann var látinn sæta vegna fíkniefnamáls árið 2017.

Maðurinn sat í gæsluvarðhaldi í yfir 200 daga og þar af í einangrun í 28 daga. Hann var handtekinn haustið 2017 ásamt þremur öðrum vegna gruns um aðild að innflutningi fíkniefna til landsins frá Pólland. Um var að ræða 1.328 ml af vökva sem innihélt amfetamínbasa. Maðurinn var sýknaður en hinir þrír dæmdir í þriggja til þriggja og hálfs árs fangelsi.

Ríkið vildi að byggt yrði á því í bótamálinu að maðurinn hefði sjálfur stuðlað að aðgerðum lögreglu gegn sér en dómarinn féllst ekki á það. Maðurinn hefði verið samstarfsfús að ýmsu leyti en neitað að tjá sig um annað, eins og sakaðir menn eigi rétt á. – **aá**

Mikill halli í rekstri bæjarins

KÓPAVOGUR Gert er ráð fyrir 575 milljón króna rekstrarhalla á samstæðu Kópavogsbæjar á næsta ári samkvæmt forsendum þjóðhagsspár Hagstofunnar. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2021 hefur nú verið lögð fram en áætlunin var tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn Kópavogs í gær. Fram kemur í tilkynningu frá Kópavogsbæ að ástæðan sé áhrif COVID-19 faraldursins.

Mikil áhersla verður lögð á menntamál og velferðarþjónustu í áætluninni. Framlög til velferðarmála aukast um 16 prósent auk þess sem framlög til fjárhagsaðstoðar og barnaverndar verða aukin. Á næsta ári verður fjárfest fyrir 3,9 milljarða króna, þar af fer einn milljarður króna í nýjan Kársnesskóla. – **fbl**

Auka þjónustu við börn sem dvelja í Kvennaathvarfinu

Hundrað börn hafa dvalið í Kvennaathvarfinu það sem af er þessu ári, en það eru jafn mörg börn og allt síðasta ár. Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir mikilvægt að beina sjónum að börnunum, afleiðingar ofbeldis á börn geti verið alvarlegar. Ráðinn hefur verið félagsráðgjafi til að sinna þessum börnum.

SAMFÉLAG Hundrað börn hafa dvalið í Kvennaathvarfinu það sem af er þessu ári, en það eru jafn mörg börn og allt árið í fyrra. Þá hefur athvarfið ráðið til starfa félagsráðgjafa sem sinnir eingöngu börnum og segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, mikilvægt að beina sjónum að börnum þeirra kvenna sem leita í athvarfið.

„Rannsóknir eru alltaf að sýna okkur betur og betur hvað það að alast upp á ofbeldisheimili hefur gríðarleg áhrif. Bæði við og kvennaathvörf í löndunum í kringum okkur höfum sett fókus á konurnar en ekki nægilega mikið á börnin, svo þetta er mikilvægt skref," segir hún.

Sigþrúður segir áhrif þess að alast upp á ofbeldisheimili geta verið margvísleg en að rannsóknir sýni að börn sem alist upp við áföll í æsku séu líklegri til að glíma við ýmsa erfiðleika. „Æska á ofbeldisheimili felur í sér áföll og þau börn sem alast upp við slíkar aðstæður eru líklegri til að eiga í félags- og námserfiðleikum, erfiðleikum á vinnumarkaði, leiðast út í afbrotahegðun og neyslu, svo dæmi séu tekin," segir hún en bætir við að þau börn sem komi í athvarfið séu jafn misjöfn og þau séu mörg.

„Sum hafa verið beitt ofbeldi alla sína ævi og önnur alist upp við þessa menningu inni á heimilinu en kannski aldrei orðið vitni að ofbeldinu. Mörg spjara sig vel en þau eiga það sameiginlegt að þau eru bara krakkar og hafa orðið fyrir þessum lífskjaramissi í æsku," segir Sigþrúður.

Hún segir að lengi hafi sú hugmynd verið uppi að huga betur að

Hundrað börn hafa leitað í Kvennaathvarfið það sem af er þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi

börnum í Kvennaathvarfinu en að fé hafi verið af skornum skammti. Í fyrsti bylgju kórónaveirufaraldursins hafi athvarfinu þó borist stuðningur úr hinum ýmsu áttum. „Fjöldi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana styrkti okkur og okkur fannst mikilvægt að gera eitthvað sem raunverulega skipti máli. Niðurstaðan varð sú að ráða félagsráðgjafa og veita börnum framúrskarandi þjónustu," segir Sigþrúður.

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir félagsráðgjafi var ráðin í starfið og sinnir nú börnum þeirra kvenna sem leita í athvarfið. Hún segir mikla þörf hafa verið á því að beina ljósinu að börnunum. „Það er mikilvægt að grípa krakkana þegar þau koma hingað á þessari krísustundu. Tala við þau og útskýra hvað er að gerast og hvar þau eru stödd," segir hún.

„Þau koma hingað af því að einhver fullorðinn ákveður að koma hingað og það er mikilvægt að þau upplifi sig ekki sem fylgihlut eða að staða þeirra skipti ekki máli," segir Bergdís og bætir við að einnig myndist mikilvæg samfella á milli Kvennaathvarfsins og annarra stofnana sem vinni með börnum líkt og barnaverndar og félagsþjónustunnar.

„Það þarf að huga að hinum ýmsu hlutum og svara ýmsum spurningum og úr því verður breiður ávinningur. Eru þau með föt? Veit skólinn að þau séu hér? Vilja þau fá vini í heimsókn? Þurfa þau á fagaðila að halda? Þetta eru allt þættir sem varða þeirra daglega líf og skipta raunverulegu máli," segir Bergdís.

Í dag klukkan 11 hefst rafrænt þing um börn og heimilisofbeldi. Bergdís ásamt þremur öðrum konum sem starfa í Kvennaathvarfinu flytja erindi þar sem rætt verður um stöðu erlendra barna í athvarfinu, börn á ofbeldisheimilum og afleiðingar ofbeldis fyrir börn. **birnadrofn@frettabladid.is**

EINSTAKUR DAGUR

20–50% afsláttur af völdum vörum í netverslun Lyfju

Það er Einstakur dagur í Lyfju í dag. 20–50% afsláttur af snyrtivörum, ilmum og völdum bætiefnum í netverslun.

LYFJA.IS

LYFJA

Flataskóli er einn átta grunnskóla í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Borga ekki fyrir skerta þjónustu

GARÐABÆR Gjöld fyrir þjónustu leik- og grunnskóla og frístundaheimila í Garðabæ verða leiðrétt í þeim tilvikum þar sem þjónustan er felld niður eða skert vegna verkfalls, samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Þetta ákvað bæjarráð Garðabæjar í gær.

„Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Hægt er að fara fram á staðfestingu um sóttkví barns frá rakningarteymi ef um er að ræða sóttkví sem ekki tengist viðkomandi starfsemi. Matargjald á leikskólum skal skert ef fjarvera barns varir lengur en 14 almanaksdaga. Sjálfskipuð sóttkví telst ekki til frádráttar," segir í samþykkt bæjarráðs. **– gar**

Fjölsmiðjan nær ekki endum saman

COVID-19 Stjórn Fjölsmiðjunnar hefur farið þess á leit við bakhjarla sína, ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, að sjálfseignarstofnunin fái 10 milljóna króna styrk fyrir árslok til þess að koma til móts við tekjutap yfirstandandi árs.

Fjölsmiðjan er verkþjálfunar-, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir einstaklinga á aldrinum 16 til 24 ára sem hafa ekki náð að fóta sig og hjá Fjölsmiðjunni er þeim gefið tækifæri til að eflast í lífi og starfi og eru virkjaðir til þátttöku.

Alls eru sjötíu einstaklingar á skrá stofnunarinnar en 75 prósent af rekstrarframlögunum koma frá ríki og borg en 25 prósent er sjálfsaflafé sem aflað er með sölu á margs konar varningi og þjónustu sem unnin er í ólíkum deildum Fjölsmiðjunnar. Þar hefur verið mikill samdráttur og því er útlit fyrir að stofnunin nái ekki endum saman í ár. **– þþ**

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, undrast um afdrif heimilissorps af Suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sveitarfélög geti ekki falið sig bak við verktaka með sorpið

Forstjóri Íslenska gámafélagsins segir nokkur sveitarfélög á Suðurlandi þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum varðandi afdrif heimilisúrgangs. Þau geti ekki borið fyrir sig að verktakar séu ábyrgir, heldur eigi að ganga úr skugga um að rétt sé staðið að förgun. Hann telur farið með sorpið til urðunar án heimildar.

SVEITARSTJÓRNIR „Við berum öll keðjuábyrgð í málum eins og þessum," segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, sem telur að heimilissorp frá fimm sveitarfélögum sé urðað án heimildar. Hann vill að sveitarfélögin víki sé ekki undan ábyrgð í málinu.

Sveitarfélögin sem um ræðir eru Hveragerði, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra sem öll skipta við fyrirtækið Terra, keppinaut Íslenska gámafélagsins. Í bréfi til þriggja fyrstnefndu sveitarfélaganna spyr Jón Þórir um „afdrif og endastöð þess úrgangsflokks sem kallast almennur úrgangur og safnast í Gráa tunnu íbúa", eins og hann orðar það.

„Svar með vísan til þess að undirverktaki sjái um þessi mál mun ég ekki telja sem gilt svar. Ljóst er að sveitarfélög geta ekki firrt sig ábyrgð með því að vísa til verktaka, enda ætti sá verktaki að geta veitt sveitarstjórninni upplýsingar um þennan úrgang," tekur forstjóri Íslenska gámafélagsins fram í bréfi sínu og kveðst þar einmitt áður hafa fengið svör um að „fyrirtæki sem sjái um þessa þjónustu fyrir sveitarfélagið sé ábyrgt og leiðandi fyrirtæki í umhverfismálum" og því treysti sveitarfélagið félaginu til að fara að lögum og reglum.

„Það er enginn urðunarstaður á Íslandi sem tekur við sorpi frá þessum sveitarfélögum. Og ég bara velti fyrir mér hvert ruslið er að fara," segir Jón Þórir við Fréttablaðið. „Eina leiðin sem ég sé er að það fari í brennslu hjá Kölku eða á einhvern af þessum urðunarstöðum og ef það fer þangað þá er verið að smygla þessu rusli af því að þessi sveitarfélög hafa ekki leyfi til að urða þar."

Jón Þórir segir að urðunarstaðir fyrir sorp séu Álfsnes, Fíflholt á Mýrum og Sölvabakki nærri Blönduósi. Þessir staðir hafi allir neitað að taka við úrgangi frá fyrirtækjum og sveitarfélögum frá Suðurlandi. Reyndar segist hann aðspurður telja sig vita hvert farið sé með umrætt rusl. Það endi meðal annars á Álfsnesi sem sé urðunarstaður fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með takmarkað leyfi upp á 100 þúsund tonn á ári.

„Það hefur verið beðið um það í mörg ár að fá þennan úrgang urðaðan í Álfsnesi en það hefur alltaf verið sagt nei," segir Jón Þórir, sem kveðst sjálfur hafa óskað eftir að fá að urða úrgang í Álfsnesi en alltaf fengið neitun. „Og núna fara sveitarfélög og svindla þessu, á sama hátt og mér var meinað, inn á Álfsnes."

Í bréfi sínu til sveitarfélaganna þriggja rekur Jón Þórir að Íslenska gámafélagið hafi lagt í mikinn kostnað til að finna góðar lausnir varðandi heimilisúrgang og hafi nú í rúmt ár flutt hann út til orkunýtingar með mjög góðum árangri. Málið varði bæði samkeppnismál og umhverfismál.

„Þarna eru keppinautar mínir að bjóða ódýrari urðun en ég get boðið af því að ég er með þetta eftir reglunum. Sveitarfélögin taka þátt í þessu og mér finnst það eiginlega algerlega fyrir neðan allar hellur. Kannski er það ekki lögbrot en mér finnst þetta fara gegn almennu siðferði," segir hann við Fréttablaðið.

Erindi forstjórans hefur verið tekið fyrir í stjórnum sveitarfélaganna þriggja. „Hveragerðisbær er með samning við Terra ehf. um sorphirðu og förgun í bæjarfélaginu. Fyrirtækið er ábyrgt og leiðandi í umhverfismálum og því treysta bæjaryfirvöld félaginu til að fara að lögum í þessum efnum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars," segir í bókun bæjarráðs Hveragerðis um málið.

> **Sveitarfélögin taka þátt í þessu og mér finnst það eiginlega algerlega fyrir neðan allar hellur. Kannski er það ekki lögbrot en mér finnst þetta fara gegn almennu siðferði.**
>
> Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins

Í Bláskógabyggð var sveitarstjóranum falið að svara erindi forstjóra Íslenska gámafélagins en í Grímsnes- og Grafningshreppi samþykkti sveitarstjórnin samhljóða að fela oddvitanum að afla frekari gagna hjá þjónustuaðilanum Terra.

gar@frettabladid.is

das

SJÓMANNADAGURINN

Rannsóknarsjóður Hrafnistu

auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna verkefna tengdum öldrunarmálum

Umsóknarfrestur er til 20. desember 2020
og skulu umsóknir sendar á netfangið
rannsoknarsjodur@hrafnista.is

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna
á heimasíðu Hrafnistu, **www.hrafnista.is**
eða hjá gæðastjóra Hrafnistu,
Nönnu G. Sigurðardóttur í síma 585 9402.

Stjórn Rannsóknarsjóðs Hrafnistu

Faraldurinn haft meiri áhrif á konur

JAFNRÉTTISMÁL Heimsþingi kvenleiðtoga, sem haldið er í Hörpu með fjarfundarbúnaði, lýkur í dag. Á sjöunda hundrað manns hafa talað á þinginu, þar á meðal Hillary Clinton, Melinda Gates og Erna Solberg. Hin þýska Silvana Koch-Mehrin, stofnandi Samtaka þingkvenna, sem setti þingið ásamt Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi ráðherra, segir að heimsfaraldurinn hafi vitaskuld verið helsta umræðuefnið. „Við verðum þó að muna að aðrir hlutir eru að gerast á þessu ári sem ekki má gleyma," segir hún.

Silvana bendir á að rannsóknir sýni að löndum, þar sem konur eru við stjórnvölinn, hafi gengið betur að takast á við faraldurinn. Þetta sé hugsanlega falið í því að konur séu viljugri til samstarfs við aðra. Aðeins 7 prósent landa séu þó með kvenleiðtoga.

„Faraldurinn hefur meiri áhrif á konur en karla," segir Silvana. „Kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi hefur rokið upp, sér í lagi þegar þurft hefur að setja á útgöngubann. Heilbrigðiskerfin starfa á brúninni sem hefur valdið hárri dánartíðni hjá barnshafandi konum og ungbörnum og konur missa störf sín í meira mæli en karlar þar sem þær eru frekar í þjónustustörfum."

> **Í popúlisma ríkir hugmyndafræði hins sterka karlmanns.**
>
> Silvana Koch-Mehrin, stofnandi Samtaka þingkvenna

Aðspurð um fjölgun kvenna í leiðtogastöðum segir Silvana hana hafa verið mjög hæga á undanförnum árum. Með sama áframhaldi taki það 200 ár að ná jöfnu hlutfalli á þjóðþingum.

Ein af ástæðunum fyrir þessum hægagangi sé uppgangur popúlisma í heiminum. Sem sést hefur meðal annars í Bandaríkjunum undir Trump, Brasilíu Bolsonaro, Filippseyjum Duterte og víða í Austur-Evrópu. „Í popúlisma ríkir hugmyndafræði hins sterka karlmanns," segir Silvana. „Að svona eigi leiðtogi að líta út. Popúlismi byggir á að sigta út ákveðinn hóp fólks og minnka réttindi hans. Þar sem fjölbreytileikanum er hafnað óttast konur að missa þau réttindi sem þær hafa öðlast."

Má nefna nýlegan dóm í Póllandi um skerðingu á réttinum til þungunarrofs. Silvana segir að sums staðar sé eignarréttur kvenna og giftingarfrelsi í hættu.

Annað sem skeði nýlega var kjör Kamölu Harris sem varaforseta Bandaríkjanna. Silvana segir þetta sögulegan viðburð. „Við höfum lengi sagt að þú getir orðið það sem þú sérð. Að hafa hana í þessu embætti, sýnilega um allan heiminn, mun breyta orðræðunni um hvernig leiðtogi á að líta út," segir hún.

Silvana segir fyrirmyndir afar mikilvægar til að fá ungar konur til að velja stjórnmál sem framtíðar starfsvettvang. Hún nefnir Ísland og Vigdísi Finnbogadóttur í því samhengi. Einnig skipti aðstæðurnar miklu máli, hvort ákvarðanir séu gagnsæjar eða ekki. **– khg**

AÐEINS Í DAG

11.11

SINGLE'S DAY

20-50%

AFSLÁTTUR

FRÍTT HEIM EF KEYPT ER FYRIR MEIRA EN 15.000 KR.

GERÐU FRÁBÆR KAUP Í DAG

AÐ EINS Í VEFVERSLUN OKKAR Á VOGUE.IS

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Slátra um 2.500 kindum í Tröllaskagahólfi vegna riðu.

Öllu fé lógað vegna komu aðkomuhrúts

SKAGAFJÖRÐUR Landbúnaðarnefnd Skagafjarðar lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála eftir að riða greindist á fjórum bæjum í Tröllaskagahólfi og segir tímabært að endurskoða starf hér á landi er varðar riðuvarnir.

Fram kemur í fundargerð nefndarinnar að áhersla sé lögð á beitingu meðalhófs í aðgerðum gegn riðu þannig að íþyngjandi aðgerðum sé aðeins beitt ef markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti.

„Á einu býlanna sem um ræðir greindist ekki riða í þeim 161 grip sem hefur verið lógað af viðkomandi býli vegna tengsla við aðkomuhrút sem dvaldist á býlinu um skemmri tíma, jafnvel þótt tekin hafi verið sýni úr bæði heilavef og eitlum gripanna," segir í fundargerðinni en hrúturinn sem um ræðir var á býlinu vegna afkvæmarannsókna fyrir sæðingarstöðvar. **– fbl**

Sjö handteknir vegna fjársvika

LÖGREGLUMÁL Sjö erlendir ríkisborgarar voru handteknir í síðustu viku í tengslum við rannsókn á umfangsmiklu máli sem snýr að meintum fjársvikum og peningafölsun. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur að um skipulagða brotastarfsemi sé að ræða.

Ráðist hefur verið í tvær húsleitir í þágu rannsóknarinnar. Grunur er um að hópurinn hafi framvísað fölsuðum peningaseðlum í allmörg skipti og einnig svikið út peninga með því að komast yfir greiðslukort og PIN-númer hjá viðskiptavinum öldurhúsa. **– mhj**

Mikilvægt að fæðingarorlofið verði ávallt óframseljanlegt

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, doktor í félagsráðgjöf, segir fyrirhugaðar breytingar á lögum um fæðingarorlof jákvæðar, ekki sé sjálfsagt mál að feður taki fæðingarorlof. Hún segir að með breytingum árið 2000 hafi þátttaka feðra í umönnun barna aukist og að sömu sögu megi segja um atvinnuþátttöku mæðra.

SAMFÉLAG „Þetta er vissulega róttæk löggjöf en við megum ekki gleyma því að löggjöfin sem var sett á árið 2000 þótti líka mjög róttæk þá en í dag þykir okkur hún mjög eðlileg," segir Ásdís Aðalbjörg Arnalds, doktor í félagsráðgjöf, um breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um fæðingarorlof. Til stendur að lengja fæðingarorlof úr níu mánuðum í tólf um áramót, lagt er til að orlofinu verði skipt þannig að hvort foreldri um sig fái sex mánuði en að heimilt verði að framselja einn mánuð til hvors annars.

Ásdís varði fyrir helgi doktorsvörn sína í félagsráðgjöf en í rannsóknum sínum fjallar hún um áhrif íslensku fæðingarorlofslöggjafarinnar á atvinnuþátttöku foreldra og umönnun barna. Hún segir að með þeim breytingum sem tóku gildi árið 2000, þar sem fæðingarorlof var lengt í níu mánuði og óframseljanlegur réttur beggja foreldra varð þrír mánuðir, hafi þátttaka feðra í umönnun barna aukist verulega.

„Við sjáum það að feður hafa verið að nýta orlofsrétt sinn og á sama tíma hefur þátttaka þeirra í umönnun barna þeirra aukist mikið, allt að þremur árum eftir fæðingu," segir Ásdís. „Það er mjög mikilvægt að hafa orlofið óframseljanlegt vegna þess að feður hafa akkúrat verið að nýta þessa þrjá mánuði sem ekki er hægt að færa yfir á móðurina," bætir hún við.

Hún segir að þegar löggjöfin tók gildi fyrir tuttugu árum síðan hafi það skyndilega þótt eðlilegt að feður önnuðust börnin sín í meira mæli en áður. „Það fóru að sjást feður með barnavagna um allan bæ og samfélagslegu áhrifin urðu greinileg," segir Ásdís.

Þá segir hún að áhrifin sem breytingarnar á fæðingarorlofslöggjöfinni hafi haft á atvinnuþátttöku foreldra séu einnig greinileg. „Við sjáum að eftir að lögin tóku gildi eru feður að vinna minna, en mæður aftur á móti meira," segir hún.

Ásdís bendir á að með breytingunum um aldamótin hafi þátttaka feðra aukist mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Það er mjög mikilvægt að hafa orlofið óframseljanlegt vegna þess að feður hafa akkúrat verið að nýta þessa þrjá mánuði sem ekki er hægt að færa yfir á móðurina**
>
> Ásdís Aðalbjörg Arnalds, doktor í félagsráðgjöf

„Við sjáum það líka að mæður eru að hverfa aftur til sams konar starfshlutfalls eftir fæðingu og þær voru í fyrir fæðingu," segir Ásdís og bætir við að áður en breytingarnar tóku gildi hafi mæður í mörgum tilfellum horfið af vinnumarkaði eftir fæðingu barns.

Ásdís segir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru um áramótin jákvæðar. „Við teljum okkur búa í jafnréttisþjóðfélagi og að við séum orðin það jafnréttissinnuð að það þyki sjálfsagt mál að feður taki fæðingarorlof en við sjáum það í löndunum í kringum okkur að ef við myndum gefa þetta frjálst þá myndu feður taka minna orlof," útskýrir hún og tekur dæmi frá Noregi.

„Þar var sjálfstæður réttur feðra fjórtán vikur og þeir nýttu sér þann rétt, svo var hann minnkaður í tíu vikur og þá drógu þeir úr sinni orlofstöku. Það varð bakslag við það að minnka sjálfstæðan rétt," segir Ásdís.

Hún segir einnig mikilvægt að senda þau skilaboð út í atvinnulífið að eðlilegt sé að bæði mæður og feður hverfi af vinnumarkaði í sex mánuði til að annast barnið sitt, þá sé mikilvægt að fæðingarorlofsgreiðslur séu tekjutengdar. „Svo má ekki gleyma því að með þessum breytingum er verið að lengja fæðingarorlofið, sem er jákvætt."

birnadrofn@frettabladid.is

Lýstu andlátum sem aldrei voru rannsökuð

HEILBRIGÐISMÁL Veikt fólk sem dvaldi á vistheimilinu Arnarholti á Kjalarnesi til ársins 1971 var sett í einangrun í litlum fangaklefa vikum saman. Þetta kemur fram í vitnaleiðslum sem greint var fyrst frá í kvöldfréttum RÚV í gær.

Í vitnaleiðslunum lýsti starfsfólk órannsökuðum andlátum vistmanna og vanrækslu sem leiddi til andláts. Nefnd sem skipuð var af borgarstjórn til að rannsaka málið komst að þeirri niðurstöðu að engra aðgerða væri þörf á heimilinu. Fram kemur í vitnisburði stjórnenda að aðstæður hefðu farið batnandi.

Þrátt fyrir niðurstöðu nefndarinnar var ákveðið á lokuðum fundi borgarstjórnar að vistheimilið yrði hluti af geðdeild Borgarspítalans.

Fram kemur í gögnunum að heimilismönnum hefði verið refsað með því að láta þá í „selluna", steinsteyptan einangrunarklefa með járnrimlum og litlum glugga undir lofti. Ein versta frásögnin snýr að tvítugum manni með þroska á við átta ára barn sem settur var þangað inn í nokkrar vikur fyrir að strjúka til móður sinnar.

Hætt var að nota Arnarholt sem heilbrigðisstofnun árið 2005. **– ab**

Múrarar, flúrarar, ferðalangar
þurfa flísteppi, úlpu og vettlingapar.
Brandenburg | sía
Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til
þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit.
Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða.
Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.
ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Opin fyrir möguleikum

HEILBRIGÐISMÁL Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segist opin fyrir möguleikanum að hleypa fleiri aðilum að borðinu við framkvæmd valkvæðra aðgerða hérlendis. Þetta kom fram á opnum fundi velferðarnefndar Alþingis, um stöðuna á Landspítalanum, í gær.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá nýverið hefur verið lokað fyrir allar valkvæðar aðgerðir sem krefjast svæfingar nú í þriðju bylgju faraldursins til að tryggja að þær valdi ekki álagi á Landspítalanum. Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Orkuhússins, sagði að ekki hafi verið sýnt fram á gögn um nauðsyn þess að loka á aðgerðirnar.

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

Landlæknir lagði það til við ráðherra að frá og með deginum í dag megi byrja aftur að framkvæma valkvæðar skurðaðgerðir.

Guðmundur Ingi Kristjánsson, þingmaður í Flokki fólksins, spurði á fundinum hvort það væri ekki rétt að virkja sjálfstætt starfandi heilbrigðisstofnanir.

Svandís svaraði því að hægt væri að koma fleiri aðilum að borðinu en nefndi Heilbrigðisstofnun Vesturlands í því samhengi fremur en sjálfstætt starfandi aðila.

„Hér er spurt um hvort við getum ekki nýtt fleiri aðila til að vinna upp biðlistana og því er til að svara: Auðvitað getum við það og auðvitað eigum við að gera það, þegar við erum komin með spítalann aftur í gang. Þá getum við skoðað þetta umhverfi allt saman, í ljósi þeirrar stöðu sem upp hefur komið," sagði Svandís. – **mhj**

Engar sprengjur eftir á eyjunum

BRETLAND Falklandseyjar eru nú lausar við jarðsprengjur eftir að átaki til að fjarlægja þær lauk eftir meira en áratug.

Fram kemur í tilkynningu stjórnvalda að verkið sé þremur árum á undan áætlun. Sprengjurnar voru lagðar í Falklandseyjastríðinu árið 1982 og hafa því verið til staðar á eyjunni í nær 40 ár.

Í kjölfar áfangans verða viðvörunarskilti og girðingar sem hafa verið einkennandi á eyjunum frá því að átökunum lauk fjarlægðar við formlega athöfn. – **atv**

Ótti við að Trump valdi usla á næstu tveimur mánuðum

Eftir brottrekstur varnarmálaráðherrans Mark Esper óttast margir að Trump muni skapa mikinn usla þangað til Joe Biden tekur við völdum í janúar. Meðal annars með brottrekstri yfirmanna stofnana og afdrifaríkum ákvörðunum í utanríkismálum. Er talið að höfuðlausar stofnanir muni skapa ringulreið.



Donald Trump hefur verið lítt sýnilegur undanfarna daga og haldið til í Hvíta húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

BANDARÍKIN Donald Trump fráfarandi Bandaríkjaforseti er þegar byrjaður að skapa usla innan stjórnkerfisins. Á mánudag rak hann varnarmálaráðherra sinn, Mark Esper, og marga grunar að fleiri hausar munu fjúka á komandi dögum. Þar á meðal Christopher Wray, yfirmaður alríkislögreglunnar FBI, og Gina Haspel, yfirmaður leyniþjónustunnar CIA. Með því að taka höfuðin af mörgum helstu stofnunum skapist ringulreið í upphafi valdatíðar Joes Biden.

Einnig hefur stjórnarskiptateymi Joe Biden ekki fengið fjármagn frá GSA, stoðþjónustu alríkisins, og heldur ekki aðgang að Hvíta húsinu og öðrum stofnunum eins og vaninn er í stjórnarskiptum.

Þá óttast skýrendur að Trump muni raska utanríkismálum áður en hann yfirgefur forsetastólinn. Meðal annars með því að kalla alla hermenn heim frá Afganistan, sem eru um 8.600 talsins, setja harðari viðskiptaþvinganir á Íran og draga Bandaríkin út úr afvopnunarsamningi við Rússland.

Flestir þingmenn Repúblikana hafa verið þöglir undanfarna daga og fáir óskað Biden til hamingju með sigurinn. Þeirra fremstur í flokki fer þó Mitt Romney, sem sjálfur bauð sig fram til forseta árið 2012, og Lisa Murkowski, frá Alaska sem áður hefur gagnrýnt Trump.

Sem merki um það hversu undir hælnum forysta flokksins er má nefna að dómsmálaráðherrann William Barr hefur heimilað ríkissaksóknara að rannsaka hugsanleg kosningasvik á alríkisstiginu. Hingað til hafa lögsóknir innan fylkja skilað Trump litlu og flestum verið vísað frá um hæl vegna skorts á gögnum.

Setti Barr þó þann fyrirvara að aðeins ætti að kanna ásakanir sem eitthvað væri hæft í, en láta langsóttar kenningar eiga sig. Þetta olli þó því að Richard Pilger, helsti saksóknari á sviði kosningaréttar, sagði starfi sínu lausu um leið og hann fékk minnisblaðið.

Lítið hefur farið fyrir Trump sjálfum síðan hann sást á golfvellinum um helgina. Hann heldur til í Hvíta húsinu og hafa flestir gefið það upp á bátinn að hann játi sig sigraðan. Þess í stað er talið að hann kunni að skipuleggja fjöldafundi í nóvember og desember, líkt og í kosningabaráttunni, til þess að halda stuðningsmönnum sínum við efnið á meðan málaferli standi yfir.

Vandamál Trumps er að það myndi ekki duga að ná að snúa niðurstöðum eins fylkis við, heldur þyrfti fleiri til og þar af leiðandi yrði að sýna fram á víðtækt samsæri. Sá málstaður veikist í ljósi þess að margir Repúblikanar unnu góða sigra í báðum þingdeildum. Þá er munurinn það mikill á atkvæðum

> **Stoðþjónusta alríkisins hefur ekki veitt stjórnarskiptateymi Joe Biden fjármagn og aðgang að stofnunum.**

að endurtalning, í Georgíu og hugsanlega Wisconsin, myndi að öllum líkindum engu breyta.

Enn stendur yfir talning á vafaatkvæðum og fjögur fylki eru enn óráðin. Biden hefur forystu í Georgíu og Arisóna en Trump í Norður-Karólínu og Alaska. Fylkin hafa frest til 8. desember til að útkljá deilur um atkvæði og endurtelja sé þess þörf. Kjörmennirnir hittast síðan 14. desember.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Heimsmetsferð í gegnum logandi göng

INDLAND Hvirfilbyljirnir, mótorhjólasýningateymi indverska hersins, slógu í gær heimsmet fyrir lengstu ferð á mótorhjóli í gegnum logandi göng.

Shivam Singh, fyrirliði teymisins, ók 127 metra á mótorhjóli í gegnum logandi göng á æfingasvæði hersins við höfuðborgina Bangalore. Heimsmetshafinn kom alelda út úr göngunum og eftir að slökkt hafði verið í honum var honum ekið beint á sjúkrahús.

Singh hlaut aðeins minni háttar brunasár við tilraunina en hann klæddist eldvörðum hlífðarfatnaði. Hjólið sem hann ók gjöreyðilagðist.

Fyrri methafar voru Suður-Afríkumennirnir Enrico Schoeman og André De Kock.

Hvirfilbyljirnir voru stofnaðir árið 1982 og draga nafn sitt af glæfralegu athæfi sínu. Þeir hafa sett upp fleiri en eitt þúsund sýningar innan og utan Indlands.

Shivam var alelda, en hlaut aðeins minni háttar brunasár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> **Shivam Singh ók 127 metra á mótorhjóli í gegnum logandi göng á æfingasvæði hersins við höfuðborgina Bangalore.**

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem teymið setur heimsmet, en árið 2017 komu þeir 58 manns upp á eitt 500 cc Royal Enfield-mótorhjól og keyrðu það 1.200 metra og slógu þar fyrra heimsmet indverska hersins sem var 56 manns. – **atv**

Skilaboðin sem áttu að berast 1916.

Fundu skilaboð bréfdúfu úr fyrra stríði

FRAKKLAND Skilaboð sem skrifuð voru af hermanni í fyrri heimsstyrjöldinni og varðveittust í bréfdúfuhylki fundust óvænt á dögunum.

Hjón í göngutúr á akri í Ingersfield í Frakklandi í septembermánuði komu auga á hylkið og sendu það til Linge-stríðsminjasafnsins við Orbey.

AFP-fréttastofan hefur eftir safnstjóra Linge að fundur sem þessi sé afar sjaldgæfur. Skilaboðin eru á þýsku, skrifuð af prússneskum fótgönguliða í Ingersheim sem var á þeim tíma hluti af Prússlandi en tilheyrir nú Grand Est héraðinu í Frakklandi.

Þótt bréfið sé einkar vel varðveitt er skriftin er illa læsileg og er dagsetning bréfsins annað hvort 1910 eða 1916. Þar lýsir fótgönguliðinn hernaðaraðgerðum til yfirmanns síns:

„Potthof-hersveitin verður fyrir skothríð þar sem hún nálgast vestari hluta vallarins, Potthof-sveitin skýtur til baka og hörfar. Í Fechtwald var hálf hersveit gerð óvirk. Potthof-sveitin hörfar eftir mikið mannfall.“

Bréfið verður nú til sýnis á Lingesafninu. **– atv**

Brasilía hættir CoronaVac-prófunum

BRASILÍA Tilraunum á kínverska COVID-19-bóluefninu CoronaVac í Brasilíu hefur verið hætt vegna alvarlegra neikvæðra áhrifa á þátttakanda.

Kínverska lyfjafyrirtækið Sinovac Biotech framleiðir bóluefnið og hefur sent það til prófana á lokastigi í löndum á borð við Brasilíu, Tyrkland og Indónesíu.

Brasilísk heilbrigðisyfirvöld greindu frá því að prófanir hafi verið stöðvaðar vegna alvarlegs atviks sem kom upp 29. október. Þau gáfu ekki upp nánari upplýsingar sökum þess að trúnaði bæri að gæta vegna alvarleika málsins.

» Yfirvöld í Brasilíu segja að prófanir hafi verið stöðvaðar vegna alvarlegs atviks í október.

Formaður Butanan-stofnunarinnar í Brasilíu sem sá um prófanirnar sagði þær ekki hafa haft nein neikvæð áhrif. Stofnunin, sem hafi verið að prófa bóluefnið á um tíu þúsund þátttakendum, hafi ekki verið með í ráðum um stöðvun á tilraununum. Þá segjast forsvarsmenn Sinovac hafa fullt traust á öryggi lyfsins.

Í Brasilíu hefur CoronaVac verið pólitískt deiluefni forsetans Jair Bolsonaro og helsta andstæðings hans, João Doria fylkisstjóra í Sao Paulo. Doria hefur verið ötull talsmaður lyfsins í Brasilíu en Bolsonaro hefur sagst hafa lítið álit á því. Í Facebook-færslu í gær lýsti Bolsonaro stöðvun á prófun lyfsins sem persónulegum sigri yfir Doria. **– atv**

Armenía og Aserbaídsjan semja um frið

NAGORNÓ-KARABAK Armenía og Aserbaídsjan hafa samið um frið í fjallahéraðinu Nagornó-Karabak. Verður héraðið nú undir stjórn Asera. Rússar höfðu milligöngu um samkomulagið. Átökin hafa staðið yfir frá því í lok september. Talið er að þúsundir liggi í valnum.

Nikol Pashinyan, forsætisráðherra Armeníu, tilkynnti um samkomulagið nokkrum klukkutímum eftir að Aserar sögðust hafa náð borginni Shusha. Borgin er aðeins í nokkurra kílómetra fjarlægð frá Stepanakert, höfuðborg héraðsins.

Mikil fagnaðarlæti voru í Bakú í gær.

Til hamingju allir Aserar!

Ilham Aliyev, forseti Aserbaídsjan

„Ég tók erfiða ákvörðun, mjög erfiða ákvörðun fyrir mig og okkur öll,“ sagði Pashinyan í færslu á Facebook. Ilham Aliyev, forseti Aserbaídsjan, var hins vegar glaður í bragði og sagði við blaðamenn að „öllu okkar svæði verður skilað án frekari blóðsúthellinga“. „Í dag skrifa ég undir þetta samkomulag með stolti. Til hamingju allir Aserar!“

Mótmælendur fjölmenntu í Jerevan skömmu eftir að samkomulagið var undirritað og fordæmdu stjórnvöld vegna ákvörðunarinnar. Nokkrir mótmælendur brutust inn í þingsal armenska þingsins. Þá réðust nokkrir inn í stjórnarráðið í leit að Pashinyan. Samkvæmt AFP gerði lögreglan lítið til að stöðva mótmælendur. Á sama tíma voru fagnaðarlæti í Bakú, höfuðborg Aserbaídsjan. **– ab**

100 ÁRA 1920-2020

Aðeins í dag

11.11

20% afsláttur

af stórum og smáum heimilistækjum.
Gildir **eingöngu í vefverslun** okkar
á **sminor.is** með afsláttarkóðanum: **1111**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Fimm ára ábyrgð fylgir stórum heimilistækjum frá Siemens, Bosch og Gaggenau hjá Smith & Norland, að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á heimasíðu okkar.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Mórumál

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Sauðfjárbændur á Norðurlandi eiga um sárt að binda vegna riðu í sauðfé. Búið er að skera niður allt fé frá tveimur bæjum í Tröllaskagahólfi og niðurskurður á fleiri bæjum er áformaður. Ekki er unnt að greina fjölmiðlum frá tímasetningu þeirra aðgerða vegna þess hve ónærgætnir þeir eru í garð sauðfjárbænda. Héraðsdýralæknirinn er orðinn „frekar þreyttur á öllu þessu tillitsleysi," eins og hann sagði í viðtali við Fréttablaðið á sunnudaginn um leið og hann brýndi fyrir fjölmiðlafólki að staldra við og hugleiða hvaða afleiðingar myndbirtingar og umfjöllun geti haft á fólk.

Engum getur dulist áfallið sem felst í því að horfa upp á fé sitt fellt og mikið starf verða að engu. Færsla eins bónda á Facebook um heimalninginn Móru hreyfði við mörgum enda augljóst hve miður sín bóndinn varð við að sjá mynd af Móru bregða fyrir í kvöldfréttum Stöðvar 2, innan um plastpoka og annað rusl, á leið í bræðsluofninn. Bóndinn reiddist fréttastofunni og spurði hvort þetta væri í alvöru nauðsynlegt.

Þótt tilfinningar bóndans séu skiljanlegar, er ólíklegt að beiðni hennar og dýralæknisins verði tekin til greina og beinlínis óæskilegt að það verði gert. Það er hlutverk fjölmiðla að fjalla um þau mál og atburði sem verða í samfélaginu okkar. Það hlutverk eiga fjölmiðlar að rækja af heiðarleika og á eins skýran hátt og unnt er með þjónustu við borgarana í fyrirrúmi.

Allir sem á annað borð fylgjast með fréttum þekkja mikilvægi myndefnis í fréttaflutningi. Þegar við hugsum til baka til 11. september 2001, hlýtur okkur öllum að bera saman um hvað kemur upp í hugann. Það eru hvorki fyrirsagnir dagblaða né orð fréttaritara. Það eru myndir af flugvélum fljúga inn í World Trade Center og raunverulegt fólk að kasta sér úr brennandi skýjakljúfunum.

Þegar við hugsum um hrakninga fólks undan stríði í Sýrlandi hugsum við til hins þriggja ára Alyan Kurdi, sem drukknaði við strendur Grikklands árið 2015. Myndin af honum er í senn sérandi og hræðileg en um leið mikilvæg áminning um hrikalegan vanda. Með texta einum saman getur blaðamaður seint sagt sögu hans og milljóna annarra svo allir skilji.

Myndir eru mikilvægur þáttur í fréttaflutningi. Þeim er ætlað að bæta við og vera til fyllingar hverri umfjöllun og veita lesandanum og áhorfandanum fyllri mynd af því sem er að frétta.

Því er stundum haldið fram, og stundum í því skyni að grafa undan frjálsum fjölmiðlum, að fólk sem þar starfar sé tillitslausara en annað fólk. Hið rétta er að langflest fjölmiðlafólk starfar af hugsjón og af þeim einlæga ásetningi að koma réttum og skýrum upplýsingum til borgaranna. Þau sem starfa í þessu fagi tengjast viðfangsefnum sínum oft sterkum böndum og rétt eins bóndinn grætur í sínu starfi gráta blaðamenn í sínu.

Viðfangsefni fjölmiðlanna; raunveruleikinn sjálfur, er hins vegar ekki alltaf sanngjarn og heimurinn oftar en ekki vondur. En það er ekki blaðamönnum að kenna, þótt þeir fari með hlutverk sendiboðans.

Rétt eins bóndinn grætur í sínu starfi gráta blaðamenn í sínu.

Halldór

Frá degi til dags

Bannárin

Það er bannað að fara í klippingu. En það sést vel um þessar mundir hverjir hafa sambönd og hverjir ekki. Ef lýsa ætti hversu vel fólk er til haft til hársins mætti líkja því við gólftusku sem hefur þornað úti í horni. Langsamlega flestir eru úr sér sprottnir eins og síðsumars rabarbari eða graslaukur í beði. En það eru einhverjir sem greinilega hafa sambönd og eru eins og nýtilhöfð Barbídúkka til hársins og þá er Ken tekinn með í jöfnuna. Tengsl við hármenntaða nú á tímum eru jafnvel enn eftirsóttari en við sprúttsala á bannárunum.

Ringluð jól

Það má með sanni segja að það gæti orðið erfitt að halda jólin þetta árið ef ekki tekst að koma böndum á faraldurinn. Eru nú hugmyndir á lofti um að skipta þjóðfélaginu upp í tvo hópa, líkt og stórir vinnustaðir hafa gert. Allir með afmælisdag sem endar á oddatölu taka upp júlíanska tímatalið 1. desember, fara þeir þá aftur í tímann til 17. nóvember og halda þar áfram eins og ekkert hafi í skorist. Restin heldur áfram í gregoríanska tímatalinu. Svo skiptum við aftur 1. febrúar á næsta ári. Þar sem allir verða svo ringlaðir þá opnast dyr til að breyta klukkunni að vild.

arib@frettabladid.is

Farvegur frumkvæðis

Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Reglulega berast ábendingar um óvinveitt rekstrarumhverfi í Reykjavík. Stjórnsýslan sé óaðgengileg, reglur óskýrar og umsóknarferli flókin. Ábendingarnar eru réttmætar og við þeim þarf að bregðast. Það er ólíðandi þegar opinber kerfi hafa hamlandi áhrif á frumkvæði og framtak. Í nýjustu útgáfu Samtaka atvinnulífsins er undirstrikað hvernig óþarflega íþyngjandi regluverk getur dregið úr hvata til atvinnustarfsemi og skert samkeppnishæfni. Ryðja þurfi úr vegi hvers kyns hindrunum sem haft geta hamlandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi. Nú sem aldrei fyrr sé mikilvægt að tryggja þeim sem vinna að verðmætasköpun, sveigjanleika og hagstæð skilyrði til árangurs.

Óhætt er að taka undir sjónarmið samtakanna. Ekki síst hvað varðar umsóknir um rekstrarleyfi í Reykjavík. Stofnun leyfisskyldrar starfsemi reynist mörgum þungur róður og leitin að upplýsingum hálfgert völundarhús. Mikilvægt er að tryggja einfalt regluverk og sveigjanlegt kerfi, ekki síst við núverandi efnahagsaðstæður. Ryðja þarf farveg frumkvæðis í Reykjavík.

Sem viðbragð við þessari stöðu hefur undirritað lagt fram tillögu í skipulagsráði um einföldun og rafvæðingu leyfisumsókna í Reykjavík. Tillagan gerir ráð fyrir að einfalda þurfi allar leikreglur fyrir þá sem vilja hefja leyfisskylda starfsemi. Gera þurfi tæmandi lista yfir þau skilyrði sem uppfylla þarf svo starfsemi geti hlotið rekstrar- eða tækifærisleyfi. Umsóknarferli og undirskriftir þurfi svo að rafvæða að fullu, ásamt leyfisveitingunum. Stjórnsýslan eigi að vera til taks fyrir þá sem vilja sækja fram. Tillagan hefur ekki hlotið afgreiðslu.

Í útgáfu sinni taka Samtök atvinnulífsins undir þessi sjónarmið: „Tafir á afgreiðslu mála og óaðgengilegar reglur hafa reynst fjölda atvinnurekenda í borginni fjötur um fót og valdið íþyngjandi fjármagnskostnaði. Samtök atvinnulífsins hvetja Reykjavíkurborg til að tryggja betri jarðveg fyrir framfarir og verðmætasköpun í höfuðborginni. Einfalda þarf alla stjórnsýslu, fækka skrefum vegna leyfisveitinga og tryggja að umsóknarferli verði að fullu rafræn."

Við verðum að tryggja betri jarðveg fyrir framfarir og verðmætasköpun. Frumkvæði og framtak verða ávallt að eiga öruggan farveg í Reykjavík.

Það er ólíðandi þegar opinber kerfi hafa hamlandi áhrif á frumkvæði og framtak.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Bakslag í jafnréttisbaráttunni?

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
þingmaður Viðreisnar

Sem móðir þriggja barna er ég í hópi foreldra sem upplifa aukið álag heima á tímum faraldursins. Allir eru meira heima, skóli ýmist í fjarnámi eða skóladagurinn skertur og allar tómstundir hættar. Á sama tíma situr mamma á fjarfundum í eldhúsinu. Vinna við að skipuleggja daglegan veruleika barna er minni, skutlið farið og allt utanaðkomandi álag er léttara en verkefnin heima eru þyngri. Sóttvarnayfirvöld hafa lagt sig fram um að skólarnir fái að starfa og fyrir það er ég, eins og flestir foreldrar, þakklát. Það bætir líðan barna og auðveldar líf foreldra ungra barna. Allar mælingar á hinu ólaunaða starfi heima segja okkur að enn er það svo að fleiri verk á heimilinu eru unnin af konum. Þetta á vitaskuld ekki við um öll heimili og ég trúi því að hér hafi orðið góðar breytingar. En þessi staða er hluti af því bakslagi sem teikn eru á lofti um að hafi orðið.

Hættir ofbeldi eftir COVID?

Í gær tók ég þátt í pallborði, inni í eldhúsi, á ráðstefnunni Reykjavík Global Forum – Women Leaders þar sem umfjöllunarefnið var áhrif COVID-19 á jafnréttisbaráttuna. Stutta svarið er að staðan vegna heimsfaraldursins hefur bein og óbein áhrif á stöðu kvenna. Staða kvenna er vitaskuld ólík og viðkvæmir hópar standa veikar en aðrir. Efnahagskreppan er til dæmis talin verða þess valdandi að 47 milljón fleiri konur muni enda í sárafátækt fyrir 2021.

Áður en ég tók sæti á þingi vann ég sem saksóknari hjá ríkissaksóknara. Þar var ég aðallega með kynferðisbrotamál til meðferðar. Í starfinu varð ég meðvituð um að heimilið er sumum konum enginn griðastaður, heldur beinlínis hættustaður. Og konur verða núna fyrir meira ofbeldi einfaldlega vegna þess að þær eru meira heima. Í umræðunni er þetta ofbeldi svo samtvinnað COVID-19 að það er hætta á að einhverjir haldi að eftir heimsfaraldurinn muni þessi vandi bara hverfa. Ofbeldi inni á heimilum varð ekki til vegna COVID-19 heldur er aðeins að aukast vegna ástandsins. Er gefið að maður sem beitir konu sína ofbeldi muni hætta við það eitt að það kemst betri regla á vinnuna hans? Ég hef ekki sterka sannfæringu fyrir því.

Ísland, best í heimi?

Ísland trónir efst á lista Alþjóðaefnahagsráðsins, World Economic Forum, um kynjajafnrétti. Það höfum við gert í rúman áratug. Af því getum við verið stolt. Þessi staða getur hins vegar leitt til að einhverjir trúi því að við séum komin í höfn. Ég var í hópi þeirra sem táruðust við að sjá Kamala Harris á sviði sem væntanlegan varaforseta Bandaríkjanna. Íslenskir heimsmeistarar í jafnrétti hafa samt bara upplifað konu sem forseta einu sinni og forsætisráðherra tvisvar. Enn hefur það aldrei gerst að hlutfall kynja sé jafnt á þingi. Er það tilviljun ein sem veldur því að karlar hafa alltaf í sögu Alþingis verið í meirihluta? Það hafa ekki setið fleiri konur en þrjár í Hæstarétti á meðan dómarar þar voru níu. Oftast hafa þær verið færri. Forstjórar í fyrirtækjum eru í miklum meirihluta karlmenn, þótt við séum með lög um kynjakvóta í stjórnum. Samt komast konur ekki á toppinn.

Staðan á Íslandi er góð í samanburði við önnur ríki. Þessar tölur segja okkur samt að jafnrétti hefur ekki náðst. Og þessi árangur náðist ekki bara með tímanum. Tíminn leiddi okkur ekki hingað. Biðin ekki heldur. Þessum breytingum var náð í gegn með baráttu. Öllum þessum skrefum var mætt með andstöðu. Við höfum sett framsækin lög um fæðingarorlof, lög um jafnlaunavottun og lög um kynjakvóta í stjórnum svo eitthvað sé nefnt. Við erum meðvituð um þýðingu þess að dagvistun sé aðgengileg. Stjórnmálaflokkar sem vilja láta taka sig alvarlega gæta að kynjahlutföllum. Og ég lít á samþykkisregluna sem grundvallarskilaboð um kynfrelsi kvenna.

Stór skref strax

Stjórnvöld einhverra ríkja sæta nú færis og ráðast að konum og réttindum þeirra. Það eru kjöraðstæður til að veikja mannréttindi þegar athyglin er á heimsfaraldri og þungri efnahagskreppu. Konur í Póllandi finna hins vegar að þær eru ekki einar í baráttunni. Við stöndum með þeim. En hvað ættu stjórnmálamenn að gera þegar viðvörunarljós blikka á heimsvísu hvað varðar stöðu kvenna? Í hinu norræna samhengi ættum við einfaldlega að byrja á því að vakna. Öll áhersla er eðlilega á efnahagsaðgerðum en það má ekki gleyma hver áhrif jafnréttis eru á samkeppnisstöðu og vaxtarmöguleika. Ríkisstjórnir víða um Evrópu hafa boðað grænar áherslur í efnahagsaðgerðum. Jafnrétti hefur jákvæð áhrif á hagkerfið, á lög og rétt og samfélagið allt. Jafnrétti er samofið efnahagslegri viðreisn. Hluti af því að koma sterk út úr kreppunni er að við tryggjum jafnréttismálin með í efnahagsaðgerðunum. Þar þurfum við að taka stór skref strax.

SINGLES DAY TILBOÐ

Jara er stílhreinn og þægilegur sófi

Jara er nútímalegur þriggja sæta sófi í skandinavískum stíl. Sessurnar eru notalegar, áklæðið mjúkt viðkomu og einstaklega endingargott (100.000 martyndale).



Jara / Með ljósgráu Corsica tauáklæði
Verðlistaverð: 195.000 kr.
Singles day tilboðsverð:
99.900 kr.

vitra.
Trays / Jasper Morrison
Verðlistaverð: 18.900 kr.
Singles day tilboðsverð:
12.900 kr.

vitra.
House Bird - hvítur
Verðlistaverð: 24.900 kr.
Singles day tilboðsverð:
14.900 kr.

Kinnarps
6242 / Kinnarps
Verðlistaverð: 162.375 kr.
Singles day tilboðsverð:
99.900 kr.

FJÖLDI TILBOÐA Á penninn.is/is/singles-day-hd

Opið virka daga 8:00–18:00: Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði // www.penninn.is

PENNINN Húsgögn

Norðurslóðir – sameiginleg ábyrgð okkar

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra
Ann Linde
utanríkisráðherra Svíþjóðar
Pekka Haavisto
utanríkisráðherra Finnlands
Ine Eriksen Søreide
utanríkisráðherra Noregs
Jeppe Kofod
utanríkisráðherra Danmerkur
Jenis av Rana
utanríkisráðherra Færeyja
Steen Lynge
utanríkis- og orkumálaráðherra Grænlands

Í huga margra jarðarbúa er Norðurheimskautssvæðið fjarlægt og afskekkt, framandi vettvangur rannsókna. En á Norðurlöndunum eru margir íbúanna búsettir á norðurslóðum. Þar er einnig að finna hátækniiðnað og öflugan sjávarútveg, auk líflegra háskólastofnana. Við þurfum að beina sjónum að samfélögum á norðurslóðum og hvernig bregðast megi við umhverfisógnum af völdum loftslagsbreytinga og aukinnar umferðar á svæðinu – með hagsmuni og velferð íbúanna að leiðarljósi.

Til samans mynda konungsríkið Danmörk (þ.e. Grænland, Færeyjar og Danmörk), Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð hinn norræna hluta norðurslóða. Málefni svæðisins eru mikilvægur hluti af náinni samvinnu Norðurlandanna, sem eru öll aðilar að Norðurskautsráðinu.

Alþjóðlegur áhugi á norðurslóðum fer vaxandi vegna áhrifa loftslagsbreytinga og mögulegra efnahagstækifæra á svæðinu. Jafnframt hefur aukin spenna á alþjóðavettvangi sett mark sitt á öryggisumhverfið. Nú þegar blikur eru á lofti viljum við undirstrika að það er ekkert lögfræðilegt tómarúm á norðurslóðum. Málefni svæðisins lúta alþjóðalögum og þar gildir hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Nauðsynlegt stofnanaverk er til staðar, með Norðurskautsráðið í öndvegi, og við teljum ekki þörf á neinum nýjum stofnunum.

Norðurlöndin hafa mikilvægu hlutverki að gegna á norðurslóðum. Við aðhyllumst sameiginleg grunngildi með áherslu á virðingu fyrir lögum, lýðræði, mannréttindi, gegnsæi, jafnrétti, velferð, sjálfbærni og umhverfisvernd. Þessi gildi höfum við líka að leiðarljósi í nálgun okkar á norðurslóðum.

Alls staðar á Norðurlöndunum er nú unnið að endurskoðun á stefnu hvers ríkis um sig í málefnum norðurslóða, með það að markmiði að gera okkur betur í stakk búin að mæta núverandi og komandi áskorunum. Við viljum einnig efla norræna samvinnu um málefni svæðisins, til hagsbóta fyrir íbúana, stöðugleika, loftslag og umhverfi.

Fólkið á norðurslóðum

Á Norðurheimskautssvæðinu búa um fjórar milljónir manna, þar á meðal frumbyggjar. Við stefnumótun þurfa íbúar norðurslóða og velferð þeirra að vera í forgrunni.

Sjálfbær efnahagsþróun er undirstaða velmegunar. Í því samhengi er mikilvægt að bæta tækifæri ungs fólks til menntunar og styrkja fjarskiptainnviði á norðurslóðum.

Lítil og afskekkt samfélög á svæðinu eru sérstaklega berskjölduð gagnvart ógnum á borð við kórónaveirufaraldurinn. Setja þarf lýðheilsumál í forgang á vettvangi Norðurskautsráðsins og í norðurslóðasamvinnu almennt. Bæta þarf getu til að takast á við farsóttir og styrkja viðnámsþol samfélaga.

Friður og stöðugleiki á norðurslóðum

Eitt af meginmarkmiðum okkar er að áfram ríki góð og uppbyggileg samvinna um málefni norðurslóða. Við tökum ábyrgð okkar sem norðurslóðaríki alvarlega og munum leggja okkar af mörkum til þess að tryggja að deilumál sem upp kunna að koma verði leyst með friðsamlegum hætti og á grundvelli alþjóðalaga. Norðurlöndin hafa löngum lagt rækt við náin tengsl vestur um haf, meðal annars hvað snertir málefni svæðisins. Við munum jafnframt vinna náið með öllum samstarfsríkjum okkar á norðurslóðum – Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi – að því að tryggja áframhaldandi stöðugleika á svæðinu.

Samvinna skapar trúnað og traust. Okkur hefur tekist til þessa að byggja upp pólitískt andrúmsloft sem miðað hefur að lausnum sem koma öllum til góða. Það er ekki síst Norðurskautsráðinu að þakka, sem er helsti samstarfsvettvangurinn um málefni norðurslóða. Einnig má nefna samvinnu og tengsl undir hatti Barentsráðsins.

Norðurlöndin hafa tekið virkan þátt í starfi Norðurskautsráðsins. Ísland fer með formennsku í ráðinu á tímabilinu 2019-2021 og allir sex vinnuhópar þess eru nú leiddir af Norðurlandabúum. Norðurskautsráðið er helsti vettvangurinn til samráðs um tækifæri og áskoranir á norðurslóðum. Þar er fjallað um sameiginleg málefni svæðisins, með áherslu á rannsóknir og umhverfisvernd, hagnýta samvinnu og verkefni sem miða að því að bæta lífskjör íbúanna, þar á meðal frumbyggja. Norðurskautsráðið virkar vel og 25 ára afmæli ráðsins á næsta ári gefur tilefni til að styrkja starfsemi þess enn frekar.

Í ljósi þess að ýmis úrlausnarefni á norðurslóðum krefjast alþjóðlegs samstarfs fögnum við áhuga áheyrnarfulltrúa og annarra utanaðkomandi aðila á málefnum svæðisins og hvetjum þá til að leggja sitt af mörkum með þátttöku í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins. Við undirstrikum hins vegar að ríki utan svæðisins þurfa að virða alþjóðalög og þær stofnanir sem fyrir eru.

Evrópusambandið er mikilvægur samstarfsaðili á norðurslóðum og getur lagt sitt af mörkum á ýmsum sviðum, til dæmis hvað varðar loftslagsmál, rannsóknir, nýsköpun og fjarskipti. Endurskoðun á norðurslóðastefnu sambandsins frá 2016 væri jákvætt skref í ljósi nýrra áskorana og tækifæra.

Loftslagsváin á norðurslóðum

Loftslagskrísa er ekki framtíðarógn á norðurslóðum – hún er þegar skollin á. Ummerki loftslagsbreytinga eru ógnvænlegri þar en í nokkrum öðrum heimshluta. Neikvæð áhrif hækkandi hitastigs og súrnunar sjávar, á vistkerfi og samfélög norðurslóða eru vel þekkt og hafa verið útlistuð skilmerkilega í skýrslum (IPCC) og vinnuhópa Norðurskautsráðsins. En Norðurheimskautssvæðið er víðfeðmt og það er brýnt að halda áfram vísindastarfi til að skrásetja þær breytingar sem eru að eiga sér stað. Megnið af losun gróðurhúsalofttegunda á upptök sín utan norðurslóða, en íbúar svæðisins eru þó á meðal þeirra jarðarbúa sem finna mest fyrir áhrifum loftslagsbreytinga. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið um loftslagsmál hafa mikla þýðingu fyrir norðurslóðir og ríki heims verða að taka sig saman um nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við loftslagsbreytingum. Í þessu samhengi líta Norðurlöndin til grænnar umbreytingar sem hvata til að knýja efnahagslífið í gang á ný eftir COVID-19 heimsfaraldurinn. Það mun skipta sköpum, ekki síst fyrir norðurslóðir.

Samvinna okkar á norðurslóðum hverfist umfram allt um íbúana, frið og loftslagsmál. Norðurlöndin munu byggja á reynslunni og leitast við að vinna áfram til góðs fyrir Norðurheimskautssvæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leiðsögumenn lenda illa í því

Pétur Gauti Valgeirsson
formaður Leiðsagnar, stéttarfélags leiðsögumanna

Enn á ný hafa leiðsögumenn lent á milli skips og bryggju hvað varðar ráðstafanir stjórnvalda til að koma til móts við þá sem hafa misst vinnuna vegna kórónufaraldursins. Það er eins og það komist seint og illa til skila að ráðningarsamband leiðsögumanna er mjög sérstakt. Þeir eru yfirleitt ekki fastráðnir, heldur verkefnaráðnir til eins eða nokkurra daga í senn. Þá vinna þeir yfir árið yfirleitt hjá fleiri en einu fyrirtæki.

Þessi sérstaða leiðsögumanna hefur orðið til þess að þeir hafa orðið mjög illa úti varðandi ýmsar ráðstafanir stjórnvalda, og nú síðast lítur út fyrir að langþráð framlenging á tekjutengingu atvinnuleysisbóta nýtist ekki vegna þess að leiðsögumenn voru ekki á tekjutengingu þann 1. september.

Margir leiðsögumenn sóttu um bætur og fóru á atvinnuleysisbætur í lok mars eða snemma í apríl og því rann þriggja mánaða tekjutenging þeirra á atvinnuleysisbótum út í júní eða júlí sem þýðir að þeir voru ekki lengur á tekjutengingu núna í byrjun september.

Stéttarfélagið okkar Leiðsögn hefur fengið fjölmargar fyrirspurnir frá félögum sínum sem undra sig á þessari stöðu. Getur það staðist að það fólk sem lenti í verstu hremmingunum í vor og passaði ekki inn í hlutabótaleiðina falli enn einu sinni í gegnum möskvana á björgunarnetinu, einungis vegna þess að það er miðað við 1. september?

Þetta er augljós galli á kerfinu. Þetta veldur því að fólk, sem féll milli skips og bryggju í fyrri aðgerðum, er enn og aftur að upplifa að því er ekki rétt hjálparhönd sem öðrum er rétt, eingöngu vegna þess að þau voru þau fyrstu sem lentu í því að missa lífsviðurværið. Þetta er að okkar mati afar ósanngjarnt svo ekki verði meira sagt.

Við höfum reynt að koma skoðunum okkar á framfæri við yfirvöld og óskað eftir leiðréttingum, en enn sem komið er höfum við ekki séð nein merki um slíkt , þrátt fyrir marga góða hluti sem gerðir hafa verið í þágu launþega undanfarna mánuði.

Hugmyndafræði hjúkrunarheimila – líf sem vert er að lifa

Björn Bjarki Þorsteinsson
framkvæmdastjóri Brákarhlíðar og varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Halldór S. Guðmundsson
framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar og dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Nýverið fékk hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð í Borgarnesi staðfestingu á að það hljóti alþjóðlega vottun sem Eden-heimili. Fjögur heimili hérlendis munu þá hafa hlotið vottun sem Eden-heimili, Brákarhlíð, Öldrunarheimili Akureyrar, Mörk og Ás. Fleiri hjúkrunar- og dvalarheimili eru að vinna á grunni Eden-hugmyndafræðinnar og munu væntanlega ná alþjóðlegum áföngum innan tíðar.

Hugmyndafræði Eden fangar vel þau viðfangsefni sem við er að eiga í aðstæðum fólks þegar það eldist, hættir að vinna eða félagslegar og heilsufarslegar aðstæður breytast og búseta á hjúkrunarheimili verður nauðsynleg. Á Eden-heimilum er markvisst unnið gegn einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða og leitast er við að styrkja sjálfsmynd og sjálfræði og viðhalda getu íbúanna eins og kostur er. Stuðningur, aðhlynning og hjúkrun miðar að því að viðhalda þátttöku íbúanna, enda er hjúkrunar- og dvalarheimilið heimili þeirra sem þar búa. Samstarf og þátttaka íbúa, aðstandenda og starfsfólks er sá grunntónn sem fylgja þarf í öllu starfinu.

Menningu og viðhorf í þjónustu við eldra fólk þarf stöðugt að endurskoða og þróa. Þarfir notendanna breytast samhliða kröfum samfélagsins og heilsufarslegar og félagslegar aðstæður eru aðrar í dag en fyrir örfáum árum. Þess vegna, og í ljósi örra samfélagslegra breytinga, þurfa stjórnendur og starfsfólk í þjónustu við aldraða að færa sér í nyt og þróa eða skapa nýjungar. Í því stöðuga verkefni þarf að horfa til hugmyndafræði jafnt sem tækni, starfshátta og áhrifa almennra viðhorfa. Eden-hugmyndafræðin er eitt þeirra verkfæra sem virka vel í slíkri vinnu og í þjónustu við aldraða.

Tilgangur þessa greinarstúfs er að vekja athygli á núverandi þjónustuumhverfi við aldraða inni á hjúkrunarheimilum og að vekja athygli á Eden-nálguninni. Hvernig hún getur, mögulega með ákveðinni samþættingu, nýst í allri þjónustu og utanumhaldi við þá sem aldraðir eru, hvort sem þeir búa inni á sjúkrastofnun, öldrunarheimili, eða búa enn heima í eigin húsi eða íbúð.

Veruleikinn í þjónustu við aldraða á Íslandi í dag er að þjónustan er mjög „hólfaskipt“ eða aðgreind eftir því hver sér um hvað varðandi þá þjónustu sem aldraðir þurfa að fá. Fleiri og fleiri búa lengur við góða heilsu og sjá um flesta þætti lífsins sjálfir. En aðrir þurfa, heilsu sinnar vegna og mögulega vegna annarra þátta að reiða sig á þjónustu og umönnun og þá skiptir öllu máli að sá stuðningur byggi á heildarsýn og samþættri þjónustu.

Veruleikinn í þjónustu við aldraða á Íslandi í dag er að þjónustan er mjög „hólfaskipt“ eða aðgreind eftir því hver sér um hvað varðandi þá þjónustu sem aldraðir þurfa að fá.

Hólfaskipting og núverandi átök milli sveitarfélaga og ríkis og annarra sem annast þjónustu við eldra fólk vinnur gegn og er skaðleg lífsgæðum fólks sem þarf að reiða sig á þjónustu og umönnun í daglegu lífi. Slík átök, sem því miður snúast oftar en ekki um peninga, skapa óöryggi og óvissu og vinna gegn þeirri virðingu og mannúð sem á að grundvallast í allri samfélagslegri þjónustu. Afleiðingin birtist sem einmanaleiki, vanmáttur og leiði, bæði notenda og starfsfólks og stjórnenda í þjónustu við eldra fólk

Hér getur Eden-hugmyndafræðin, heildarsýn og opið samtal opinberra aðila sem og þeirra sem reka og starfrækja öldrunarþjónustu, komið að gagni. Við þurfum að nálgast og eiga samtalið á opinn og lausnamiðaðan hátt með það að markmiði að útrýma „sílóum og gráum svæðum“ sem nú eru á milli þjónustuveitenda í málaflokknum. Með áherslum Eden-hugmyndafræðinnar og með samstarfi og þátttöku náum við að skapa nýja sýn og nýja menningu sem leggur áherslu á betri aðbúnað fyrir líf sem vert er að lifa þegar við eldumst.

11.11 TILBOÐ!

SJÁÐU FLEIRI TILBOÐ Á PENNINN.IS

Fótbolti - Meistarataktar
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.499.-

20% AFSLÁTTUR

Nuddbyssa
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-

Saumaklúbburinn
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

Fjarvera þín er myrkur
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-



Kingdom - Jo Nesbö
TILBOÐSVERÐ: 3.219.-
Verð áður: 4.599.-

Púslmotta 500 - 1500 bita
TILBOÐSVERÐ: 2.449.-
Verð áður: 3.499.-

25% AFSLÁTTUR



Leikjastóll Sandberg Commander
TILBOÐSVERÐ: 28.484.-
Verð áður:37.979.-

Plain Simple Useful
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Hang it all
TILBOÐSVERÐ: 29.852.-
Verð áður: 43.900.-
Sex litir í boði

vitra.

FRÍ HEIMSENDING*
EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.

Þú færð SMS og símtal áður en við mætum. Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.

*á ekki við um húsgögn.

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 11. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Samskipti mín við menntamálaráðuneytið og Minjastofnun

Hjörleifur Hallgrímsson
eldri borgari og Akureyringur

Í mörg ár hef ég átt byggðarlóð á einum besta stað í Innbænum á Akureyri, að Aðalstræti 12b. Ég hafði látið teikna væntanlegt hús á lóðinni, þar sem má samkvæmt skipulagi standa tveggja hæða hús með kjallara og risi, um 117 fermetrar að flatarmáli. Fyrir rúmum fimm árum hefur svo samband við mig fornleifafræðingur og spyr hvort hann megi grafa í lóð mína til að athuga hvort fornminjar finnist þar, mér að kostnaðarlausu. Ég gaf honum leyfi til þess. Skömmu áður hafði hann grafið í sama tilgangi í stæði norðan við ísbúðina Brynju, sem er litlu norðar, og engar fornminjar fundið frekar en í minni lóð. En sagan er ekki öll sögð.

Ég hef staðið í ströggli við skipulagsnefnd Akureyrar í nokkur ár, þar sem ég hafði farið fram á að byggja hús á lóðinni með fjórum litlum íbúðum, en fengið ítrekað neitun á mjög hæpnum forsendum. Í staðinn sendi skipulagsstjóri mér tölvupóst um að Minjastofnun hefði stöðvað framkvæmdir á lóðinni vegna áætlaðra fornminja þar og bréf með sams konar boðskap fékk ég svo frá stofnuninni. Þegar hér var komið sögu og búið var að stöðva framkvæmdir á lóðinni leitaði ég til þess ágæta rithöfundar og sagnfræðings Jóns Hjaltasonar, sem hafði skrifað sögu Akureyrar í 5 bindum frá 890 -1962 og tók sérstaklega fyrir Innbæinn og spurði hann álits. Hann skrifaði fyrir mig greinargerð í 12 liðum þar sem hann fullyrti með 99% vissu að engar fornminjar væri að finna í lóðinni. Einnig er í bókinni Akureyri fjaran og Innbærinn, þar sem hinn virti arkitekt Hjörleifur Stefánsson kemur að útgáfu hennar og fjallar um uppbyggingu húsa í Innbænum, hvergi minnst á fornminjar.

Þáttur menntamálaráðuneytisins og ráðherra

Þar sem Minjastofnun heyrir undir þetta ráðuneyti sneri ég mér þangað í von um einhverja leiðréttingu í mínu máli, enda hafði ég sent ráðuneytinu vandaða og óyggjandi greinargerð Jóns Hjaltasonar og taldi eðlilega að þarna stæði orð gegn orði Minjastofnunar í von um að ég fengi að njóta vafans. Þar sem

> **Eftir allar þessar hremmingar er ég orðinn ofurlítið þreyttur á allri vitleysunni, enda orðinn dálítið fullorðinn og væri ánægður ef einhver vildi kaupa lóðina og byggja þar fallegt hús, því hér áður fyrr stóð á lóðinni eitt fallegasta hús landsins, eða gamla Hótel Akureyri.**

bréf sem ég bað um að menntamálaráðherra fengi í hendur barst henni bæði seint og illa, ef þá nokkuð, þá sendi ég sambærileg gögn í pósti heim til hennar. Starfsfólkið í ráðuneytinu hafði sent mér bréf þar sem innihaldið var að mestu lapið upp úr greinargerð Minjastofnunar, þar sem alls ekki var tekið tillit til greinargerðar sagnfræðingsins en mér bent á styrk úr fornminjasjóði. Næst gerðist það að ég hitti Lilju ráðherra hér norður á Akureyri, þar sem hún var stödd og átti við hana persónulegt samtal um lóðarmálið í von um ásættanlega lendingu í málinu.

Viðtalið í Fréttablaðinu breytti miklu

Blaðamaður á Fréttablaðinu tók við mig viðtal um vandræði mín vegna kvaðarinnar sem var á lóð minni. Í því viðtali sagði ég söguna sanna eins og hún var. Stuttu seinna birtist grein í sama blaði eignuð Lilju ráðherra með yfirskriftinni „Ráðuneytið hefur svarað Hjörleifi“. Innihald greinarinnar var þvílíkt bull og ekkert tillit tekið til staðreyndanna, heldur bara endurtekningar upp úr greinargerð Minjastofnunar. Ekki var minnst á greinargerð sagnfræðingsins þar sem orð stóð á móti orði – sannarlega ömurleg grein.

Auðvitað fundust engar fornminjar

Sagnfræðingurinn hafði rétt fyrir sér, það fundust engar fornminjar í lóðinni. Fimm ár tók það mig að nurla saman fyrir kostnaði við uppgröftinn, sem hljóðar upp á 1,2 milljónir með vélavinnu. Það er svona þegar fjármálaráðherra heldur ellilífeyrisþegum í þúsundatali á launum, sem duga vart til nauðþurfta, um 250 þúsund krónum á mánuði. Er þá furða að það tæki mig 5 ár að nurla saman fyrir kostnaðinum?

En ef til vill hefur Lilja ekki haft tíma til að sinna mínu erindi á heiðarlegan hátt, eftir því sem ég las í leiðara Fréttablaðsins ekki fyrir svo löngu stendur hún auðsjáanlega í ströngu á nokkrum stöðum. Hún hefur, að talið er, brotið jafnréttislög með skipan í stöðu ráðuneytisstjóra nú og svo bólar ekkert á fjölmiðlafrumvarpinu, sem hún hefur lofað lengi en ekki efnt. Þá lofaði hún fjárstuðningi við sumarnám í háskólum en þá tók nú verra við því henni var bent á að það bryti í bága við samning EES. En hvað sem öðru líður segir einnig í leiðara að ráðherra menntamála hafi skorið sig úr hópi annarra ráðherra fyrir klaufaskap og úrræðaleysi. Svo mörg voru þau orð. En ekki má nú gleyma því að hún er búin að stefna fyrrum umsækjanda, sem kærði ráðningu í stöðu ráðuneytisstjóra.

Ég ætla samt í lokin að skora á Lilju ráðherra að hlutast til um að mér verði bættur skaðinn. Í 5 ár með 5 milljóna króna bætur til mín, eða 1 milljón fyrir hvert ár, sem búið er að hafa af mér, þar sem ég hef hvorki getað byggt né selt lóðina. Eftir allar þessar hremmingar er ég orðinn ofurlítið þreyttur á allri vitleysunni, enda orðinn dálítið fullorðinn og væri ánægður ef einhver vildi kaupa lóðina og byggja þar fallegt hús, því hér áður fyrr stóð á lóðinni eitt fallegasta hús landsins, eða gamla Hótel Akureyri.

Er rétt að fórna Vatnsendahvarfi fyrir Arnarnesveg?

Helga Kristín Gunnarsdóttir
talsmaður samtakanna Vinir Vatnsendahvarfs

Nýlega var send áskorun frá Vinum Vatnsendahvarfs til Skipulagsstofnunar þess efnis að gera nýtt mat á umhverfisáhrifum sem snýr að lagningu 3. áfanga Arnarnesvegar um Vatnsendahvarf, 1,3 km vegar frá Kópavogi að Breiðholtsbraut. Var vísað þar til réttar Skipulagsstofnunar til að krefjast endurgerðar á mati á umhverfisáhrifum, sé matið eldra en tíu ára. Endurmat á umhverfismati liggur nú á borði Skipulagsstofnunar eftir að sveitarfélögin samþykktu nýja tillögu að gatnamótum Arnarnesvegar við Breiðholtsbraut. Útboð fyrir veginn á að fara fram árið 2021.

Á síðustu 18 árum hefur höfuðborgarsvæðið breyst mikið og áherslur í umferðarmenningu hafa breyst verulega. Því má telja líklegt að umferðarlíkanið sem stuðst var við í upphaflega matinu sé úrelt. Mikill umferðarþungi er nú þegar á Breiðholtsbrautinni og endurmeta þarf því áhrif af viðbótarumferðarþunga Arnarnesvegarins. Umferðarspá frá 2013 gerði ráð fyrir að minnsta kosti 20.000 bifreiðum á sólarhring en upphaflegt umhverfismat gerði ráð fyrir 9.000-15.000 bifreiðum. Það þarf að endurmeta áhrif stóraukinnar umferðar með tilliti til hljóðvistar, mengunar og fleira, í návígi við íbúðahverfi, fjölmennan barnaskóla og vinsælt útivistarsvæði. Ný hverfi í nánd við veginn hafa verið byggð eftir að umhverfismat var gert, bæði í Kópavogi og Breiðholti og nauðsynlegt er að gera nýtt umhverfismat svo hægt verði að meta áhrif vegarins meðal annars á þau hverfi.

Tenging við Breiðholtsbraut er nú áætluð með ljósastýrðum gatnamótum en ekki mislægum, eins og upphaflega umhverfismatið gerði ráð fyrir. Þessi gatnamót munu tefja verulega umferð inn í og úr Breiðholti, sem liggur um Breiðholtsbraut. Einnig er Kópavogur með áætlanir um að byggja 4.000 manna byggð efst á Vatnsendahvarfi fyrir 2030. Það verður að meta hvaða áhrif hverfi af þessari stærðargráðu myndi hafa á veginn og álag á fyrirhuguðum gatnamótum.

Vatnsendahvarfið, sem þessi 3. áfangi Arnarnesvegar á að liggja um, er mun grónara en fyrir 18 árum og virði þess sem útivistarsvæðis mun meira. Þar vex fjölbreyttur gróður og ýmsar tegundir farfugla, eins og lóur, hrossagaukar og spóar, verpa þar á hverju ári. Mikið rask yrði af framkvæmdunum ásamt stórfelldri eyðileggingu á dýrmætu grænu svæði og villtri náttúru. Matið miðaði upphaflega við eina akrein í hvora átt, en jarðvegsframkvæmdir miða við tvær akreinar í hvora átt til að stækkun í tvær akreinar verði auðveldari. Það þýðir að sprengja þarf fyrir 50 metra breiðri gjá þvert í gegnum hæðina. Hafa þarf þó í huga að aðeins var sprengt fyrir tveimur akreinum norðan í Hnoðraholti við lagningu 2. áfanga Arnarnesvegar.

> **Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag er ekkert annað en stórfelld skipulagsmistök og óafturkræf landníðsla.**

Reykjavíkurborg er einnig með stórar áætlanir fyrir Vetrargarð fyrir íbúa Reykjavíkur og nágrennis, við skíðabrekkuna í Jafnaseli. Nauðsynlegt er að meta áhrif vegarins á þær framkvæmdir. Varla getur talist ákjósanlegt að hafa stórt hringtorg og mengandi gatnamót alveg upp við leik- og útivistarsvæði sem er að mestu leyti notað af börnum.

Kostnaður við 3. áfanga Arnarnesvegar hefur meira en tvöfaldast eftir að vegurinn var settur á samgönguáætlun, eða úr 1,5 milljörðum í 3,4 milljarða, plús 700 milljóna króna sem færu í göngu- og hjólastíga meðfram veginum. Mjög líklegt er að kostnaður fari fram úr áætlunum. Á tímum sem þessum þarf að skoða vel öll aukaútgjöld úr ríkissjóði, og er lítt verjandi að svona mikil hækkun á kostnaði vegarins sé sjálfkrafa samþykkt án nokkurrar endurskoðunar eða gagnrýni.

Fjölmargir íbúar Kópavogs og Breiðholts hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessara vegaframkvæmda. Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag er ekkert annað stórfelld skipulagsmistök og óafturkræf landníðsla. Því teljum við mikla þörf á endurgerð umhverfismatsins sem er nær tveggja áratuga gamalt. Mikið hefur breyst varðandi áherslur í umhverfismálum og samgöngumátum á þessum áratugum sem nauðsynlegt er að taka með inn í myndina.

JÓLAHREINGERNING

Sérblaðið Jólahreingerningar kemur út þann 18. nóvember.

Blaðið mun fylgja Markaðnum inn í 500 stærstu fyrirtæki landsins ásamt því að koma út í tæplega 80.000 eintökum um allt land.

Blaðamenn munu fjalla um heimilis- og fyrirtækjaþrif í þessu blaði.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

GERÐU **GÓÐ** KAUP Í **VEFVERSLUN**

fjöldi tilboða, úrval heimilistækja, hljómtækja og sjónvarpa.

AÐEINS Í VEFVERSLUN

KÍKTU Á **TILBOÐIN**

RICHMOND BORÐSTOFUBORÐ, ø 120 CM **84.992** KR. ~~99.990~~ KR.

CLEVELAND U-SÓFI, HÆGRI EÐA VINSTRI TUNGA, GRÁTT ÁKLÆÐI
161.492 KR. ~~189.990~~ KR.

FLAIR HÆGINDASTÓLL, ÞRÍR LITIR
LJÓSBRÚNN, GRÁR OG SVARTUR
47.992 KR. ~~59.990~~ KR.

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Zlatan er búinn að skora í öllum fimm leikjunum sem hann hefur tekið þátt í á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eldist eins og gott vín

Þrátt fyrir að fagna fertugsafmæli á næsta ári og vera búinn að fá kórónaveiruna virðist ekkert ætla að hægjast á hinum magnaða Zlatan Ibrahimovic.

FÓTBOLTI Aldur er bara tala er gjarnan sagt þegar ferskleiki manna er umfram það sem almennt gengur og gerist um einstaklinga á þeirra aldri. Það á svo sannarlega við um sænska knattspyrnuframherjann Zlatan Ibrahimovic sem raðar inn mörkum fyrir ítalska liðið AC Milan nú þegar tæpt ár er í fertugsafmælið hjá kappanum.

Margir töldu að Zlatan væri búinn með þann kafla á knattspyrnuferli sínum að gera það gott í sterkustu deildum Evrópu þegar hann færði sig um set til Bandaríkjanna árið 2018 og lék með LA Galaxy í MLS-deildinni um tveggja ára skeið. Hinn stóri karakter myndi setjast að á bandarískri grundu og mögulega færa sig um set til David Beckham hjá Inter Miami.

Zlatan hefur lítið að sanna í evrópskri knattspyrnu eftir að hafa orðið landsmeistari í Hollandi með Ajax, á Ítalíu með Juventus, AC Milan og Inter Milan, á Spáni með Barcelona og í Frakklandi hjá PSG. Eina landið sem hann á eftir að sigra af sterkustu deildum Evrópu er England, en þar varð hann reyndar bikarmeistari með Manchester United og skoraði 17 mörk í þeim 33 deildarleikjum sem hann spilaði fyrir liðið. Það eina sem vantar í annars glæsta ferilskrá er Meistaradeild Evrópu og virðist sem svo að það muni vanta þegar skórnir fara einn daginn upp í hina víðfrægu hillu.

» Zlatan hefur skorað 226 mörk í 261 deildarleik síðan hann fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu árið 2011.

Í lok desember árið 2019 var Zlatan svo fenginn til þess að lappa upp á markaskorunina hjá hinum sofandi risa, AC Milan, en hann er dýrkaður og dáður af stuðningsmönnum liðsins. Upphaflega var samið við sænska sóknarmanninn til sex mánaða. Fyrsta markið sem hann skoraði í endurkomunni þýddi að hann hafði verið á skotskónum í deildum Evrópu í fjóra áratugi. Þegar Zlatan skoraði eitt marka AC Milan í nágrannaslag liðsins gegn Inter Milan, varð hann elsti markaskorarinn í leik liðanna en hann var þá 38 ára og 129 daga gamall. Fyrra metið setti samlandi hans, Niels Liedholm, árið 1961. Mörkin 11 sem Zlatan skoraði í 20 leikjum í deild og bikar urðu til þess að forráðamenn AC Milan ákváðu að framlengja samning sinn við hann og sjá þeir líklega ekki eftir því í dag.

Hann hefur farið afar vel af stað á nýhafinni leiktíð og skorað átta mörk í fyrstu fimm deildarleikjum sínum og bætt einu marki við í Evrópudeildinni. AC Milan sem hefur ekki tekist að hafna í einu af efstu þremur sætum ítölsku efstu deildarinnar síðan vorið 2013 og varð síðast ítalskur meistari, þá með Zlatan innanborðs árið 2011, trónir á toppi deildarinnar eftir sjö umferðir. Stuðningsmenn liðsins vona að bjartari tímar séu fram undan með blóm í haga og spurning er hversu lengi Zlatan verður staddur í haganum í Mílanóborg.

hjorvaro@frettabladid.is

Yrði einsdæmi með opnanlegu þaki

FÓTBOLTI Um miðjan gærdaginn birti ríkisstjórnin tilkynningu um vilja til að hefja viðræður við Reykjavíkurborg um uppbyggingu á nýjum þjóðarleikvangi. Framtíð Laugardalsvallar hefur verið mikið til umræðu undanfarin ár enda völlurinn úr sér genginn og löngu kominn tími á nýjan völl. Notast verður við valkostagreiningu breska ráðgjafarfyrirtækisins AFL þar sem tekið var inn í greininguna kostnaðar- og tekjumat hvers valkosts ásamt viðskiptaáætlun og mati á efnahagslegum þáttum.

Meðal þess sem AFL skoðaði var möguleikinn á því að núverandi völlur fengi lágmarks endurbætur eða endurbætur til að hann uppfylli kröfur sem UEFA og FIFA gera til leikvalla í alþjóðlegum keppnisleikjum. Það er að mati skrifstofunnar ekki fýsileg langtímalausn og er lagt til að nýr völlur verði byggður.

Í þeirri mynd eru tveir vellir taldir líklegir, leikvangur sem tekur 15 þúsund manns eða fjölnotaleikvangur sem tekur 17.500. Þá er gælt við að vellirnir yrðu með opnanlegu þaki til að takast á við vetraraðstæður á Íslandi. Í skýrslunni kemur fram að fimmtán þúsund manna leikvangur með opnanlegu þaki myndi líklegast skila bestu heildarniðurstöðunni.

Í tilkynningu ríkisstjórnar nefnir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, mikilvægi þess að nýr völlur rísi og það á næstu árum. „Það er löngu tímabært að ráðast í byggingu nýs þjóðarleikvangs og ég er vongóð um að hann muni rísa á næstu fimm árum," er meðal þess sem Lilja sagði í tilkynningunni.

Ljóst er að það þyrfti að fara nýjar leiðir ef hér ætti að byggja fimmtán þúsund manna völl með opnanlegu þaki. Í nágrannaríkjum Íslands er að finna velli með þaki sem er hægt að opna, en allir taka þeir mun fleiri en 15 þúsund manns.

GelreDome, heimavöllur Vitesse Arnhem, er minnsti völlur heims með opnanlegu þaki og tekur völlurinn þrátt fyrir það 25 þúsund manns. Hönnunarteymið sem fengi það verkefni að hanna fimmtán þúsund manna völl með opnanlegu þaki fengi því strembið verkefni, að byggja völl sem væri einn í sínum flokki á heimsvísu. **– kpt**

Fólk

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 11. NÓVEMBER 2020

Í faraldrinum hafa margir upplifað breytingar á ósjálfráðum hugsunum og draumum. Svo virðist sem við tökum meira eftir innra lífi á erfiðum tímum og þetta gætu verið tilraunir hugans til að jafna sig. →7

Skráðu þig á póstlistann og fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið

Þú getur skráð þig á frettabladid.is, á Facebook eða bara skannað **QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ

Katrín Brynja er ævintýramanneskja, langskólagengin, með brennandi áhuga á fólki en segist þó fyrst og fremst vera þriggja sona móðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fullkomlega ófullkomin

Katrín Brynja Hermannsdóttir endurheimti heilbrigt hár, neglur, liði, þrek og þol með Feel Iceland kollageni og segir það áfram verða hluta af lífi sínu. →2

Framhald af forsíðu

Ef til vill verður grafskriftin mín: KBH – frekar þolinmóð móðir," segir Katrín Brynja Hermannsdóttir kímin. „Ég er jú fyrst og fremst mamma þriggja ótrúlega vel heppnaðra stráka sem ég hafði hrikalega mikið fyrir að eignast. Þar liggur mögulega skýringin á bak við þolinmæði mína gagnvart boltaæfingum, boltaförum á veggjum og hávaða sem berst um heimilið þegar vel eða illa gengur í PlayStation."

Þannig lýsir Katrín Brynja sjálfri sér. Hún hefur búið um allt land, lengst af á höfuðborgarsvæðinu.

„Í grunninn er ég hins vegar stoltur Norðfirðingur og á þaðan góðar og hlýjar minningar þar sem meðal annars bryggjur og berjamór koma við sögu."

Katrín Brynja kveðst með eindæmum heimakær.

„Best finnst mér þegar ég næ öllum strákunum mínum við eldhúsborðið og það myndast þessi dýnamík sem foreldrar þrá að eiga sem mest af með börnum sínum. Við spilum og erum öll nema miðjumaðurinn mjög tapsár með tilheyrandi svekkelsi, stríðni og skellihlátri," segir Katrín Brynja, hlær og heldur áfram:

„Ég ætla annars ekki að tefla fram neinni glansmynd af okkar lífi. Við erum bara týpísk fjölskylda sem á í sama streði og flest önnur heimili, í sambandi við skjátíma og allt hitt sem enginn nennir að tala um. Eða jú annars! Það nálgast fullkomnun þegar við erum úti á palli við eldstæðið og masterum að grilla hinn fullkomna sykurpúða, okkar eigin fullkomnun."

Sálarleikfimi líka mikilvæg

Leið Katrínar Brynju liggur í Laugar þegar hún ræktar líkamann.

„Þangað fer ég eins oft og mér er unnt til að hitta þjálfara sem gefur engan afslátt, svona gott-vont dæmi. Síðustu vikur hefur mér orðið starsýnt á lóð á gólfinu og ég þurrka stundum af þeim, en reyni hins vegar að hlaupa eins oft og ég nenni, sem er alls ekki nógu oft. Ég stefni af malbikinu yfir í Heiðmörk sem er vandræðalega nálægt heimilinu okkar. Það strandar hins vegar á því að ég er með órátvísustu manneskjum veraldar og þyrfti að strá brauðmolum til að rata aftur heim."

Hún segir sálarleikfimi ekki síður mikilvæga.

„Ég rækta sálina að hluta til með því að sniðganga glansandi samfélagsmiðla, sem þó eru líka stútfullir af góðu efni. Á Instagram eru til að mynda frábærar síður sem geta sannarlega komið manni á rétta sporið og hænuskrefi nær markmiðinu að þroskast sem manneskja. Hugleiðsla hefur líka komið skemmtilega á óvart og ég er loksins búin að ná því að „hér og nú-vöðvinn" þarfnast þjálfunar eins og allir hinir."

Auðgar sitt líf og annarra

Katrín Brynja er ævintýramanneskja að upplagi. Í sumar gekk hún yfir Fimmvörðuháls, sem hún segir hafa verið áskorun.

„Ég get ekki lýst upplifuninni öðruvísi en þannig að mig langaði strax að fara aftur, til að renna saman við þessa gömlu jörð með tryllta landslaginu okkar. Fjallgöngur eru því augljóslega efst á listanum og svo suða ég líka í vinkonum að koma aftur með mér í sjósund, því eftir þetta eina skipti sem ég fór í sumar var ég „high on life" það sem eftir lifði dags og hver vill það ekki?" segir Katrín Brynja um áhugamál sín. „Sú lágstemmda athöfn að skrifa texta og taka viðtöl við mér vitrara fólk er svo það sem ég brenn fyrir og þegar ég kemst í zone-ástand, þá mætir þakklætistilfinning til leiks með öllu því góða sem henni fylgir."

Katrín Brynja segir Feel Iceland kollagen komið til að vera í sínu mataræði.

Þjóðin þekkir Katrínu Brynju best sem sjónvarpsþulu og síðar Lottóþulu en hún hefur líka starfað sem flugfreyja og kennari.

„Allt eru þetta skemmtileg störf, en í raun skiptir fólkið sem maður vinnur með mestu máli. Tíminn hjá Icelandair var ómetanlegur að því leyti að vinnan var skemmtilega krefjandi og annan eins fjölda af bráðsniðugu og kláru fólki er erfitt að komast í tæri við, nema einmitt í því starfi. Sjónvarpsvinnan er líka frábær og ekki síst allt fólkið á RÚV. Þá finnst mér kennslan líflegt og gefandi starf sem togar sífellt meira í mig. Það er eitthvað einstakt við það að vera í samskiptum við nemendur á öllum aldri," segir Katrín Brynja sem er langskólagengin, með háskólanám að baki hér heima og ytra í kennsluréttindum, blaðamennsku og sálfræði.

„Það er bara fáránlega gaman að læra nýja hluti og um miðjan september trítlaði ég með skólatösku inn í Endurmenntun HÍ til að læra jákvæða sálfræði. Ég sé ekki eftir því enda er nýr heimur að opnast fyrir mér og allt annar vinkill þegar kemur að sálfræði, hvernig við getum auðgað líf okkar og annarra. Það ættu allir að læra jákvæða sálfræði og hún ætti svo sannarlega að vera partur af uppeldi og ekki síst kennslu í skólum landsins."

Mamma reddar þessu

Meðal margra starfsheita Katrínar Brynju er „Mamma reddar þessu" og ritstjórn hjá „Vildi sagt hafa".

„Mamma reddar þessu ehf. var meira í gríni gert, því sem þriggja stráka mamma með lítið bakland þarf að redda alls konar hlutum, stórum sem smáum, og ekkert annað í stöðunni en að stóla á mig sjálfa. Ritstjórastaðan hjá „Vildi sagt hafa" tengist svo óslökkvandi áhuga mínum á öðru fólki og pælingum um hversu dýrmætt samtalið er við fólkið okkar. Bæði mamma og pabbi eru látin og það sem ég hefði viljað hafa sagt við þau er margt, og eins hefði ég viljað vita svo miklu meira um þau. Gangi allt að óskum mun lénið vildisagthafa.is lifna við og ég get lagt mitt af mörkum til annarra."

Katrín Brynja setur kollagenið út í búst eða skyrrétt með banana, berjum og dassi af chia-fræjum.

Spakmælin „Einu sérfræðingarnir í mér og þér eru börnin í lífi okkar. Þau vita hvaða mann við höfum að geyma" eru í hávegum höfð á fésbókarsíðu Katrínar Brynju.

„Þessi orð eru fengin að láni hjá Bjarna Karlssyni presti og segja svo margt – eiginlega bara allt, hvernig sem á það er litið. Eflaust er ég bara dæmigerð mamma, fullkomlega ófullkomin að reyna mitt allra besta og með brjáleðislega mikla þörf fyrir tengsl og knús," segir Katrín Brynja. „Ég hef stundum sagt að það verði „áhugavert" í fyllingu tímans að heyra hvað strákarnir segja um hvar ég hafi klúðrað hlutum, hvar ég stóð mig vel og var bara dáldið góð í þessu."

Undraverð áhrif kollagens

Katrín Brynja var blessuð með góðu hári í vöggugjöf en segist hafa fengið áhyggjur þegar hún fékk ótæpilegt hárlos fyrr á árinu.

Katrín Brynja nýtur þess að ganga á fjöll og sameinast íslensku landslagi og í sumar gekk hún yfir Fimmvörðuháls.

Feel Iceland kollagen hefur haft frábær og víðtæk áhrif á Katrínu Brynju.

„Ég ræddi það við mína frábæru hárgreiðslukonu sem tók undir að hárið á mér hefði verið talsvert þykkara og því væri full ástæða til að gera eitthvað í málinu. Sjálf sagðist hún taka inn kollagen með góðum árangri og hvatti mig til að prófa. Skeptíska konan ég, á allt sem heitir bætiefni, hugsaði þetta ekki lengi enda var stútfullur hárbursti af hárum dagleg staðreynd. Ég leit svo á að það væri enginn tími fyrir tilraunastarfsemi með bætiefnum sem ég hafði prófað áður svo í næstu búðarferð gekk ég rakleiðis að kollageninu frá Feel Iceland. Dunkurinn lenti á færibandinu og ég var varla komin heim þegar fyrsti skammturinn var kominn í bústið mitt."

Þetta var nú í haust og fann Katrín Brynja breytingu til batnaðar á aðeins rúmum mánuði.

„Það var eitthvað sem ég átti alls ekki von á. Ég hef alltaf haft ömurlegar og linar neglur, þær flögnuðu í sífellu, en voru allt í einu orðnar hæfilega stífar og viti menn, ég gat ekki lengur flett ofan af þeim! Ég rauk í spegilinn og ryndi í hársvörðinn en sá ekki mikið, enda frekar erfitt að skoða hann bara alein. Hins vegar næst þegar ég sat í sminkstólnum á leið í Lottóúrdrátt og sminkan, sem er líka hárgreiðslukona, greiddi mér sá hún fullt af nýjum, litlum hárum. Það var því spennt Lottóþula sem lagðist á koddann þetta laugardagskvöld og þungu fargi af mér létt!"

Kollagenið fer hvergi

Katrín Brynja hefur nú tekið Feel Iceland kollagen í tæpa þrjá mánuði.

„Fyrir utan gjörbreyttar neglur og litlu hárin mín hef ég tekið eftir að ég þarf ekki lengur að bakka niður stigann heima hjá mér eftir erfiða fótaæfingu, sem hlýtur að þýða að ég sé fljótari að ná mér eftir æfingar. Mér er líka minna illt í hnjánum, sem vanalega kvarta sáran þegar ég hef verið óvenju dugleg að hlaupa á malbiki. Kollagenið frá Feel Iceland verður því áfram partur af mínu lífi og ekki sakar hvað umbúðirnar eru vel hannaðar; vel gert, stelpur! Sem Íslendingur, ættuð úr sjávarplássi með sjómannsblóð í æðum, finnst mér líka skipta heilmiklu máli að innihaldsefni Feel Iceland kollagensins sé íslensk náttúruafurð."

Katrín Brynja setur kollagenið oftast út í búst, en þegar hún er á hlaupum og hefur ekki tíma í bústgerðina setur hún það saman við vatn með smá vanillu- eða jarðarberjaprótíni, dassi af chia-fræjum og hristir saman á hlaupum út í bíl.

„Oftast slumpa ég skyri eða mjólk, banana og þeim frosnu berjum sem ég á hverju sinni í blandarann og set kollagenið síðast út í. Í byrjun passaði ég alltaf upp á að ég sæi kollagenið berum augum því ég vildi að það færi örugglega ofan í mig, en nú erum við litlu hárin rólegri og þetta fer í blandarann með jarðarberjunum og því öllu."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Helst í kjörþyngd og laus við löngun í gosdrykki

Bio-Kult Candéa er sérhönnuð góðgerlablanda með það að markmiði að styðja við virkni ónæmiskerfisins, draga úr meltingartengdum vandamálum og vernda viðkvæm svæði. Bio-Kult Candéa góðgerlablandan inniheldur sérvalda góðgerlastofna ásamt hvítlauk og greipaldinþykkni.

Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna, eins og til dæmis þreytu, liðverkja, loftmyndunar og þyngdaraukningar, og löngun í sykruð matvæli og drykki getur aukist.

Hvernig er þín þarmaflóra samsett?

Afar mikilvægt er að þarmaflóra okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálfsögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef ójafnvægi verður á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra baktería myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er candidasveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fær að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki. Það getur til dæmis verið:

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Óvenju mikil þreyta og þungt yfir þér

Sveppur sem elskar sykur

Candidasveppurinn elskar sykur og nærist og dafnar vel þegar svoleiðis er í boði. Hann ýtir því líka undir löngun í sætindi og eiga margir erfitt með að kljást við þann púka. Mikill ofvöxtur á candida albicans getur valdið því að þarmaveggirnir veikjast og verða gegndræpir (leaky gut/gegndræpur ristill) og þá er ástandið orðið

alvarlegt þar sem óæskileg efni geta náð að leka úr þörmunum út í líkamann.

Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum candidasveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kökum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það getur hindrað vöxt sveppsins og á endanum hjálpað til við að koma á jafnvægi. Einnig er mikilvægt að sleppa neyslu á gerjuðum matvælum eins og til dæmis súrkáli því þó svo að það sé gott og örvi vöxt baktería í þarmaflórunni, þá örvar það líka óæskilegar bakteríur. Til þess að vinna heilshugar að því að drepa gersveppinn og koma jafnvægi á þarmaflóruna er best að taka inn góða mjólkursýrugerla því að styðja þarf við framleiðslu á góðum bakteríum á sama tíma og við drögum úr vexti þeirra „vondu“.

Bio-Kult Candéa

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og greipaldinþykkni

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra. MYND/AÐSEND

> **Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.**
>
> **Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, 54 ára og 5 barna móðir**

(GSE).Fyrir utan að innihalda 7 mismunandi gerlastrengi fyrir þarmaflóruna inniheldur blandan einnig hvítlauk og greipaldinþykkni sem talin eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum baktería, veira og sveppa.

Uppþemban hætti og sykurlöngun minnkaði til muna!

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra:

„Í mörg ár fann ég fyrir óþægindum í maga. Ég upplifði það yfirleitt þegar líða tók á daginn að ég yrði sífellt uppblásnari um magann og sér í lagi efri hluta hans þannig að ég taldi líklegt að um óþol væri að ræða. Mér var bent á Bio-Kult Candéa hylkin og ákvað að það sakaði ekki að prófa. Þegar ég hafði tekið staðfastlega 2 hylki daglega með stærstu máltíð dagsins í 2 mánuði fór ég að finna mun. Ég hafði í mörg ár verið afar hrifin af ákveðnum gosdrykk og hann varð hreinlega að vera til í ísskápnum. Eftir þessa tvo mánuði fór ég að finna minnkandi löngun í hann sem og aðra sykraða gosdrykki og hefur vatnsdrykkja aukist að sama skapi. Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun til staðar í slíkt lengur. Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.“

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða, duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag).

Orkuríkara líf

Brimbretta- og mótorkrosskappinn Heiðar Logi Elíasson eykur enn á styrk sinn og orku með náttúrulegum og hreinum vítamínum frá Solaray. Með þeim fullnýtir hann annasama daga.

Mitt daglega líf snýst um að hreyfa mig mikið. Ég stunda brimbretti og mótorkross og hef verið svo lukkulegur að fá að vinna við ástríðu mína sem er einmitt að ferðast um landið og eltast við öldur. Þess á milli geri ég upp fasteignir og tek að mér að leggja parket hér og þar," segir Heiðar Logi, sem er orkumikill að eðlisfari en segir annríki daganna þó taka sinn toll.

„Því má segja að ég sé alla daga að jafna mig eftir daginn áður. Til að lágmarka orkuleysi ákvað ég að taka inn vítamín því ég veit að með því að taka inn vítamín get ég verið ferskur fleiri daga mánaðarins. Þó svo að ég þrífist á því að hreyfa mig mikið þarf ég að finna mitt jafnvægi og hugsa vel um mig," segir Heiðar Logi.

Undanfarin ár hefur hann hugsað vel um mataræðið.

„En þegar ég fór að fylla upp í frítíma minn með erfiðisvinnu hafði ég minni tíma og orku til að passa upp á hvernig ég næri mig. Þess vegna er ég meðvitaður um að vera duglegur að taka inn vítamín sem hjálpa mér að endurheimta minn náttúrulega styrk og orku."

Úthaldið þarf að vera gott

Heiðar Logi tekur inn sérvalin vítamín sem henta lífsstílnum.

„Það skiptir mig gífurlega miklu máli að vítamínin virki vel. Solaray hefur svo sannarlega komið sér vel fyrir mig því ég finn mikinn mun þegar ég tek þau inn. Solaray-vítamínin eru náttúruleg og án allra aukefna og það skiptir mig höfuðmáli."

Til að auka orkuna tekur Heiðar Logi inn fjölvítamínið Once daily for active men. Það er vítamínblanda með öllum helstu vítamínum og steinefnum.

„Í blöndunni eru orkugefandi jurtir og amínósýrur, andoxunarefni og ensím. Einnig tek ég inn B-Stress sem inniheldur að auki C-vítamín og magnesíum. Sannkallað fóður fyrir taugakerfið og hjálpar mér að vinna úr streitu og álagi. Einnig finnst mér það virka vel á húðina og hárið," upplýsir Heiðar Logi sem er einnig kunn fyrirsæta og þekktur fyrir hraustlegt útlit og ljósan, síðan makka.

Fyrir æfingar og átök fær Heiðar Logi sér Solaray Beet sem eru malaðar rauðrófur í hylkjum.

„Rauðrófur eru þekktar fyrir að geta bætt súrefnisupptöku og blóðflæði sem er tilvalið fyrir mig þar sem úthaldið þarf að vera gott til að halda uppi orkustigi í miklum átökum. Einnig blanda ég söltum og steinefnum frá Nuun út í vatn en þessi blanda hjálpar mér að halda vökvajafnvægi í líkamanum."

D-vítamín og Omega-3, 7 og 9 frá Solaray sjá Heiðari Loga fyrir nauðsynlegri og hollri fitu fyrir líkamann.

„Omega-hylkin frá Solaray innihalda ekki Omega 6 því talið er að við fáum nóg af því og jafnvel of mikið í sumum tilfellum. Ég fæ mér svo alltaf magnesíum fyrir svefninn því ég finn að það róar taugakerfið og slakar á vöðvum eftir átakamikinn dag," segir Heiðar Logi, alsæll með Solaray.

Heiðar Logi kann að lifa lífinu til fulls. Hann er orkumikill að eðlisfari en ákvað að taka inn vítamín frá Solaray þegar annríki í leik og starfi fór að taka sinn toll.

Nánari upplýsingar á heilsa.is.

Friskandi og hressandi ropvatnið

Hefurðu heyrt því fleygt að kolsýrt vatn sé óhollt og hafi slæm áhrif á heilsuna? Vissulega hljómar orðið „kolsýra" nokkuð fráhrindandi enda er sýra ætandi efni, en þá er ekki öll sagan sögð.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Kolsýrt vatn er í grunninn vatn sem hefur verið meðhöndlað með koltvísýringi undir þrýstingi. Úr verður svokallað ropvatn sem kallað er sódavatn, kolsýrt vatn og fleira sem hefur einkennandi hvissandi áhrif á tunguna. Kolsýrt vatn inniheldur einnig oft sölt til bragðbætingar og stundum er steinefnum einnig bætt við.

Koltvísýringur uppleystur í vatni myndar kolsýru sem er veik sýra. Sýnt hefur verið fram á að hún örvi sömu taugaenda í munninum og sinnep, sem stuðlar að stingandi eða kitlandi tilfinningu er getur bæði verið ánægjuleg og líka ertandi.

PH-gildi kolsýrðs vatns er um 3-4 sem þýðir að það er nokkuð súrt. En drykkja á kolsýrðu vatni stuðlar þó ekki að því að líkaminn súrni. Lungu og nýru fjarlægja auka koltvísýring sem heldur blóðinu örlítið basísku, eða í gildinu 7,34 –7,45, burtséð frá því hvað þú borðar og drekkur.

Einnig lýsa sumir yfir áhyggjum af tannheilsu þegar kemur að kolsýrðu vatni þar sem glerungurinn er útsettur fyrir sýrunni í drykknum. Ekki hafa verið gerðar miklar rannsóknir á þessari hættu en ein rannsókn hefur sýnt fram á að ropvatnið skemmdi glerunginn eingöngu örlítið meira en venjulegt vatn. Önnur rannsókn hefur sýnt fram á að kolsýrðir drykkir skemmi glerunginn eingöngu séu þeir sykraðir.

Munurinn á því að drekka sódavatn með lime-sneið og sykraðan gosdrykk er stjarnfræðilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.

Margir trúa því að kolsýrt vatn sé slæmt fyrir beinin út af hárri sýrni en rannsóknir sýna fram á að sú samsvörun sem hefur fundist tengist ekki kolsýrunni sem slíkri. Í stórri tilraun sem gerð var á 2.500 manns kom fram að eini drykkurinn sem tengdist minnkun á beinmassa væru kóladrykkir, en talið er að mikið magn fosfórs sé orsökin á minnkuðum beinmassa. Enn fremur kom fram að kolsýrt vatn hafði engin áhrif á beinmassa.

Við hægðatregðu

Tveggja vikna rannsókn var gerð á fjörutíu einstaklingum sem höfðu fengið blóðtappa og sýndi hún fram á að kolsýrt vatn gæti hjálpað til við meðhöndlun á hægðatregðu. Þeir sem drukku kolsýrt vatn höfðu tvöfalt oftar hægðir í samanburði við þá sem drukku venjulegt vatn. Einnig fundu sjúklingar fyrir 58 prósentum minni hægðatregðueinkennum.

Rannsóknir benda enn fremur til þess að kolsýrt vatn geti hjálpað til við kyngingarviðbrögð bæði hjá eldri og yngri fullorðnum einstaklingum. Einnig bendir sumt til þess að ropvatnið geti stuðlað að betri magafylli eftir máltíðir en venjulegt vatn.

Því er ekkert sem bendir til þess að kolsýrt vatn sé óhollt eða nokkuð óhollara en venjulegt vatn. Ef eitthvað er þá eru allar líkur á því að það hafi góð áhrif á heilsuna að drekka meira af ropvatni.

» Sýnt hefur verið fram á að kolsýra örvi sömu taugaenda í munninum og sinnep, sem stuðlar að stingandi eða kitlandi tilfinningu er getur bæði verið ánægjuleg og líka ertandi.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. nóvember 2020

42. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Bretar með í yfirtöku
Fyrrverandi stjórnarformaður House of Fraser og breskir sjóðir reiðubúnir að fjármagna fjórðungshlut í Skeljungi.
2

Skuldalækkun og nýtt hlutafé
VHE hefur fengið samþykki Landsbankans fyrir því að leita nauðasamninga. Skuldir lækki um 2,5 milljarða gegn nýju hlutafé upp á 400 milljónir.
2

Nýbankinn tekur á sig mynd
indó nálægt því að fá viðskiptabankaleyfi. Helstu samningar frágengnir og klára brátt fjármögnun upp á hátt í 500 milljónir.
4

Leggur til miklar breytingar
Breyttur veruleiki vegna COVID-19 geri það enn brýnna að hrinda í framkvæmd hugmyndum OECD um bætt samkeppnisumhverfi í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.
8

Ef ekki nú, þá hvenær?
Hagræðing þarf ekki að fela í sér sársaukafullan niðurskurð í grunnþjónustu eða fjöldauppsagnir opinberra starfsmanna, segir hagfræðingur SA.
10

Launaskrið á krepputímum

Þrátt fyrir að íslenskt efnahagslíf sé í djúpstæðri lægð eru miklar nafnlaunahækkanir í pípunum. Laun á Íslandi hafa hækkað langt umfram hin Norðurlöndin á síðastliðnum árum. → 6-7

Þessar miklu taxtahækkanir grafa undan getu vinnumarkaðarins til að búa fljótt til þau störf aftur sem hafa tapast á síðustu mánuðum.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



VHE velti um 8,8 milljörðum króna á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

VHE að ná skuldalækkun og nauðasamningum

VHE, stærsta vélsmiðja landsins, hefur fengið samþykki kröfuhafa, þar á meðal Landsbankans sem er langsamlega stærstur, fyrir framlengingu á greiðslustöðvun svo að unnt sé að leita nauðasamninga.

Heimild VHE til greiðslustöðvunar átti að renna út 8. nóvember en var framlengd um mánuð. Samkvæmt heimildum Markaðarins er gert ráð fyrir því í drögum að nauðasamningatillögum að skuldir verði afskrifaðar þannig að heildarskuldir VHE lækki úr 7,5 milljörðum króna niður í um 5 milljarða. Á móti þessari skuldalækkun verða félaginu lagðar til 400 milljónir króna í nýtt hlutafé og mun það að mestu leyti koma frá núverandi eigendum VHE.

Þá samþykkir Landsbankinn að breyta veðkröfum í samningskröfur við gerð nauðasamninga en bankinn mun þó fá söluandvirði dótturfélaga VHE sem eru langt komin í söluferli. Má þar nefna Landvélar, Fálkann og Straumrás.

Lögmaðurinn Guðmundur Skúli Hartvigsson hefur verið skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum VHE eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

VHE, eða Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar, er í meirihlutaeigu Unnars Steins Hjaltasonar sem fer með 80 prósenta hlut á móti systkinum sínum, Einari Þór og Hönnu Rúnu Hjaltabörnum. VHE er rótgróið fyrirtæki, stofnað 1971, sem var byggt upp á þjónustu við álver. Það er jafnframt orðið umsvifamikið í byggingargeiranum. Allt frá fjármálahruninu, þegar lán frá Landsbankanum tóku stökkbreytingu, hefur VHE hins vegar glímt við vanskil og lausafjárskort. VHE velti 8,8 milljörðum króna í fyrra og tapaði 981 milljón króna.

» Á móti þessari skuldalækkun verða félaginu lagðar til 400 milljónir króna í nýtt hlutafé og mun það að mestu leyti koma frá núverandi eigendum VHE.

Vélsmiðjan fékk heimild Héraðsdóms Reykjaness til greiðslustöðvunar um miðjan apríl og voru þá starfsmann fyrirtækisins 250 talsins. Skuldir, sem hafa verið greiddar niður jafnt og þétt á síðustu árum og námu 10,1 milljarði í lok árs 2016, stóðu í 7.352 milljónum króna þegar greiðslustöðvunin var heimiluð. Eignir námu hins vegar 7.660 milljónum.

Fjöldi lánardrottna VHE er á þriðja hundrað en sem fyrr segir er Landsbankinn langstærsti kröfuhafinn. Í hópi kröfuhafa má einnig finna fjölmarga lífeyrissjóði, Íslandsbanka og Ergo, bílafjármögnun bankans.

Eins og Markaðurinn greindi frá í vor hafa eigendur VHE greitt sér arð í gegnum systurfélagið Nesnúp, sem heldur utan um lóðir sem VHE framkvæmir á. Nesnúpur, sem skuldar tengdum félögum hundruð milljóna króna, hefur notað söluhagnað á íbúðum til að byggja upp eigið fé úr engu.

Arðgreiðslur út úr Nesnúpi námu rúmlega 50 milljónum króna á tímabilinu 2013 til 2019. Hagnaður félagsins eftir skatta á sama tímabili, sem má að langmestu leyti rekja til sölu á íbúðum, nam 357 milljónum króna. Á sex árum hefur Nesnúpur náð að byggja eiginfjárstöðuna upp í 320 milljónir króna í lok árs 2019 en hún var tvær milljónir árið 2012. **– hae, þfh**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

Breskir fjárfestar með í yfirtöku á Skeljungi

Breskir fjárfestingarsjóðir reiðubúnir að að koma að fjármögnun á fjórðungshlut í Skeljungi. Framkvæmdastjóri Strengs segir mikilvægt að hluthafar gangi í takt. Óvissa um afstöðu hluthafa sem telja verðið vera lágt.

Breskir fjárfestar og fjárfestingarsjóðir munu koma að fjármögnun á yfirtökutilboði sem gert var í Skeljung í upphafi vikunnar. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bresku fjárfestarnir þannig skuldbundið sig til að fjármagna allt að fjórðungshlut í félaginu, eða fyrir um liðlega fjóra milljarða króna.

Á mánudag var tilkynnt um að samanlagður eignarhlutur þriggja eignarhaldsfélaga – 365, RES 9 og RPF – í Skeljungi upp á rúmlega 36 prósent hefði verið settur inn í félagið Streng. Við það virkjaðist yfirtökuskylda en að baki félögunum standa hjónin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir, viðskiptafélagarnir Gunnar Sverrir Harðarson og Þórarinn Sævarsson, eigendur Remax á Íslandi, og hjónin Sigurður Bollason og Nanna Björk Ásgrímsdóttir.

Yfirtökuverðið hljóðar upp á 8,315 krónur á hlut, sem verðmetur Skeljung á liðlega 16 milljarða, og er það um 6,6 prósentum yfir lokagengi síðasta viðskiptadags. Til viðbótar við bresku fjárfestana hefur Strengur tryggt sér fjármögnun frá Arion banka og Íslandsbanka, sem eru umsjónaraðilar með yfirtökunni, en samþykki allir hluthafar Skeljungs tilboðið mun Strengur þurfa að greiða tæplega tíu milljarða til að eignast félagið að fullu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er það mat fjárfestahópsins og ráðgjafa þeirra að vilyrði sé frá hópi hluthafa, sem séu reiðubúnir að selja bréf sín á þessu gengi, sem ætti að tryggja þeim yfir 50 prósenta hlut í Skeljungi. Áform fjárfestanna standa hins vegar til þess að eignast enn stærri hlut, helst að lágmarki um 67 prósent, sem myndi þýða að farið yrði fram á afskráningu félagsins úr Kauphöllinni.

Á meðal hluthafa RES 9 er breska félagið No. 9 Investments en helstu eigendur þessu eru meðal annars synir Don McCarthy, fyrrverandi stjórnarformanns House of Fraser.

Jón Skaftason, framkvæmdastjóri Strengs, segir í samtali við Markaðinn ljóst að rekstur Skeljungs muni taka grundvallarbreytingum á næstu árum. Tækniþróun sé hröð, rafbílum fjölgi á götunum og fyrir liggi að stjórnvöld stefni að því að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa á markaðnum. Við slíkar aðstæður sé mikilvægt að bakland félagsins sé sterkt og að hluthafar gangi í takt.

Velta Skeljungs nam rúmlega 51 milljarði króna í fyrra og var hagnaður félagsins á sama tíma um 1.400 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

16

milljarðar króna er markaðsvirði Skeljungs miðað við gengið í yfirtökutilboðinu.

„Verkefni næstu ára hjá Skeljungi er að gera félagið betur í stakk búið til að takast á við miklar breytingar. Félagið mun ekki geta reitt sig á tekjur af bensínsölu á neytendamarkaði til eilífðarnóns. Það þarf að lágmarka áhættu félagsins gagnvart þeim breytingum sem framundan eru og við teljum að við aðstæður sem þessar hafi félagið gott af sterkum kjölfestufjárfestum sem geti brugðist hratt við áskorunum og sameinast um þá vegferð sem fram undan er. Hópurinn er einhuga um þau skref sem nauðsynleg eru í rekstri Skeljungs, og mun lýsa þeirri sýn fyrir hluthöfum félagsins í tilboðsyfirliti sem væntanlegt er innan fjögurra vikna," segir Jón.

Mikil óvissa er á þessari stundu um afstöðu stærstu hluthafa Skeljungs til tilboðsins. Í samtölum Markaðarins við lífeyrissjóði og verðbréfasjóði í eigendahópnum er það skoðun flestra að yfirtökuverðið sé of lágt og því ólíklegt að mikill meirihluti þeirra muni samþykkja það að óbreyttu. Það eigi ekki síst við eftir fréttir, sem komu fram skömmu eftir að yfirtökutilboðið var lagt fram, að bóluefni kunni að komast í almenna dreifingu fyrr en vonir stóðu til og hefur aukið mjög bjartsýni fjárfesta á hlutabréfamörkuðum. Gengi hlutabréfa Skeljungs hefur hækkað um 7,3 prósent í vikunni og stóð í 8,37 krónum á hlut við lokun markaða í gær, litlu meira en yfirtökuverðið hljóðar upp á.

Líklegt er talið, samkvæmt heimildum Markaðarins, að einhverjir í hluthafahópi Skeljungs muni óska eftir því við stjórn félagsins að fenginn verði óháður aðili til að framkvæma verðmat á félaginu. Á meðal stærstu hluthafa eru lífeyrissjóðirnir Gildi, Frjálsi og Birta og sjóðir í stýringu Stefnis.

Skeljungur er eigandi að olíufélaginu P/F Magn í Færeyjum auk þess að reka meðal annars dagvöruverslanir undir merkjum 10-11 hér á landi. Þá er félagið með þriðjungshlut í Wedo, sem á og rekur vefverslanir á borð við Heimkaup.is, auk þess sem það keypti fjórðungshlut í Brauð&Co og Gló fyrr á árinu.

hordur@frettabladid.is

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

STUTTUR AFHENDINGAR-TÍMI

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf
með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Haukur starfaði í tíu ár hjá Íslandsbanka þar sem hann var meðal annars forstöðumaður framtaksfjárfestinga og forstöðumaður greiningar og stefnumótunar á viðskiptabankasviði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nýbankinn indó tekur á sig mynd

Fjártæknifyrirtækið indó er nálægt því að fá viðskiptabankaleyfi. Helstu samningar frágengnir og klára fjármögnun upp á hátt í 500 milljónir króna á næstu vikum. Yfirmenn hjá bandaríska fjárfestingasjóðnum AngelList komu nýlega inn í hluthafahópinn.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Hugmyndin er að innlánin séu 100 prósent örugg og ávallt fullkomlega aðgengileg og þess vegna mun bankinn ekki endurlána fjármuni innstæðueigenda í áhættusöm verkefni. Okkur finnst fullkomlega sjálfsagt að viðskiptavinir geti fengið svar við spurningunni: *„Hvar er peningurinn minn?“* segir Haukur Skúlason, annar af tveimur stofnendum nýbankans og fjártæknifyrirtækisins indó.

Áform indó miða að því að bjóða upp á veltureikninga tengda við debetkort og verður þjónustan alfarið í snjallsímaforriti. Ólíkt hefðbundinni bankastarfsemi verða innstæður viðskiptavina indó ekki lánaðar út, nema til ríkisins. Þannig verða öll innlán hjá indó lögð inn á reikning hjá Seðlabankanum eða þau fjárfest í ríkisskuldabréfum.

„Þegar kemur að okkar almennu neyslu, þá erum við meðvituð um áhrif okkar sem neytendur. Viðskiptavinir vilja vita hvaðan vörur koma, úr hverju þær eru og svo framvegis svo þeir geti stýrt neyslu sinni til samræmis við sín eigin gildi. Við viljum ekki kaupa fatnað sem framleiddur er í þrælakistum eða matvæli sem hafa verið ræktuð með umhverfisspillandi hætti. Við gerum kröfu á þá sem selja vörur og þjónustu um að veita okkur upplýsingar, annars færum við okkar viðskipti annað. *Af hverju ætti bankastarfsemi að vera öðruvísi?“* spyr Haukur.

Nýbankinn hefur gengið frá öllum samningum sem þarf til að koma starfseminni á laggirnar. Til að mynda er búið að gera útgáfusamning vegna debetkorta við VISA, samning um kortaumsýslu við finnska fyrirtækið Enfuce og íslenska sprotafyrirtækið Lucinity mun sjá um varnir gegn peningaþvætti. Þá er samþætting á kerfum indó við grunnkerfi Reiknistofu bankanna langt komin.

„Allt sem þarf að ganga frá til að fá leyfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir starfseminni er að mestu leyti frágengið. Það sem er útistandandi snýr fyrst og fremst að fjármögnun og endanlegri skipulagningu félagsins sem við munum á næstu vikum ljúka og þar með uppfylla öll skilyrði laga sem um starfsemina gilda,“ segir Haukur.

Nýlega gekk indó frá fjármögnun upp á rúmlega 70 milljónir króna en hún skiptist þannig að rúmlega 40 milljóna króna var aflað með hlutafjáraukningu og rúmlega 30 milljóna með útgáfu breytanlegs skuldabréfs til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Einn af þeim sem komu nýir inn í hluthafahópinn í síðustu fjármögnunarumferð var Kevin Laws, einn framkvæmdastjóra bandaríska fjárfestingasjóðsins AngelList, sem var með meira en 300 milljarða króna í stýringu á síðasta ári. Laws flutti tímabundið til Íslands með fjölskyldu sína í vor til þess að leita að eðlilegu lífi í heimsfaraldrinum.

„Leiðir okkar lágu saman og honum leist mjög vel á það sem við erum að gera. Hann og fleiri innan AngelList ákváðu að slá til og fjárfesta persónulega í indó og í framhaldinu verður skoðað hvort AngelList muni taka þátt í stærri fjármögnunarumferðum okkar. Við erum mjög stolt af því að hann hafi svo mikla trú á indó og okkar vegferð að hann hafi ákveðið að koma með sína eigin fjármuni að borðinu, og ekki síður að hann hafi mælt með fjárfestingunni við kollega sína.“

Haukur segir að indó stefni á að ganga frá 4-500 milljóna króna fjármögnun til þess að uppfylla öll skilyrði Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir starfseminni. „Við höfum meðal annars verið að tala við AngelList, fjársterka einstaklinga í Kísildalnum í Bandaríkjunum sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum og fjárfestingasjóði í Evrópu sem horfa til fjártæknifyrirtækja og skilja þann geira vel.

Að auki höfum við rætt við aðila innanlands um hugsanlega þátttöku þeirra í þessari umferð,“ segir Haukur.

„Þetta eru samtöl sem hafa verið í gangi frá því í sumar og við höfum verði vandfýsin á hverja við viljum fá um borð. Við viljum hafa samheldinn hluthafahóp sem deilir þeirri sýn sem við höfum. Þetta mun klárast á næstu vikum.“

Smæðin mikill kostur

Báðir stofnendur indó hafa starfað á fjármálamarkaði um langt skeið. Haukur starfaði í tíu ár hjá Íslandsbanka, þar sem hann var meðal annars forstöðumaður framtaksfjárfestinga og forstöðumaður greiningar og stefnumótunar á viðskiptabankasviði. Tryggvi Björn Davíðsson var framkvæmdastjóri markaða hjá Íslandsbanka á árunum 2011 til 2017, en fyrir það starfaði hann hjá Barclays Capital í London við að byggja upp skuldabréfafjárfestingar breska bankans.

Haukur og Tryggvi hófu undirbúning að stofnun indó haustið 2018, en þá stóðu stýrivextir Seðlabankans í 4,5 prósentum. Síðan þá hafa vextir lækkað niður í eitt prósent. Aðspurður hvort lágvaxtaumhverfið hafi krafist endurskoðunar á viðskiptalíkaninu segir Haukur svo ekki vera.

„Við erum mjög meðvituð um hvernig vaxtastigið hefur þróast og höfum unnið ötullega að því frá byrjun að byggja reksturinn upp með þeim hætti að breytingar á vöxtum Seðlabankans hafi eins lítil áhrif og kostur er, enda þarf að huga að stöðugleika viðskiptalíkansins frá upphafi. Lágvaxtaumhverfið er vissulega krefjandi en við erum með skýrar áherslur og ákveðnar nýjungar og sjáum fram á að geta farið vel af stað í umhverfinu eins og það er í dag og tekist á við breytingar á því á næstu misserum. Með hnitmiðuðum og gegnsæjum rekstri er hægt að halda rekstrarkostnaði í brotabroti af því sem samkeppnisaðilar okkar standa frammi fyrir,“ segir Haukur.

„Kosturinn við það að vera með lítið, en frábært, teymi, er að við stöndum vel að vígi þegar kemur að sveiflum í ytra umhverfinu.“

Markaðsmál eru þungamiðja

Gréta María Grétarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Krónunnar, gekk nýlega til liðs við indó sem ráðgjafi á sviði stefnumótunar viðskiptavina. Aðspurður segir Haukur að Gréta hafi margt fram að færa í uppbyggingu indó.

„Gréta kemur inn með þrjá lykilþætti til indó. Í fyrsta lagi er hún frábær markaðsmanneskja sem skilur hvernig markaðsmál og viðskiptavinanálgun virkar. Í öðru lagi – og þetta skiptir okkur miklu máli – hefur hún skýra sýn á samfélagslega ábyrgð og slær ekki af þeim kröfum sem hún gerir. Það rímar vel við okkar áherslur enda ætlum við að vera yfirmáta gegnsæ og hreinskilin í öllu því sem við gerum. Í þriðja lagi hefur hún þekkingu úr fjármálaheiminum eftir að hafa unnið í Arion banka og Seðlabankanum og var því fljót að setja sig inn í verkefnið.“

Þið ætlið í samkeppni við rótgróin vörumerki á fjármálamarkaði. Markaðsmálin hljóta að vera mikilvæg ef það á að heppnast, ekki satt?

„Jú, algjörlega. Markaðsmálin, það er að segja hvernig við komum skilaboðunum á markaðinn og fáum almenning í lið með okkur, verða þungamiðjan í rekstrinum ásamt nýjustu lausnum á sviði tæknimála, þar höfum við algera snillinga innanborðs sem gera upplifun viðskiptavina í appinu algerlega einstaka á heimsvísu.”

> **Með hnitmiðuðum og gegnsæjum rekstri er hægt að halda rekstrarkostnaði í brotabroti af því sem samkeppnisaðilar okkar standa frammi fyrir.**
>
> Haukur Skúlason, stofnandi indó

Ýmsir spekingar höfðu rangt fyrir sér

Spurður hvort dýrt sé að fá viðskiptabankaleyfi leggur Haukur áherslu á að leyfið sé ekki í höfn fyrr en það er í höfn. Fyrirtækið hafi þó átt í góðu samstarfi við Fjármálaeftirlit Seðlabankans og sé ánægt með gang mála.

„Hvort ferlið sé dýrt er líklega afstætt, vegna þess að þegar við Tryggvi [Björn Davíðsson] byrjuðum þetta verkefni voru alls konar spekingar sem sögðu að þetta kostaði fleiri milljarða og væri hreinlega ekki hægt. En við höfum safnað tæpum 200 milljónum króna frá stofnun, eigum nægt rekstrarfé eftir til næstu missera og erum samt komin langt með að uppfylla skilyrði fyrir starfsleyfi. Það gefur til kynna að þetta þurfi ekki að vera jafn kostnaðarsamt og margir halda. Fólk þarf einfaldlega að vera skipulagt og hafa einbeitta og skýra sýn á það sem það er að gera og umfram allt að hafa frábært teymi í verkefninu.

Lágmarkskrafa um eigið fé fyrir viðskiptabanka er 1 til 4 milljónir evra, eftir því hvers eðlis starfsleyfið er, en það er ekki beinn kostnaður í sjálfu sér heldur er það krafa um ákveðið lágmarks eigið fé. Kostnaðurinn við stofnun indó hefur að mestu legið í launakostnaði og kostnaði við samþættingu kerfa, auk þróunar okkar eigin kerfa. Það gefur augaleið að kostnaður getur verið töluverður ef vegferðin dregst á langinn eða ef sýnin er ekki skýr strax í upphafi, en við höfum verið lánsöm með hversu vel þetta hefur í raun gengið.“

Framlag okkar

Framlag PwC felst í því að finna lausnir við aðsteðjandi áskorunum og byggja upp traust í samfélaginu.

Þetta er okkar leiðarljós í samskiptum og viðskiptum.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

Laun á Íslandi hækkuðu um 6,4 prósent milli ára í ágúst samkvæmt launavísitölu. Til samanburðar hljóða nýir kjarasamningar í Svíþjóð upp á 5,4 prósenta launahækkun fram til ársins 2023. FRÉTTABLAÐIÐ

Nafnlaunahækkanir ofan í lægðina

Launakostnaður sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verður á sömu slóðum á næsta ári og árið 2007. Hagfræðingur segir miklar launahækkanir nú líklegar til að festa atvinnuleysi í sessi. Fyrrverandi formaður BSRB vill að atvinnurekendur horfi í eigin barm.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Launakostnaður á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu mun að óbreyttu nálgast 70 prósent á árinu 2021. Um er að ræða hæsta gildið frá árinu 2007. Það sem er ólíkt nú er sú staðreynd að íslenska hagkerfið mun að öllum líkindum vera í eða að stíga upp úr, djúpstæðri kreppu á næsta ári, á meðan mikill hagvöxtur hafði verið á Íslandi í aðdraganda ársins 2007. Launaskrið nú er vegna Lífskjarasamningsins sem felur í sér töluverðar taxtahækkanir á árunum 2019 til 2022.

Við undirritun Lífskjarasamningsins var gert ráð fyrir samanlögðum 10,2 prósenta hagvexti á árunum 2019 til 2022, sökum heimsfaraldursins hafa allar hagspár tekið miklum breytingum og benda nú flestar til þess að íslenska hagkerfið muni ekkert vaxa á samningstímabilinu sem um ræðir. Af þessu tilefni vildu Samtök atvinnulífsins taka upp Lífskjarasamninginn í lok september síðastliðins, en fyrir tilstuðlan stjórnvalda tókst að afstýra því með tímabundinni lækkun tryggingagjalds og öðrum aðgerðum til aðstoðar fyrirtækjum í landinu.

> **Slíkar hækkanir leiða einfaldlega af sér rýrnun á kaupmætti allra landsmanna.**
>
> Finnur Oddsson, forstjóri Haga

Eftir hrun fjármálakerfis heimsins árið 2008 lækkuðu laun á Ísland hratt samfara mikilli verðbólgu og hlutfall launa af vergri landsframleiðslu náði sínu lægsta gildi, litið nokkra áratugi aftur í tímann. Frá árinu 2009 hefur svo átt sér stað eitt lengsta skeið launaskriðs á Íslandi og sér ekki fyrir endann á því. Að minnsta kosti ekki á meðan Lífskjarasamningurinn er í gildi og þær hækkanir sem samningurinn mælir fyrir um ná fram að ganga.

Þrátt fyrir að þegar hafi byrjað að hægja á íslenska hagkerfinu haustið 2019 hafa launahækkanir haldið áfram. Þannig kemur fram í nýjustu fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands að í ágúst síðastliðnum hafi launavísitala Hagstofunnar hækkað um 6,4 prósent milli ára, eða um 3,5 prósent að raunvirði. Þá aukningu

> **Þessar miklu taxtahækkanir grafa undan getu vinnumarkaðarins til að búa fljótt til þau störf aftur sem hafa tapast á síðustu mánuðum.**
>
> Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka



/VILHELM

Hagvaxtarspá á Norðurlöndunum

	2020	2021	2022
Ísland	-7,10%	3,40%	3,40%
Danmörk	-4,20%	4,30%	3,50%
Svíþjóð	-3,10%	2,70%	4,40%
Noregur	-1,90%	3%	3,50%
Finnland	-4%	2,80%	2,50%

HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS, SEB

Höggið á íslenska hagkerfið er hið þyngsta meðal Norðurlandanna

Hröð uppbygging ferðaþjónustu á Íslandi síðastliðinn áratug gerði það að verkum að ferðaþjónusta varð stór hluti af hagkerfinu. Raunar var hlutfall ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu á Íslandi einna hæst hér í Evrópu og aðeins lönd á borð við Spán og Grikkland samanburðarhæf í þeim efnum. Ísland kemur því töluvert verr út úr núverandi efnahagskreppu en hin Norðurlöndin. Samdráttur íslenska hagkerfisins verður töluvert meiri en hinna Norðurlandanna. Viðspyrna íslenska hagkerfisins verður hins vegar ekkert endilega kröftugri en nágrannalandanna þrátt fyrir þyngra högg á árinu 2020, enda eru allar líkur á því að ferðaþjónusta fari hægt af stað á næsta ári, hérlendis sem annars staðar.

Seðlabanki Íslands spáir því að einkaneysla muni dragast saman um 5,8 prósent á árinu 2020. Áður hafði bankinn spáð meiri samdrætti einkaneyslu, eða yfir 7 prósentum. Samdráttur einkaneyslu á Íslandi er þó nokkuð meiri en á hinum Norðurlöndunum, að Noregi frátöldum. Samkvæmt nýrri hagspá sænska bankans SEB verður samdráttur einkaneyslu í Svíþjóð á þessu ári um 3,5 prósent. Samdrætti einkaneyslu í Noregi spáir sænski bankinn 7,9 prósentum á þessu ári. Samdrætti einkaneyslu í Danmörku er spáð 4,4 prósentum og 4,6 prósentum í Finnlandi.

Launakostnaður sem hlutfall af vergum þáttatekjum 2010-2019



Launakostnaður sem hlutfall af VLF



vinnu: „Þessar miklu taxtahækkanir grafa undan getu vinnumarkaðarins til að búa fljótt til þau störf aftur sem hafa tapast á síðustu mánuðum. Meiri taxtahækkanir koma svo hratt inn núna. Það var hækkun í aprílbyrjun á þessu ári og svo kemur önnur strax núna í janúar. Það hefði verið hjálplegt að seinka þessum hækkunum eða dreifa úr þeim yfir lengri tíma, enda koma þær á allra versta tíma nú þegar við erum nánast í botni djúprar kreppu," segir Jón Bjarki.

Hann nefnir líka að gengislækkun krónunnar verði einna helst til verðbólguþrýstings til skemmri tíma, en hækkandi launakostnaður muni einnig hafa sitt að segja. „Það þarf þó að líða aðeins lengri tími áður en við bítum alveg úr nálinni með þessar miklu nafnlaunahækkanir. Allt frá þjóðarsáttinni fram á miðjan síðasta áratug var samstaða um það á vinnumarkaði að stuðla að kaupmáttaraukningu við gerð kjarasamninga. Hins vegar hefur ný forysta verkalýðshreyfingarinnar gert þá áherslubreytingu síðastliðin tvö ár að sækja fast miklar nafnlaunahækkanir. Það er auðvitað pólitískt viðfangsefni hvernig launadreifingu á að vera háttað í samfélaginu. Hins vegar hefur það sýnt sig aftur og aftur, bæði hérlendis og erlendis, að miklar nafnlaunahækkanir án samsvarandi framleiðniaukningar skila ekki varanlegri kaupmáttaraukningu. Reynslan af verðbólguskrúfum fyrri áratuga, þar sem veikari króna og mikil verðbólga átu upp launahækkanir jafnóðum, er til marks um það," segir Jón Bjarki.

Finnur Oddsson, forstjóri Haga, sem reka meðal annars fjölda dagvöruverslana hér á landi, tekur í svipaðan streng. „Það dylst engum að laun hafa hækkað mest af öllum kostnaðarliðum í verslun og að gefinni óbreyttri álagningu koma þessar launahækkanir niður á öllum rekstri. Við þessu bregðumst við með því að leggja aukna áherslu á hagræði, til að uppfylla markmið okkar til viðskiptavina um hagkvæmni og úrval og að færa þeim meira fyrir minna."

„Með aukinni sjálfvirkni hefur okkur tekist að ná ákveðnu rekstrarhagræði og að auki er nú, að minnsta kosti tímabundið, nokkur aukning í umsvifum verslunar á Íslandi vegna COVID-19, sem einnig hefur hjálpað. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að til lengri tíma er takmörkuð innstæða fyrir launahækkunum umfram framleiðniaukningu í hagkerfinu. Slíkar hækkanir leiða einfaldlega af sér rýrnun á kaupmætti allra landsmanna," segir hann.

Erfitt að mæla vanlíðan

Yngvi Harðarson, hagfræðingur hjá greiningarfyrirtækinu Analytica, segir að hraðar nafnlaunahækkanir muni að öllum líkindum bitna á atvinnustigi á Íslandi. „Þessar miklu launahækkanir gætu knúið fyrirtæki til að segja upp starfsfólki sem ella þyrfti ekki að segja upp, enda þarf einhvern veginn að bregðast við hærri launakostnaði ef það er ekki hægt að velta honum út í verðlag," segir Yngvi.

Hann bendir einnig á að ef stór hluti fólks er án vinnu með skertar ráðstöfunartekjur muni það draga úr neyslu og þar með getu fyrirtækja til að hækka verð. Analytica gefur mánaðarlega út svokallaðan leiðandi hagvísi sem gefur vísbendingar um efnahagsþróun næstu sex mánaða. Í október síðastliðnum náði hagvísirinn sínu lægsta gildi frá árinu 2009. „Mér sýnist þetta stefna enn neðar í nóvember. En ég held að mörgum líði andlega verr núna en árið 2009 – það er erfitt að mæla óttann við alvarleg veikindi og setja inn í hagfræðilíkön," segir Yngvi.

> **Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins ættu að líta inn á við og skoða hvort hnika mætti til fjármunum hins silkiklædda hluta þjóðfélagsins til að hafa stjórn á launakostnaði fyrirtækja í landinu.**

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi formaður BSRB

Ekki sama staða uppi og 1990

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, var formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru undirritaðir árið 1990. Ögmundur segir að ekki sé tímabært að kveða upp um hvort þáverandi stöðu á vinnumarkaði megi líkja við þá sem nú er uppi, þar sem margir óttast gamalkunna víxlverkan kauplags og verðlags. „Þessi mál þurfa að skoðast í ljósi langtímaþróunar. Við verðum að forðast alhæfingar í þessum efnum, sérstaklega nú í miðjum storminum. Ég er hins vegar ekki gagnrýninn á þessar hækkanir sem eru nú á döfinni, alls ekki. Árið 1989 var 30 prósent verðbólga og samningsaðilar á vinnumarkaði ákváðu þá í sameiningu að kveða hana niður. Það tókst. Eftir það var þess ekki lengi að bíða að stjórnvöldin og ráðandi öfl vildu nýta sér sáttina til að þröngva upp á okkur kerfisbreytingum sem hefðu komið illa niður á láglaunahópum og þá vildum við segja okkur frá samkomulaginu," segir hann.

Aðspurður hvort hann telji að hækkandi launakostnaður muni draga úr getu fyrirtækja til að skapa aftur þau störf sem tapast hafa á síðastliðnum mánuðum, segir hann að hrun ferðaþjónustu hefði alltaf orðið erfitt viðfangs á vinnumarkaði og launahækkanir skipti þar ekki mestu máli. „Laun verða að duga til framfærslu. Svo má ekki gleyma að lágtekjuhópar eru líka neytendur.

Ef sá hluti þjóðarinnar er dæmdur til fjárhagslegrar útlegðar þá tekur hann ekki þátt í hagkerfinu – það kemur niður á öllu þjóðfélaginu. Mér finnst heldur að Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins ættu að líta inn á við og skoða hvort hnika mætti til fjármunum hins silkiklædda hluta þjóðfélagsins til að hafa stjórn á launakostnaði fyrirtækja í landinu," segir Ögmundur.

má nánast eingöngu rekja til kjarasamningsbundinna hækkana.

Í samanburði við nágrannalöndin er um að ræða hraðar launahækkanir. Stórir kjarasamningar voru undirritaðir á sænskum vinnumarkaði í byrjun þessa mánaðar, en þar var samið um 5,4 prósenta hækkun fram til ársins 2023. Samningar höfðu verið lausir frá því í mars á þessu ári, en þá var viðræðum frestað vegna heimsfaraldursins. Árlegar taxtahækkanir samkvæmt þessum nýju samningum verða 1,8 prósent á ári, en efnahagshorfur í Svíþjóð eru engu að síður töluvert sterkari en á Íslandi á tímabilinu sem um ræðir.

Hætta á tvískiptum vinnumarkaði

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir að miklar nafnlaunahækkanir samfara auknu atvinnuleysi auki líkurnar á tvískiptum vinnumarkaði. Meira atvinnuleysi en Íslendingar eigi að venjast geti þannig fest sig í sessi, sökum þess hversu mikið dýrara það er orðið að ráða fólk til

OECD leggur til verulegar breytingar

Bæta má verðmætasköpun um 30 milljarða króna með bættu samkeppnisumhverfi í ferðaþjónustu og byggingariðnaði að mati OECD. Ráðherra segir að breyttur veruleiki vegna COVID-19 geri það enn brýnna að hrinda hugmyndum OECD í framkvæmd.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) telur að auka megi hagvöxt á Íslandi um eitt prósent ef tillögur stofnunarinnar um bætt samkeppnisumhverfi í ferðaþjónustu og byggingariðnaði ná fram að ganga. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, óskaði eftir.

Þórdís Kolbrún segir að ef það takist væri verið að auka verðmætasköpun um 30 milljarða króna á ári. „Við höfum lokað á mikinn efnahagslegan ábata með því að sníða atvinnulífinu of þröngan stakk og gera því erfitt fyrir. Það er til mikils að vinna að bæta starfsumhverfið."

Hún segir að það sé hlutverk stjórnvalda að skapa eins frjóan jarðveg til verðmætasköpunar og kostur sé á. „Við erum öll sammála um mikilvægi þess að auka samkeppnishæfni Íslands. OECD leggur fram fjölda tillaga um hvað mætti betur fara. Nú þarf að hefja samtal um það hvernig bæta megi starfsumhverfið á Íslandi."

Greining OECD leiddi í ljós að það eru 676 mögulegar samkeppnishindranir í regluverkinu og lagðar eru fram 438 tillögur til úrbóta.

Fram kemur í skýrslunni að byggingariðnaður búi við mestar hömlur af öllum OECD-ríkjunum. Sömuleiðis sé fjöldi lögverndaðra starfsgreina og starfa umtalsvert hærri hér á landi miðað við önnur Evrópulönd. Miklar aðgangshindranir séu til staðar á mörkuðum fyrir hvers kyns starfsemi sem krefst aðkomu fjölda löggildra fagaðila.

Þórdís Kolbrún segir að aðstæður í þjóðfélaginu hafi verið með öðrum hætti þegar ákveðið var að fá OECD til að gera úttekt á regluverki byggingariðnaðar og ferðaþjónustu á vormánuðum í fyrra. COVID-19 hafði ekki látið á sér kræla en nú hafi veiran mikil áhrif á þjóðlífið. „Breyttur veruleiki hefur gert það að verkum að enn brýnna er að hrinda mörgum af tillögunum í framkvæmd."

Hún vonast til að skýrslan marki upphaf að breyttri hugsun við reglusetningu á Íslandi. „Skýrslan þarf að vera áminning um að við megum ekki reisa óþarfa hindranir fyrir atvinnulífið. Það mun koma í bakið á okkur. Við eigum ekki að þurfa að fara á nokkra ára fresti í samskonar úttekt til að hreinsa hindranir sem standa í vegi fyrir samkeppnishæfni Íslands."

Að sögn Þórdísar Kolbrúnar var ákveðið að rýna í ferðaþjónusta og byggingarstarfsemi meðal annars vegna þess að sú starfsemi er minna ákvörðuð af samræmdum ESB-reglum en margar aðrar greinar. „Það er á forræði íslenskra stjórnvalda að breyta starfsumhverfi atvinnugreinanna og það þótti mér skipta máli," segir Þórdís Kolbrún.

Byggingarstarfsemi býr við mun þyngra regluverk en ferðaþjónusta. „Ferðaþjónusta er ung atvinnugrein á Íslandi. Við þurfum að gæta þess að leggja ekki óþarfa hindranir í regluverkið," segir hún.

Þórdís Kolbrún segir að oft hafi sprottið upp umræða um að byggingarkostnaður væri hár á Íslandi. „Ég vildi vita hvað olli og í ljós kom að við getum gert ýmislegt til að lækka þann kostnað án þess að draga úr gæðum og öryggi. Hluti af tillögum OECD lúta að sveitarstjórnarstiginu og sumar víkja að Reykjavíkurborg sérstaklega," segir hún.

Fram kemur í skýrslu OECD að ýmsar opinberar kröfur sem gerðar séu til nýbygginga auki verulega byggingarkostnað, svo sem gatnagerðargjald og kröfur um fjölda bílastæða. Þá sé regluverk um úthlutun lóða óljóst og feli í sér óþarfa hömlur.

Skýrsluhöfundar segja að flókið og tímafrekt sé að afla byggingarleyfa hérlendis. Það sé til þess fallið að hækka byggingarkostnað óþarflega mikið. Þá geri núgildandi regluverk ekki greinarmun á eðli framkvæmda þannig að sömu skilyrði gilda um öflun byggingarleyfa fyrir allar tegundir mannvirkja. Þá sé tilkynningarskylda um minniháttar framkvæmdir sem ekki séu háðar byggingarleyfi íþyngjandi. Auk þess séu núgildandi ákvæði er varða kröfur um algilda hönnun hamlandi. Tilgangur ákvæðanna sé að tryggja aðgengi allra og lágmarksútbúnað, en útfærsla þeirra sé með þeim hætti að þau veiti takmarkað svigrúm til nýskapandi lausna.

Í skýrslunni kemur fram að innleiðing reglugerðar ESB um byggingarvörur með lögum hafi verið með víðtækari hætti en nauðsynlegt sé. Lögin séu því meira íþyngjandi en skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum kveði á um.

Niðurgreiðslur á flutningskostnaði vegna byggingarframkvæmda séu sömuleiðis til þess fallnar að draga úr samkeppni. Þá sé kveðið á um ýmsar skráningar, skoðanir og leyfi fyrir margvíslegum búnaði til mannvirkjagerðar og ekki virðist í öllum tilvikum ástæða til svo umfangsmikils eftirlits.

Í skýrslunni kemur fram að óþarfa reglubyrði einkenni nokkuð regluverk ferðatengdrar þjónustu. Fyrirkomulag leyfismála sé flókið og í nokkrum tilfellum sé nauðsynlegt að vera með mörg leyfi fyrir tiltekna starfsemi.

Jafnframt séu takmörk á erlendri fjárfestingu í ferðaþjónustu tengdri sjóstangaveiðum. Grundvöllur sé fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi leyfa fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgörðum þannig að regluverkið örvi betur samkeppni. Auk þess er bent á að skilyrði um fasta starfsstöð og starfsábyrgðartryggingar bílaleiga feli í sér óþarfa reglubyrði.

Byggingarleyfi erfið viðureignar á Íslandi

Vísitala um hve auðvelt er að afla byggingarleyfa



Stenst ekki tímans tönn

Þórdís Kolbrún segist vera sammála OECD um að endurskoða þurfi lög um lögverndun starfsheita án þess að dregið verði út gæðum veittrar þjónustu. „Ráðherra hefur heimild til að setja reglur um lögverndun starfsheita án þess að bera það undir Alþingi. Það stenst ekki tímans tönn."

OCED leggur meðal annars til að taka til skoðunar að afnema löggildingu bakara og ljósmyndara.

Auk þess að dregið verði úr reglubyrði fyrir smiði, rafvirkja, pípara, byggingarstjóra, löggilta hönnuði, fasteignasala, arkitekta og verkfræðinga.

Fram kemur í skýrslunni að of yfirgripsmikil lögverndun geti haft í för með sér hærra verð til neytenda, lægri framleiðni og færri störf.

Keflavíkurflugvöllur illa rekinn

Keflavíkurflugvöllur er einn óhagkvæmasti og dýrasti flugvöllur í Evrópu. Jafnvel í samanburði við flugvelli af sömu stærð sem taka á móti svipuðum fjölda farþega og starfræktir eru við sambærilegar veðurfarsaðstæður, segir í skýrslu OECD.

Auk þess er rekstur Isavia, sem annast rekstur allra flugvalla landsins, sá óhagkvæmasti í samanburði við rekstur allra annarra flugrekstraraðila í Evrópu. Isavia er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins.

Í skýrslunni segir að líkur séu á að núgildandi regluverk og fyrirkomulag eignarhalds flugvalla á Íslandi kunni að stuðla að lökum rekstri. Þannig setur það Isavia engar skorður varðandi verðlagningu á flugvallarþjónustu á Íslandi, sem á endanum komi niður á neytendum.

Lagt er til að leita leiða til að auka samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar. Mögulegar leiðir gætu til dæmis verið breytt skipan eignarhalds eða reksturs með útboði á rekstri Keflavíkurflugvallar, eða aðskildu útboði fyrir rekstur innanlandsflugvalla.

> **Skýrslan þarf að vera áminning um að við megum ekki reisa óþarfa hindranir fyrir atvinnulífið.**

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra

Meta Ölmu á 11 milljarða

Fjárfestar meta virði leigufélagsins Ölmu, sem áður hét Almenna leigufélagið, á liðlega 11 milljarða króna ef marka má viðskipti sem hafa verið að undanförnu með bréf í félaginu. Þannig hafa sjóðfélagar fagfjárfestasjóðs í rekstri GAMMA, sem er eigandi Ölmu, selt í sjóðnum á gengi sem nemur um 0,85 til 0,9 miðað við bókfært eigið fé, samkvæmt heimildum Markaðarins, en það var um 12,4 milljarðar króna um mitt þetta ár.

Leigufélagið var sett í formlegt söluferli í október, eins og greint var frá í Markaðinum, en það er Kvika banki sem hefur umsjón með ferlinu. Á annan tug fjárfesta hafa sýnt félaginu áhuga frá því að söluferlið hófst, meðal annars erlendir aðilar, en frestur til að skila inn skuldbindandi tilboði er í lok þessa mánaðar.

1.200

er fjöldi íbúða í eigu Ölmu

Heildareignir Ölmu, næststærsta leigufélag landsins með um 1.200 íbúðir, námu um 46,6 milljörðum um mitt þetta ár. Rekstrartekjur voru 1.335 milljónir á tímabilinu og drógust saman um 146 milljónir.

Upphaflega stóð til að skrá Ölmu á markað en horfið var frá þeim áformum í fyrra en reksturinn hafði þá verið undir væntingum og aðstæður á mörkuðum ekki fýsilegar. Stefnt er að því að slíta sjóðnum sem heldur um Ölmu á næsta ári. – hae

Arion glímir við gnægð fjármagns

Grunnrekstur Arion banka er á mikilli siglingu og var lítillega sterkari á þriðja ársfjórðungi en greinandi Jakobsson Capital reiknaði með. Þetta kemur fram í verðmatsgreiningu á Arion banka en verðmatið hljóðar upp á 102 krónur á hlut sem er rétt tæplega 16 prósentum yfir núverandi markaðsgengi.

Afkoma af áframhaldandi starfsemi bankans, það er grunnrekstri, var 4.961 milljón króna og jókst um 31 prósent milli ára. Spár greinenda höfðu gert ráð fyrir, að meðaltali, að afkoma bankans af grunnrekstri yrði 3.218 milljónir.

Greinandi Jakobsson Capital bendir á að Arion banki glími við gnægð af fjármagni. Eiginfjárhlutfall Arion reiknað á áhættugrunni er 27,6 prósent en krafa Seðlabankans er að eiginfjárhlutfallið sé 18,4 prósent.

Markaðsvirði Arion er 153 milljarðar.

> **Arion banki gæti hæglega greitt 41 milljarð króna í arð til hluthafa.**

„Tæknilega þýðir það að bankinn er með 65 milljarða króna í umfram eigið fé. Væntanlega væri það þó ekki skynsamleg ráðstöfun að greiða allt umfram eigið fé út en bankinn ætti að geta hæglega greitt hluthöfum 41 milljarð króna," skrifar greinandinn.

Ef það væri gert þá hækkar vænt arðsemi eigin fjár Arion banka úr 8,7 prósentum í 13,2 prósent á spátíma og verð bankans verður vel umfram bókfært virði bankans samkvæmt verðmati eða um 1,16. – þfh

tl.is

STÓRAUKIÐ ÚRVAL AF SAMSUNG SÍMUM OG TÖLVUVÖRUM

TÖLVU LISTINN

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS

Skotsilfur

Ekki veitir af

Arion banki, sem er stýrt af **Benedikt Gíslasyni,** auglýsir þessa dagana að hann innheimti engar þóknanir af hlutabréfaviðskiptum í netbanka í nóvember. Ekki er vitað til þess að bankar hér á landi hafi áður farið þessa leið og spennandi verður að sjá hvort að hinir viðskiptabankarnir fylgi einnig með í kjölfarið. Slíkt skref gæti verið til þess fallið að glæða hlutabréfamarkaðinn lífi og ýta við þátttöku almennings. Það veitir ekki af – hlutdeild almennings hefur verið nánast hverfandi allt frá fjármálahruni – en heimilin eiga núna um 1.000 milljarða á innlánsreikningum í bönkunum á neikvæðum raunvöxtum.

Til Stefnis

Talsverðar mannabreytingar hafa verið að undanförnu hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni, dótturfélagi Arion banka. Þannig hefur Stefnir nýlega fengið til liðs við sig **Eirík Ársælsson**, sem hafði undanfarin ár starfað við skuldabréfaráðgjöf japanska fjárfestingabankans Nomura í Lundúnum, og mun hann vera í teymi sérhæfðra fjárfestinga hjá félaginu.

Uppstokkun

Skuldsettar yfirtökur hafa ekki verið daglegt brauð á hlutabréfamarkaði eftir bankahrunið. Það kann að vera að breytast en hópur fjárfesta, undir forystu **Jóns Ásgeirs Jóhannessonar** og Sigurðar Bollasonar, freistar þess að ná meiri ítökum í Skeljungi, skrá félagið í kjölfarið af markaði og ráðast í umtalsverða uppstokkun á rekstrinum og selja frá sér eignir. Á meðal þeirra sem standa með þeim að fjármögnun á yfirtökunni eru breskir fjárfestar, meðal annars synir Don McCarthy, sem lést 2018, en hann var viðskiptafélagi Baugs til margra ára og sat um skeið í stjórn félagsins. Þá var hann einnig fyrir fáeinum árum einn af stærstu hluthöfum VÍS, ásamt Sigurði í gegnum félagið Grandier, en þeir seldu allan hlut sinn árið 2017.

Flugvöllurinn Berlin Tegel lokaði loksins

Flugvellinum Berlin Tegel í Þýskalandi, sem starfræktur hafði verið frá árinu 1948, var lokað á sunnudag. Enda tókst loksins að ljúka við smíði flugvallarins Berlin Brandenburg. Á myndinni er vatni sprautað á síðustu flugvélina sem flaug frá Tegel til Parísar. Berlínarbúar voru orðnir langeygir eftir að nýr flugvöllur myndi rísa. Framkvæmdir við nýja flugvöllinn hófust árið 2006. Sex sinnum var hætt við opnunarhóf og þingið hefur tekið málið til skoðunar tvisvar sinnum. Nýr flugvöllur opnar á efiðum tíma, flug liggur meira og minna niðri vegna COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ef ekki nú, þá hvenær?

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Fyrir nokkrum árum voru bornar upp tillögur um að veita tilteknu hlutfalli af landsframleiðslu til heilbrigðismála. Ekki fylgdi tillögunum hvernig bregðast ætti við hruni í landsframleiðslu en líklegt má telja að niðurskurður á slíkum tímum myndi falla í grýttan jarðveg.

Staðreyndin er sú að hvort sem vel árar eða illa er ákveðin tregða í opinbera kerfinu sem kemur í veg fyrir nauðsynlegar umbætur í átt að aðhaldi í fjármálum. Þessi tregða hefur meðal annars leitt til þess að á síðastliðnum fjórum áratugum hafa tekjur hins opinbera á mann (+125%) vaxið töluvert umfram landsframleiðslu (+95%). Frumútgjöld hins opinbera á hvern íbúa hafa aukist um þriðjung frá árinu 2011. Á næsta ári er gert ráð fyrir að heildargjöld hins opinbera verði nær helmingur af landsframleiðslu.

Það er ljóst að meiri eftirfylgni þarf með nýtingu opinbers fjár og ekki ætti að þurfa að tíunda nánar af hverju aukin útgjöld skyldu aldrei vera sjálfstætt markmið. Ef lokatakmark velferðarkerfisins er aukin lífsgæði, betri skilyrði til heilsu, menntunar og almennrar velsældar, setjum okkur þá mælikvarða sem endurspegla hvort markmiðum okkar þar að lútandi sé náð. Þar getur verið um að ræða mælikvarða á borð við aðgengi að þjónustu í heilbrigðiskerfinu, svo sem í formi biðlista eða biðtíma, eða í menntakerfinu í formi námsárangurs eða atvinnustigs. Lífsgæðin felast ekki í fjármagninu heldur þeirri velsæld sem hægt er að ná fram með nýtingu þess.

Frá upphafi kórónukreppunnar hefur stór meirihluti atvinnurekenda þurft að ráðast í krefjandi hagræðingaraðgerðir. Rúmur þriðjungur þeirra hefur neyðst til að grípa til uppsagna. Þeir hafa „þurft“ og „neyðst“ því þetta eru aðgerðir sem engum hugnast vel að grípa til en aðstæður bjóða ekki upp á annað. Hið sama virðist ekki vera uppi á teningnum víða í opinbera kerfinu þó það sjái einnig fram á mikið tekjufall á næstu misserum, enda háð skatttekjum frá þessum sömu fyrirtækjum og eru nú í miklum hagræðingaraðgerðum.

Við vitum að daprar efnahagshorfur munu óumflýjanlega leiða til einhvers konar hagræðingaraðgerða af hálfu hins opinbera þegar fram líða stundir, eins og tilgreint er í fjármálaáætlun. Viðkvæðið hefur þó oft verið að ekki sé hægt að hagræða í velferðarkerfinu eða að ekki sé rétti tíminn til þess. En er einhvern tímann ekki rétti tíminn til að fara betur með fjármuni almennings? Óvíða í heiminum eru umsvif hins opinbera meiri en á Íslandi. Ef sífellt er ákall um aukin útgjöld þvert á málefnasvið óháð efnahagsástandi er víst að eitthvað mun þurfa undan að láta. Þá er ótalin sú staðreynd að lífaldur þjóðar fer hækkandi.

Hagræðing er ekki sama og niðurskurður

Hagræðing þarf ekki að fela í sér sársaukafullan niðurskurð í grunnþjónustu eða fjöldauppsagnir opinberra starfsmanna. Ýmsar leiðir eru færar til að bæta gæði þjónustu með minni tilkostnaði, eins og kemur fram í tillögum SA undir yfirskriftinni Höldum áfram.

Þær miklu tækniframfarir sem hafa átt sér stað á undanförnum árum hafa einmitt haft það að leiðarljósi að einfalda okkur lífið, spara tíma og fjármuni, vinna sömu vinnu á skilvirkari hátt. Þetta eru framfarir sem fyrirtæki hafa tileinkað sér í stórum stíl svo þau standi ekki höllum fæti í harðri samkeppni. Af hverju eru þessar tækninýjungar ekki að skila sér hraðar og betur inn í opinbera kerfið? Líklega því orðin „þurfa“ og „neyðast“ eru sjaldan eins aðkallandi þar og í atvinnulífinu.

Ýmis tækifæri eru til sóknar á þessu sviði. Sem dæmi má nefna að Ísland er í um 65. sæti í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að stafrænni þjónustu hins opinbera. Hin Norðurlöndin raðast öll í efstu 15 sætin. Í þessu ljósi ber að fagna auknum krafti í átakið Stafrænt Ísland sem mun stórbæta þjónustu við almenning og spara ríkissjóði allt að fjóra milljarða árlega. Nýtum svo þessa sömu tækni til að stytta biðlista, bæta menntun og auka lífsgæði. Höldum áfram á þessari braut.

Var Seðlabankinn að sóa gjaldeyrisforðanum?

Jón Bjarki Bentsson aðalhagfræðingur Íslandsbanka

Gjaldeyrissala Seðlabankans undanfarið hefur slegið fyrri met en krónan átt á brattann að sækja á sama tíma. Alls hefur bankinn selt tæplega hálfan milljarð evra úr gjaldeyrisforða sínum frá ágústbyrjun, jafnvirði tæplega 80 milljarða króna. Til samanburðar nam gjaldeyrisforðinn í heild ríflega 6 milljörðum evra í ársbyrjun. Hverju sætir þetta og er það skynsamleg stefna hjá Seðlabankanum að selja sem nemur 8% af gjaldeyrisforða sínum á örfáum mánuðum?

Ástæða mótvinds gegn krónunni undanfarna mánuði er líklega að stærstum hluta sala erlendra aðila á ríkisskuldabréfum í stórum stíl. Miðað við frétt Fréttablaðsins seldi stærsti erlendi eigandi ríkisbréfa slík bréf fyrir tugi milljarða og keypti gjaldeyri fyrir andvirðið. Til samanburðar var halli á utanríkisviðskiptum líklega innan 10 milljarða á tímabilinu.

Í ljósi þessa er rökrétt að Seðlabankinn hafi brugðist við með umsvifamikilli gjaldeyrissölu. Tilgangur Seðlabankans með stórum gjaldeyrisforða er einmitt meðal annars að mynda mótvægi við kvikar krónueignir erlendra aðila og takmarka hættu á óhóflegu gengisfalli krónu ef slíkar eignir eru losaðar í miklum mæli á stuttum tíma. Með evrusölunni hefur bankinn líklega dempað verulega gengissveifluna nú í haust, dregið úr óvissu og viðhaldið trú á verðbólgumarkmiðum bankans. Ef

> **Tilgangur Seðlabankans með stórum gjaldeyrisforða er meðal annars að mynda mótvægi við kvikar krónueignir erlendra aðila**

þrýstingur á krónuna undanfarið hefði hins vegar að mestu verið vegna undirliggjandi þátta á borð við mikinn viðskiptahalla væri slík gjaldeyrissala skammgóður vermir.

Þrátt fyrir mikla gjaldeyrissölu er gjaldeyrisforði bankans enn stór og þrýstingur á krónuna verður líklega minni þegar frá líður. Erlent eignarhald á innlendum markaðsverðbréfum er með allra minnsta móti. Lágt gengi krónu og hærri vextir hér á landi en gengur og gerist ættu að vekja áhuga erlendra aðila á krónufjárfestingum þegar óvissa hjaðnar. Þá mun gjaldeyrisflæði vegna utanríkisviðskipta líkast til fljótt braggast þegar ferðageta og -vilji eykst á nýjan leik. Næsta skref hjá Seðlabankanum hlýtur að verða að skila hluta þeirra króna sem hann fékk í gjaldeyrisviðskiptum haustsins aftur inn í fjármálakerfið, til dæmis með auknum skuldabréfakaupum á markaði.

People Experience

Þetta snýst um meira en að finna og ráða hæfileikafólk

... þetta snýst um að skapa vinnustað sem það kýs að vera á.

Allir tala um upplifun viðskiptavinarins, en hvað um upplifun starfsfólksins? Með því að sameina mannauðsferla og tæknilausnir, hjálpum við fyrirtækjum að skapa líflegri og heilbrigðari vinnustaði sem laða til sín hæfileikafólk og virkja fólk til þess að ná árangri í sínum hlutverkum.

Austurstræti 12a pex@geko.is **geko.is**

geko

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. nóvember 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Þórður Gunnarsson

Ójöfnuður

Það ófremdarástand sem ríkir um allan heim vegna farsóttarinnar hefur meðal annars haft í för með sér mikla aukningu atvinnuleysis, hérlendis sem erlendis. Atvinnumissir hefur einkum átt sér stað hjá þeim sem tilheyra tekjulægri hópum. Farsóttin eykur þannig ójöfnuð á marga vegu.

Þeir sem sinna svonefndum hvítflibbastörfum geta margir hverjir unnið heiman frá sér. Starfsfólk þjónustuiðnaðar getur augljóslega ekki unnið að heiman. Þjónustuiðnaður, sem hefur haft marga úr lægri tekjuhópum í vinnu, hefur orðið einna verst úti vegna sóttvarnaaðgerða stjórnvalda víða um heim. Þar hafa mjög margir misst vinnuna – starfsmenn á hótelum og veitingastöðum og í ferðaþjónustu.

Sé svo litið til hins stóra samhengis, þá hafa hinar auðugri þjóðir efni á að halda lífi í fyrirtækjum og hækka bætur tímabundið, á meðan fátækari þjóðir geta það ekki, með augljósum og skelfilegum afleiðingum. Þegar eru komin fram fyrstu merki hungursneyðar víða um heim af þessum sökum.

Ójöfnuður er því að aukast í víðu samhengi. Það er undir hverjum og einum komið að ákveða hvort ójöfnuður sé vandamál í sjálfu sér, en því verður ekki neitað að núgildandi takmarkanir á atvinnustarfsemi koma harðast niður á tekjulágum og auka ójöfnuð í þjóðfélaginu. Stærri fyrirtæki eru líklegri til að lifa af en hin smærri. Þeir sem eiga sparnað og eignir geta þreyjað þorrann lengur en þeir sem minna hafa milli handanna.

Í ljósi þess að efnahagsleg áhrif farsóttarinnar hafa fyrst og fremst komið niður á tekjulágum þjóðfélagshópum hinna ríkari landa og svo fátækari þjóðum, sætir furðu að öll þau samtök og stjórnmálaflokkar sem telja hinar lægri launuðu stéttir sína skjólstæðinga séu ekki gagnrýnni á sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda. Sama hvort það heitir Efling eða Samfylking – ekki hefur heyrst neins konar gagnrýni frá vinstri á harkalegar sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda, nema hugsanlega ákall um hækkun bóta. En það er auðvitað engin lausn – fólk vill mæta í vinnu frekar en að vera heima á bótum.

Gríðarleg fjárútlát ríkissjóðs í formi lokunarstyrkja og hlutabóta, sem eru tilkomin vegna lokunar hagkerfisins með handafli, munu þýða mikla skuldaaukningu ríkissjóðs. Þessar skuldir bera vexti sem þarf að greiða. Eftir því sem meiri skuldir eru á baki ríkissjóðs, því minna verður til skiptanna til að reka velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfi. Það blasir við. En þau sem segjast málsvarar hinna tekjulægri í þjóðfélaginu sjá ekkert að því að slökkva á hagkerfinu með tilheyrandi byrðum á sína skjólstæðinga.

Controlant dreifir bóluefni Pfizer

Controlant hefur samið við Pfizer um dreifingu á bóluefni gegn COVID-19, samkvæmt heimildum Markaðarins. Dreifa þarf bóluefninu í djúpfrosti.

Á mánudaginn upplýstu Pfizer og BioNTech að bóluefni sem fyrirtækin þróuðu saman virkaði í 90 prósentum tilvika, samkvæmt frumniðurstöðum. Enn er verið að rannsaka virkni lyfsins á fólk. Pfizer áætlar að framleiða 50 milljónir skammta í ár og 1,3 milljarða skammta árið 2021.

Gísli Herjólfsson, framkvæmdastjóri Controlant

Gísli Herjólfsson, framkvæmdastjóri Controlant, sagði í viðtali við Markaðinn í lok september, að viðskiptavinir fyrirtækisins stefndu að því að hefja framleiðslu og dreifingu á bóluefni gegn COVID-19 fyrir lok árs og fyrripart næsta árs.

„Það eru heilmiklar áskoranir í dreifingu bóluefna. Sum þeirra þarf að flytja og geyma í djúpfrosti, mínus 80 gráðum, og þola ekki nema nokkra daga utan þess," sagði hann.

Búist er við fregnum af þróun tveggja annarra bóluefna á næstu vikum frá AstraZeneca og Moderna. – **hvj**

08.11.2020

Mér finnst stutt í ábyrgðarleysi þegar menn tala sem svo að það skipti engu máli að bæta tugi milljarða á byrðar ríkissjóðs.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Vantar þig blaðið í dag, í gær eða kannski helgarblað frá því í fyrra?

Kíktu á BLÖÐIN á frettabladid.is

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flipanum **Blöðin**

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

Frí heimsending og frí endursending

SINGLES DAY 11.11.20

20% afsláttur af dönsku merkjunum

Tækið heitir Reliefband og er borið á úlnliðnum eins og armbandsúr.

Armband sem vinnur á ógleði

Ógleði getur víða gert vart við sig, til dæmis hjá mörgum þunguðum konum, sjómönnum eða í veikindum.

Til eru fjölmargar aðferðir til að draga úr ógleði, þar á meðal lyf, plástrar, þrýstibönd, engifer, ilmkjarnaolíur, te og lækningatæki. Í tímaritinu Travel and Leisure er fjallað um ýmsar aðferðir til að taka á ferðaveikinni. Helsti ókostur lyfja er sagður svefndrungi sem fylgir þeim og varir löngu eftir að sjóferðin, bílferðin eða flugferðin er afstaðin. Plástrar eru sagðir geta gefið ágæta raun. Færri sögum fer af virkni engifers eða lyktarmeðferðar.

Lengi hefur verið þekkt að þrýstingur á ákveðna taug, P6, í úlnliðnum getur dregið úr ógleði. Armbönd sem þrýsta á taugina hafa lengi verið á markaðnum. Tímaritið Travel and leisure segir frá tæknilegri lausn til að virkja taugina í úlnliðnum til að hemja uppköstin. Tækið heitir Reliefband og er borið á úlnliðnum eins og úr. Það gengur fyrir rafhlöðum og gefur frá sér milda rafpúlsa sem örva miðtaugina í úlnliðnum. Taugaboðin hafa stillandi áhrif á þann hluta heilans sem stýrir ógleði og uppköstum og klínískar prófanir hafa staðfest að Reliefband virkar sem lækningatæki.

Í BioSpace, sem er stærsta tímarit heims á sviði lífvísinda, segir að Reliefband hafi þá kosti að áhrif þess séu stillanleg og stöðug. Stillandi áhrifin á ógleðina koma fram um leið og kveikt er á tækinu og notkun þess hefur engin eftirköst. Í BioSpace kemur fram að Reliefband hafi í upphafi verið þróað til

Armbandið gengur fyrir rafhlöðum og gefur frá sér milda rafpúlsa sem örva miðtaugina í úlnliðnum.

að draga úr ógleði sjúklinga eftir skurðaðgerðir og ógleði sjúklinga í krabbameinslyfjameðferð og er enn notað í þeim tilgangi á sjúkrahúsum, en fór fyrir nokkrum árum í almenna sölu í Bandaríkjunum.

Reliefband hefur ekki verið á markaði í Evrópu fyrr en nýlega og er komið í sölu hér á landi á vefsíðunni reliefband.is þar sem hægt er að forvitnast meira um það. Samkvæmt rannsókn sem gerð var við Háskólann á Akureyri segjast níu af hverjum tíu sjómönnum hafa fundið fyrir sjóveiki og sjóriðu. Þá var tæpur helmingur svarenda að glíma við mígreni eða spennuhöfuðverk. Rúmlega 26 sjómenn tóku þátt í rannsókninni.

Reliefband-armbandið getur verið hjálplegt við aðstæður sem valda ógleði og uppköstum. Þar á meðal má nefna ferðaveiki (sjóveiki, flugveiki, bílveiki), meðgöngu, krabbameinslyfjameðferð, mígreni, kvíða, þynnku (timburmenn) og tölvuleikjaspilun. Reliefband er einnig stuðningur við ógleðistillandi lyf eftir skurðaðgerðir.

Flestir eru hrifnir af pastaréttum ef þeir eru matreiddir úr ferskum hráefnum með gæði að leiðarljósi. MYND/GETTY

Safaríkt og seðjandi sveppapasta í kvöld

Pasta er einfalt, ódýrt og mettandi. Hér er uppskrift að fljótlegu og gómsætu sveppapasta sem auðvelt er að útfæra á ýmsa vegu. Hvernig væri að prófa það í kvöldmat?

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Það er fátt, ef nokkuð, jafn ljúffengt á þessum tíma árs og pasta. Hægt er að velja á milli ólíkra gerða pasta og eins er hægt að útfæra sósuna í ótalmörgum útgáfum. Þá þarf pasta alls ekki að vera óhollt eins og sumir óttast og fyrir þau sem forðast glúten er hægt að fá pasta sem er meðal annars unnið úr maís, svörtum baunum eða jafnvel edamame-baunum svo eitthvað sé nefnt.

Hér er uppskrift að ljúffengu sveppapasta sem svíkur engan:

Skvetta af olíu
1 lítill, gulur laukur, fínt saxaður
4-5 hvítlauksrif
2-3 bollar saxaðir sveppir
1 lítil ferna hafrarjómi (eða annars konar rjómi)
Sveppa- og/eða grænmetiskraftur
½ – 1 bolli pastasoð
Skvetta af sítrónusafa
Laukduft, salt og pipar
200-300 grömm pasta, t.d. penne, tagliatelle eða farfalle

Setjið vatn í pott, saltið vel, komið upp suðu og bætið pastanu við.
Saxið niður lauk og hvítlauk, það getur verið gott að setja til hliðar eitt saxað hvítlauksrif.
Hitið olíu á pönnunni á meðalháum hita og steikið laukinn og hvítlaukinn í mínútu og bætið svo sveppunum við, salti og pipar.
Leyfið sveppunum að steikjast þar til þeir eru orðnir gylltir og jafnvel ögn stökkir ef vill.
Hellið hafrarjóma varlega á sveppina, bætið við sveppakrafti og/eða grænmetiskrafti, laukdufti og smávegis pastasoði og látið suðuna koma upp.
Lækkið hitann, leyfið sósunni að malla og smakkið til með sítrónu, salti og pipar.
Fyrir hvítlauksunnendur er ógurlega gott að bæta við einu fínt söxuðu hvítlauksrifi á þessum tímapunkti.
Þegar pastað er klárt skal sigta það og setja svo aftur í pottinn eða í skál.
Hellið sósunni yfir pastað, smakkið til með salti, pipar og jafnvel chiliflögum.
Það er líka virkilega gott að bæta við ristuðum furuhnetum.
Stráið yfir veganosti eða annars konar osti eins og til dæmis parmesan.
Njótið með bestu lyst.

Alhliða vítamínlína hönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Hollt að láta hugann reika

Í faraldrinum hafa margir fundið breytingar á ósjálfráðum hugsunum og draumum. Við virðumst taka meira eftir innra lífi á erfiðum tímum og þetta gætu verið tilraunir hugans til að jafna sig.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Það getur haft ýmsa kosti að leyfa huganum að reika. Draumar og reikandi hugsanir geta meðal annars hjálpað okkur að sjá viðfangsefni í nýju ljósi, vinna úr minningum, áföllum og tilfinningum og auðveldað okkur ákvarðanatöku og áætlanagerð. Þær geta líka aukið sköpunargáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mörgum finnst heimsfaraldurinn ekki bara hafa breytt daglegu lífi, heldur líka innra lífi. Það hefur verið mikil umræða um hættuna á auknum geðrænum vanda vegna faraldursins en margir hafa líka fundið fyrir heilaþoku í allri einangruninni og upplifað fleiri, raunverulegri og furðulegri drauma í svefni. Yfirleitt lítum við á vöku og drauma sem aðskilda hluti, en þessir hlutir eru merkilega tengdir, segir Jennifer Windt, rannsóknarfélagi við Monash-háskólann í Melbourne í Ástralíu, sem telur að þetta beri vott um tilraunir hugans til að hvíla og jafna sig.

Um helminginn af tímanum sem við erum vakandi erum við að hugsa ósjálfráðar hugsanir. Hugsanir okkar og athygli ráfa endurtekið frá því sem við erum að gera og okkar nánasta umhverfi. Ósjálfráðar hugsanir og upplifanir eru líka algengar í svefni og skýrasta dæmið er draumar, sem hefur verið lýst sem kraftmikilli útgáfu af ósjálfráðum hugsunum. Þessar náttúrulegu sveiflur milli athygli og óreglulegs hugsanaflæðis halda áfram, bæði í svefni og vöku.

Yfirleitt tökum við ekki eftir því að hugur okkar hafi reikað og á sama hátt muna flestir bara stundum eftir draumum sínum, þó að í svefnrannsóknum þegar fólk er vakið geti það sagt frá mörgum draumum á hverri nóttu. Rétt eins og reikular hugsanir, eru draumar yfirleitt ekki undir okkar stjórn.

En Windt segir að svo virðist sem við gefum innra lífi okkar aukna athygli þegar við höfum litla stjórn á daglegu lífi. Með því að hugsa um drauma um leið og maður vaknar er hægt að muna þá miklu betur og með því að reyna að ná stjórn á hugsunum og athygli okkar yfir daginn, er hægt að vera meðvitaðri um það þegar við missum athyglina. Windt segir að á sama hátt gæti verið að fólk sem tekur meira eftir ósjálfráðum hugsunum í faraldrinum sé einfaldlega að taka betur eftir því sem var alltaf til staðar.

Öðruvísi svefn og draumar

Þeir sem hafa sofið meira í innilokuninni eru líklega að fá meiri REM-svefn á morgnana. Þar sem REM-svefn hefur verið tengdur við raunverulegustu og flóknustu draumana gæti verið að þetta fólk sé að dreyma meira. Þeir sem hafa losað sig við vekjaraklukkuna eru líklegri til að vakna beint frá REM-svefni, segir Windt, sem eykur líkurnar á að viðkomandi muni draumana.

Faraldurinn hefur líka breytt bæði dagdraumum og öðrum draumum fólks. Áhyggjur sem hvíla á okkur í vöku gera það líka í svefni og valda fleiri martröðum og draumum tengdum þessum áhyggjum.

Breytingar á ósjálfráðu innra lífi geta líka verið vísbending um að eitthvað sé að fara úrskeiðis. Kvíði og streita eru tengd endurteknum hugsunum, einbeitingarleysi, svefntruflunum og slæmum draumum, sem virðist allt hafa aukist í faraldrinum. Þessar endurteknu og óuppbyggilegu hugsanir eru andstæður þeirrar frjálsu hugsunar sem yfirleitt einkennir drauma og reikandi hugsun.

> **Það er oft álitin dyggð að vera staddur í núinu og fólk er hvatt til að efla núvitund. En það getur líka stundum verið gagnlegt að dreifa huganum.**

Hefur ýmsa kosti

Reikandi hugsanir hafa sína kosti. Draumar og reikandi hugsanir geta hjálpað okkur að mynda nýjar tengingar og sjá viðfangsefni í nýju ljósi. Þannig geta draumar blandað saman ótengdum upplifunum og áhyggjum úr vöku, í nýjar og oft og tíðum furðulegar sögur.

Ósjálfráðar hugsanir í vöku og svefni gætu hjálpað okkur að vinna úr minningum og hjálpað til við ákvarðanatöku og áætlanir. Auk þess geta þær veitt okkur nýja innsýn og verið skapandi. Svona hugsanir gætu líka komið að gagni við að vinna úr áföllum og tilfinningum. Þegar hugurinn reikar fram í tímann er það oft jákvætt, en þegar hann reikar aftur í tímann tengist það oft neikvæðum tilfinningum, segir Windt.

Það er oft álitin dyggð að vera staddur í núinu og fólk er hvatt til að efla núvitund. En það getur líka stundum verið gagnlegt að dreifa huganum. Reikandi hugsanir geta boðið upp á velkomna pásu frá leiðinlegum verkefnum og gert okkur kleift að snúa aftur með bætta athygli. Stundum eru þær líka bara ánægjulegar, við upplifum aðra veruleika í draumum okkar, ferðumst og eigum samskipti við fólk. Þegar lífið er einhæft, takmarkað og einangrað, eins og það er hjá mörgum núna, getur óbeislaður hugurinn boðið upp á frábæran flótta.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Garðyrkja

PROSTONE

» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

SÓFI + SKAMMEL TIL SÖL
Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd gott fyrir þig

spotdoc Burt með bólurnar
Íslenskt undur sjávarensíma

Skólar & Námskeið

Kennsla

KENNSLA - NÁMSAÐSTOÐ
Kenni stærðfræði, eðlisfræði, bókfærslu, íslensku og fleira.

Bý nemendur undir próf.
Uppl. í síma 899 9365

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Garðabær kynnir tvær skipulagslýsingar.

1. Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, Garðaholti og Garðahverfi, og breyting á deiliskipulagi Garðahverfis.

Þann 5.11.2020 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar í Garðaholti og Garðahverfi, og breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á aðalskipulaginu; breytingu á afmörkun 1.89 Op, opnu svæði við Grænagarð og breytingu á afmörkun 1.76 Íb, blandaðrar byggðar á Garðaholti. Gera skal eftirfarandi leiðréttingar á villum sem slæddust inn á Norðuruppdrátt Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 við staðfestingu: Bæta við á uppdrátt landnotkunarskilgreiningu 1.80 Íþ fyrir íþrótta svæði á Garðaholti sbr.greinargerð. Taka út af uppdrætti skilgreiningu 1.80 S. Lagfæra hringtákn fyrir 1.81 M, Miðsvæði Útbæjar, á uppdrætti. Tillögur deiliskipulagsbreytingarinnar varða m.a. mörk deiliskipulagssvæðis, lóðamörk, skilmála húsagerða og legu stíga.

2. Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, Brekkuás búsetukjarni.

Þann 5.11.2020 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar, Brekkuás búsetukjarni. Tillagan gerir ráð fyrir því að reitur fyrir samfélagsþjónustu 2.06 S sameinist reit fyrir íbúðarbyggð 2.04 Íb. Í stað leikskóla er áformað að byggja búsetukjarna fyrir fatlað fólk á svæðinu.

Með vísan í 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru skipulagslýsingarnar lagðar fram til kynningar á heimasíðu Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar. **Frestur til að skila inn ábendingum rennur út 2. desember 2020.** Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is

GARÐABÆR
gardabaer.is

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is **geiri** www.geiriehf.is

Munaskápar

Búninga- og munaskápar
Fáanlegir í ýmsum litum - með læsingum og snertilásum
Stærð HBD - 1900x 1200 x 500

MEGABLOK

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is **geiri** www.geiriehf.is
Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4 - Sími 5351300 - verslun@verslun.is

5668 #

ÞEKKING
ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987
MASTERS
12.-15. NÓVEMBER
GOLF
Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

11. NÓVEMBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigrúnar Ingibjargar Gísladóttur

Fagrabergi 28, Hafnarfirði.

Fyrir hönd aðstandenda,
Gunnlaugur Þorfinnsson

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og besti afi,

Eiríkur Gunnarsson

bifvélavirkjameistari, Álfkonuhvarfi 21, Kópavogi,

lést 4. nóvember í faðmi fjölskyldu sinnar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 13. nóvember nk. og hefst athöfnin kl. 13.00. Vegna aðstæðna munu eingöngu nánustu ættingjar verða viðstaddir. Athöfninni verður streymt á Facebook-síðunni: Jarðarför Eiríks Gunnarssonar.

Bára Jensdóttir
Erna María Eiríksdóttir **Höskuldur Örn Lárusson**
Hrönn Eiríksdóttir **Haraldur Bjarmi Pálsson**
Salka Ósk, Ísabella Þóra, Sævar Leon, Hekla Ósk, Davíð Páll og Eiríkur Bjarmi

---

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Grétar S. Sæmundsson

fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn í rannsóknardeild,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 8. nóvember.

Auður Baldursdóttir
Baldur Grétarsson **Ásthildur Kristjánsdóttir**
Sæmundur Grétarsson **Guðrún Þorleifsdóttir**
Selma Grétarsdóttir **Søren Petersen**
og barnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna H. Sigurjónsdóttir

Sóleyjarima 21, Reykjavík,

lést 29. október sl. á Hrafnistu. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. nóvember nk. og hefst athöfnin kl. 13.00. Vegna aðstæðna munu eingöngu nánustu ættingar verða viðstaddir. Athöfninni verður streymt á Facebooksíðunni: facebook.com/groups/702466750383651

Hrönn Scheving **Björn Björnsson**
Kristín V. Samúelsdóttir **Kjartan Viðarsson**
Bára Scheving **Kjartan S. Guðjónsson**
barnabörn, langömmubörn og fjölskyldur.

Elskulegur sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Gunnar Haraldsson

framreiðslumaður, Hjaltabakka 22, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 28. október. Útförin mun fara fram 17. nóvember kl. 15.00. Í ljósi aðstæðna verða aðeins fjölskylda og nánustu vinir viðstödd.

Elín Erlendsdóttir
Elín Bubba Gunnarsdóttir **Guðmundur Hr. Pétursson**
Haraldur Örn Gunnarsson **Anna Margrét Gunnarsdóttir**
Elisabet Kelly Gunnarsdóttir **Jeremy Wayne Caldwell**
Hörður Haraldsson **Kristín Magnúsdóttir**
Trausti Haraldsson **Elín Hauksdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórhallur Arason

fv. framkvæmdastjóri og iðnrekandi, Espigerði 14, Reykjavík,

lést á Landakoti, 8. nóvember síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

Ágúst Á. Þórhallsson **Hallbera Friðriksdóttir**
Helgi Þórhallsson **Bryndís Þorvaldsdóttir**
Valdimar Á. Þórhallsson **Nína Ármann**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Pétur Bjarnason

myndhöggvari,

lést 26. október á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fór fram í kyrrþey.

Sigríður Jóhannesdóttir
Jón Bjarni Pétursson **Berglind Veigarsdóttir**
Skúli Steinar Pétursson
Guðrún María Pétursdóttir **Jeff Chris Hallström**
Margrét Lilja og Anna María

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

María Pétursdóttir

Vestursíðu 9, Akureyri,

lést 7. nóvember. Útför hennar mun fara fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13.30. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir en athöfninni verður streymt á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju - beinar útsendingar.

Edda Hörgdal
Kristjana Stefánsdóttir **Baldur Einarsson**
Pétur Stefánsson **Halldóra Höskuldsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Óskar Þór Þráinsson

bifreiðasmíðameistari, Prestastíg 8,

lést á Landspítalanum Hringbraut þann 6. nóvember.

Anna Guðmundsdóttir
Guðrún Óskarsdóttir **Agnar Örn Arason**
Katrín Óskarsdóttir **Kristján Ingi Úlfsson**
Þráinn Óskarsson **Inga Hrönn Häsler**
Ari Páll, Óskar, Ólafur Andri, Anna Rakel, Eldey og Hafrún

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Erla Jakobsdóttir

Grænumörk 2, Selfossi,

lést á Landspítalanum 31. október sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 19. nóvember kl. 15.00 að viðstöddum nánustu aðstandendum. Athöfninni verður streymt á vef Selfosskirkju. Fjölskyldan þakkar starfsfólki HSU, Sólvalla á Eyrarbakka og deildar A6 á Landspítala fyrir nærgætna og góða umönnun.

Rúnar Jakob Gränz
Eygló Lilja Gränz **Viðar Bjarnason**
Emilía Björk Gränz **Gísli Árni Jónsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Þorvaldur Hannesson

Reykvíkingur og verkamaður, Kleppsvegi 64, Reykjavík,

lést 4. nóvember síðastliðinn.

Guðmunda Matthildur Oddsdóttir
Helga G. Þorvaldsdóttir **Jóhann Aðalsteinsson**
Rúna Jóhannsdóttir
Héðinn Þorvaldsson
Hildur Þorvaldsdóttir

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts

Ástráðs Ólafssonar

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ljósheima Selfossi.

Erla Þórhallsdóttir og fjölskylda.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Benedikt Ragnar Lövdahl

Garðsenda 15,

sem lést föstudaginn 30. október, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins fjölskylda og nánustu vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt á www.benediktlovdahl.is

Lóa May Bjarnadóttir
Pétur Þór Benediktsson **Anna Kristín Guðmundsdóttir**
Bjarni Benediktsson **Ireti Elizabeth Akinroyeje**
Ása Diljá Pétursdóttir
Dagbjört Lóa Pétursdóttir

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Sigurður Haukdal

Boðaþingi 22, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi, 6. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

Hólmfríður Haukdal **Eðvald Smári Ragnarsson**
Benedikta Haukdal **Runólfur Maack**
Anna Björg Haukdal **Gísli Gíslason**
og aðrir aðstandendur.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Ólafsson

tannlæknir,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 3. nóvember. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir útförina, en athöfninni verður streymt á slóðinni facebook.com/groups/3440139652735070/ Fjölskyldan þakkar starfsfólki á Mörk fyrir ómetanlega alúð og stuðning.

Sigurbjörg Jónsdóttir
Ólafur Ágúst Guðmundsson
Nína Kolbrún Guðmundsdóttir **Kristján Kristjánsson**
Pétur Ingi Guðmundsson **Guðbjörg Gunnarsdóttir**
Bryndís Guðmundsdóttir **Gunnar Bachmann**
og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

GÓÐA NÓTT

Royal Corinna

20% AFSLÁTTUR

STÆRÐ 180X200 CM
FULLT VERÐ 209.600 KR

VERÐ MEÐ 20% AFSLÆTTI
VERÐ 167.680 KR

STÆRÐ 160X200 CM
FULLT VERÐ 164.400 KR

VERÐ MEÐ 20% AFSLÆTTI
VERÐ 131.520 KR

Royal Corinna

Millistíft heilsurúm með góðu fimm svæðaskiptu pokagormakerfi og millistífri (áfastri) yfirdýnu. Steyptir kantar sem gefa stærra svefnsvæði.

Einstaklega vandað rúm á frábæru verði.

DÚNSÆNGUR
20% AFSL
SCANDUN ECO DÚNSÆNG

VERÐDÆMI

STÆRÐ 140X200 CM
FULLT VERÐ 13.770 KR

VERÐ MEÐ 20% AFSLÆTTI
VERÐ 11.016 KR

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Lægir með morgninum. Suðlæg átt 5-13 í dag og skúrir eða él, en léttir til um landið norðaustanvert. Hiti -3 til 5 stig.

Staður	°C	m/s
Reykjavík	3	6
Ísafjörður	2	6
Akureyri	4	9
Egilsstaðir	3	4
Kirkjubæjarkl	2	3
Hveravellir	-3	8

Fimmtudagur

Staður	°C	m/s
Reykjavík	5	8
Ísafjörður	2	2
Akureyri	3	1
Egilsstaðir	3	3
Kirkjubæjarkl	5	11
Hveravellir	0	4

Föstudagur

Staður	°C	m/s
Reykjavík	2	4
Ísafjörður	3	3
Akureyri	4	1
Egilsstaðir	3	3
Kirkjubæjarkl	3	3
Hveravellir	-2	7

LÉTT

	1	4		2				
	2				4		9	5
3	5					6		
			1			9	6	
8	4	9			2			
7				5		2		
		5	7	4			2	
						4	1	
	9	6		1		7		

MIÐLUNGS

		7	3		8	4	6	9
2		3				5		1
			6			2		
6		4					3	
								8
			4			7		2
3		8	5	4				
5			7		3		9	
7				9	2			4

ÞUNG

1	7						2	4
4					2			
	5	9	3					
9				3	7			8
	1	4		2	9		3	
8			9	6				5
			1			3		
		5		8			1	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 sperðill
5 tillaga
6 átt
8 fyrirlestur
10 tveir eins
11 skilaboð
12 spilda
13 keppni
15 reiknirit
17 kauða

LÓÐRÉTT
1 rugla
2 hlekkir
3 súld
4 samtíða
7 dvöl
9 dálitlu
12 æsa
14 krap
16 íþróttafélag

1	2	3		4	■
5			■	6	7
8			9		
10		■	11		
	■	12			
13	14			■	
15				16	
■	17				

LÁRÉTT: 1 bjúga, 5 ráð, 6 nv, 8 erindi, 10 nn, 11 orð, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gaura
LÓÐRÉTT: 1 brengla, 2 járn, 3 úði, 4 andra, 7 viðkoma, 9 nokkru, 12 siga, 14 elg, 16 ir

Skák

Gunnar Björnsson

Beth Harmon, söguhetjan okkar úr Queen's Gambit á Netflix, átti leik gegn Vasily Borgov á alþjóðlegu móti í Moskvu.

44. Dxf6! gxf6 45. Hxf6 Dh5 46. Hf8+ Kg7 47. e8D He2+ 48. Kf1 Dxh3+ 49. Kxe2 Dg2+ 50. Hf2 De4 51. Kd2 1-0. Þar með lýkur umfjöllun okkar um þáttarðina. Róbert Lagerman sigraði á Crazy Culture-mótinu sem Vinaskákfélagið stóð fyrir. Eiríkur Björnsson varð annar og Gauti Páll Jónsson þriðji. **www.skak.is:** Queen's Gambit-mót í kvöld!

Hvítur á leik

1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

3	4	6	2	1	8	7	5	9
5	7	8	3	9	4	1	2	6
9	1	2	5	6	7	8	3	4
8	6	4	9	7	3	2	1	5
7	5	9	8	2	1	4	6	3
1	2	3	4	5	6	9	7	8
2	8	1	6	4	5	3	9	7
6	3	7	1	8	9	5	4	2
4	9	5	7	3	2	6	8	1

4	9	3	5	1	7	8	2	6
7	1	5	2	8	6	4	3	9
8	2	6	9	3	4	7	1	5
3	4	1	6	2	5	9	7	8
9	5	7	1	4	8	2	6	3
2	6	8	7	9	3	1	5	4
1	3	4	8	6	2	5	9	7
5	8	9	3	7	1	6	4	2
6	7	2	4	5	9	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Cheerios
síðan
2006
Bríet, tónlistarkona

Vigdís og Þorgerður verða í Sagnakaffi og flytja lög. MYND/AÐSEND

Vísur og skvísur

Vísur og skvísur heitir tvíeykið sem kemur í Sagnakaffi Borgarbókasafnsins í dag, miðvikudaginn 11. nóvember, og flytur lög frá ýmsum löndum.

Hljómsveitina skipa Vigdís Hafliðadóttir og Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, en þær hafa báðar stundað nám við Norræna vísnasöngskólann í Kungälv í Svíþjóð og hafa því sérhæft sig í norrænni vísnatónlist. Þær stöllur hafa komið fram á tónleikum hér á landi sem og á vísnahátíðum á Norðurlöndunum. Fyrsta vísnaplata Þorgerðar Ásu, Í rauðum loga, kom út í haust.

Sagnakaffið fer fram á Facebook-síðu Borgarbókasafnsins: facebook.com/Borgarbokasafnid/live. Dagskráin hefst kl 20.

Dymbrá í streymi

Háskólatónleikar verða í dag, í miðvikudagshádeginu 11. nóvember, en þá mun ungsveitin Dymbrá koma fram í hátíðarsal Aðalbyggingar klukkan 12.15. Tónleikunum verður streymt og hægt verður að horfa á beint en einnig að njóta síðar í upptökuformi.

Hér verður hægt að nálgast streymi frá tónleikunum á livestream.com/hi/dymbra.

Viðburður á Facebook: facebook.com/events/682417065992452.

Dymbrá vakti athygli á Músíktilraunum 2018 en þær Nína Solveig Andersen, Eir Ólafsdóttir og Eyrún Úa Þorbjörnsdóttir skipa sveitina. Eir leikur á selló, Nína á fiðlu og Eyrún á flautu en mörg önnur hljóðfæri eru brúkuð. Meðlimir eru ekki nema átján ára en hafa þegar gefið út plötu sem inniheldur draumkennda kammertónlist.

Venjulegt fólk á óvenjulegum tímum

Yfir bænum heima er ný skáldsaga Kristínar Steinsdóttur. Sögusviðið er Seyðisfjörður á tímum seinni heimsstyrjaldar. Sagan kallaði á mikla heimildavinnu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ný skáldsaga Kristínar Steinsdóttur ber titilinn Yfir bænum heima. Sögusviðið er Seyðisfjörður á krepputímum og í seinni heimsstyrjöldinni.

„Móðir mín var einstök sagnakona sem var alltaf að segja okkur krökkunum sögur. Ég var ekki fædd í stríðinu en það voru eldri systkini mín sem fóru niður í kjallara um miðjar nætur með foreldrum okkar og sátu þar í myrkrinu meðan þýskar flugvélar sveimuðu yfir bænum. Mér fannst þetta allt mjög spennandi, hafði óskaplega mikinn áhuga á seinni heimsstyrjöldinni og var síspyrjandi um þá tíma," segir Kristín en þykir rétt að undirstrika að bókin sé skáldsaga þótt hún styðjist við atburði sem gerðust á þessum tíma. „Ég fæ hugmyndir út frá sögunum hennar mömmu og fjölmargra annarra sem ég talaði við og flétta inn mína eigin sögu.

Hér segir frá venjulegu fólki á mjög óvenjulegum tímum. Sem dæmi get ég nefnt að á stríðsárunum var Seyðisfirði skipt niður í hernámssvæði. Allt mitt fólk bjó þarna og amma þurfti að sýna passa til að komast í hænsnakofann vegna þess að hann var á öðru svæði. Við þetta eignaðist hún marga vini meðal hermannanna, glettist við þá og lærði dálitla ensku. Kofinn var horfinn þegar ég fer að muna eftir mér, en ég sé hann enn fyrir mér standandi þarna í hlíðinni! Sem barni fannst mér ég líka geta séð skuggann af olíuskipinu El Grillo sem var sökkt í firðinum og litaði allar fjörur svartar."

Þykir vænt um bókina

Kristín segir söguna hafa kallað á allmikla heimildavinnu. „Það sama á við um þessa bók og ýmsar aðrar bækur mínar, til dæmis Ljósu, að vinnan tók langan tíma. Ég las mér mikið til en mínar bestu heimildir voru þeir einstaklingar sem höfðu upplifað þennan tíma, sátu á móti mér, mundu og sögðu frá."

Ég fæ hugmyndir út frá sögunum hennar mömmu og fjölmargra annarra, segir Kristín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **ÞAÐ SEM ÉG ER AÐ SEGJA FRÁ FINNST MÉR VERA HLUTI AF SJÁLFRI MÉR OG MINNI BERNSKU.**

Bókin skiptir hana tilfinningalega máli. „Það sem ég er að segja frá finnst mér vera hluti af sjálfri mér og minni bernsku. Mér þykir því mjög vænt um bókina.

Það hefur margt verið skrifað um stríðið en ég hef ekki lesið skáldsögu sem gerist í þessum landshluta á þessum tíma. Í trausti þess taldi ég mig geta bætt við það sem áður hefur verið sagt!" segir Kristín og hlær.

Huggulegir menn

Kristín segir að oft hafi farið í taugarnar á sér hve einhæf mynd er gefin af sambandi Íslendinga og hernámsliðsins. „Þegar ég er að segja frá því um hvað ég sé að skrifa segja menn gjarnan: Já, ertu að skrifa um ástandið. Það mætti halda að ekkert annað hafi verið að gerast. Að stríðið hafi snúist um ástandið...

Seyðisfjörður var um 900 manna bær á þessum tíma og með komu hermannanna stórhækkaði höfðatalan. Þarna voru huggulegir menn sem buðu ungum stúlkum upp í dans. Og þeir voru edrú því óbreyttir hermenn máttu ekki drekka. Áður höfðu sumar þessara stúlkna þurft að verma bekkina af því að enginn bauð þeim upp. Nú gátu þær allar dansað og íslenskir karlmenn fengu mikla samkeppni. Ég er alin upp við að þetta hafi hreint ekki verið svo slæmt.

Auk þess urðu margir hermenn heimilisvinir, bæði Bretar og Bandaríkjamenn, og það samband hélst stundum þótt stríðinu lyki. Þannig heimsótti pabbi breskan vin sinn í Englandi tuttugu árum eftir stríðslok en bandarískur vinur fjölskyldunnar þurfti að skipta um nafn vegna pólitískra skoðana sinna á McCarthy-tímanum. Hann hvarf upp frá því og spurðist aldrei til hans meir. Þessi tími hefur lengi fylgt mér og ég gleðst yfir því að bókin sé komin út."

Órökrétt vísindi ástarinnar

BÆKUR

Eldarnir

★★★★☆

Sigríður Hagalín Björnsdóttir

Útgefandi: Benedikt
Fjöldi síðna: 287

Eldsumbrot í hafinu út af Reykjanesi valda vísindamönnum heilabrotum en eiga sér jafnframt hliðstæðu innra með forstöðumanni Jarðvísindastofnunar. Anna Arnarsdóttir er rúmlega fertug, komin af jarðvísindamönnum, með brennandi áhuga á jarðfræði landsins og mjög takmarkaðan áhuga á því sem ekki fellur innan vísindalegra rannsókna. Hún er því alls óviðbúin þegar hún verður skyndilega ástfangin, þvert ofan í farsælt og þægilegt tuttugu ára hjónaband í efri miðstétt þar sem ekkert skortir nema kannski ástríðu, enda er hún hvorki vísindaleg né þægileg.



Órökrétt vísindi ástarinnar stangast á við allt sem hún lítur á sem fasta í lífinu og á meðan láta eldstöðvarnar á Reykjanesi eins og þær hafi aldrei lesið eina einustu kenningu um hvernig eldstöðvar haga sér, jafnórökréttar og ólgan innra með Önnu. Líkaminn sem Anna hefur umgengist sem hentugt statíf fyrir höfuðið (bls. 171) tekur völdin og æðir af stað um leið og jörðin byltir sér undan því sem búist er við af henni. Í endurliti sjáum við svo hvernig Anna varð sú sem hún er í nútíma sögunnar, hvernig samband hennar við foreldra sína bæði mótar hana og bælir og býr til spennu sem á endanum þarf að fá útrás.

Frásagnir af jarðeldinum og ástinni þróast saman í frásögninni, hún fer hægt af stað sem er nauðsynlegt fyrir framvinduna, að óreyndu mætti ætla að blaðsíða eftir blaðsíðu af jarðfræðilegum útskýringum væri óspennandi efni í skáldsögu en í þessu tilfelli er uppbyggingin spennandi og nauðsynlegur formáli þess sem á eftir kemur.

Bókin er dystópísk spennusaga um það sem gæti gerst þegar og ef virka eldstöðin sem við Íslendingar byggjum myndi vakna af værum blundi sínum þar sem síst skyldi. Sögusviðið, suðvesturhornið skömmu eftir faraldur, er sannfærandi, árekstrar vísindamanna og viðskiptalífs á fundum almannavarna einnig, þar sem einn hópur sér eldgos sem magnað og hættulegt viðfangsefni en annar sem ákjósanlegt tækifæri til markaðssetningar.

Sigríður Hagalín Björnsdóttir býr í bókinni til heillandi dans milli eldsumbrota og tilfinninga, logandi kvikan ólgar undir yfirborði bæði lands og konu og brýst fram þegar minnst varir. Nákvæmar lýsingar á ofsafengnum jarðhræringum og heimsendahamförum takast á við persónulegan heimsendinn sem óhjákvæmilega verður þegar náttúran, kynhvötin og ástríðan takast á við skynsemina, þægindin og væntumþykjuna.

Eldarnir er einstaklega vel skrifuð og ánetjandi saga. Ástin í bókinni er ekki falleg og nærandi heldur náttúruafl, eyðileggjandi og umbreytandi, skapandi og skemmandi. Jarðfræðihlutinn er að mati leikmanns einstaklega vel unninn, vísanir áhrifamiklar, sterkar og ljóðrænar og hættan sem býr bæði innra með söguhetjunni og í bullandi kvikuhólfum undir yfirborðinu er eins og sagan sjálf, áleitin og sterk.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Heillandi og áleitin saga um brennandi náttúruna innra með okkur og í iðrum jarðar.

Kristín Marja og hennar ólgandi alþýða

BÆKUR

Gata mæðranna
★★★☆☆

Krístín Marja Baldursdóttir

Útgefandi: JPV útgáfa
Fjöldi síðna: 243

Raunir íslenskrar alþýðu eru í forgrunni í skáldsögu Kristínar Mörju Baldursdóttur, Götu mæðranna. Aðalsöguhetjan er Marín, nítján ára menntaskólanemi úr sveit, sem hefur misst báða foreldra sína og flust búferlum til Reykjavíkur. Í borginni fær hún skjól undir þaki styggrar eldri systur og kommúnistans manns hennar, þar til hún lýkur menntaskólanum.

Sögusviðið er skömmu eftir miðja síðustu öld. Breytt heimsmynd og ólgandi alþýðan er kannski ekki í forgrunni sögulínunnar en kemur sannarlega við sögu, bæði í huldum en þó nokkuð vitrum sögumanninum sem leiðir lesandann í gegnum sögulínuna og í raunum Marínar og samferðafólks hennar.

Elísabet, systir Marínar, er stór persóna í lífi söguhetjunnar og hana mætti kalla skúrk verksins. Elísabet þrælar litlu systur sinni út og virðist sjálf bitur vegna þess að örverpið virðist fá fleiri tækifæri í lífinu en hún sjálf, húsmóðirin og sölukonan. Þannig heldur sagan áfram í meira en hundrað blaðsíður. Marín leitar að sjálfri sér og nýju heimili, milli þess sem hún passar óþekktarormana frændur sína, teiknar og vinnur. Ýmsir leikmenn götunnar verða á vegi hennar en enginn situr endilega sérstaklega í lesanda. Flestir karlmenn verksins sem koma við sögu virðast vera ónytjungar.

Gata mæðranna er heldur lengi að koma sér af stað, Marín klárar menntaskólann milli þess sem hún vinnur óteljandi vaktir í einu af bíóhúsum borgarinnar og styttir sér stundir með því að teikna föt. Hún er flinkur teiknari og hittir reglulega besta vin sinn Kristófer, sem er þessi týpíski spjátrungur íslenskra bókmennta: ríkur, myndarlegur, klár. Framtíðin skrifuð í skýin.

Fyrst um sinn virðast þemu sögunnar vera kunnugleg. Stéttaskipting, menntun kvenna og ástir og hugarangur ungmenna. Þemu sem flestir sem hafa siglt hafsjó íslenskrar bókmenntasögu lengur en korter ættu að kannast við. Lesandi getur ekki annað en velt því fyrir sér hvort fara muni fyrir Marín eins og eldri systrum hennar í bókmenntasögunni, Þóru frá Hvammi, Ástu Sóllilju eða Eddu, sem komst sautján ára í sambúð. Svo virðist þó ekki vera og þrátt fyrir að framvindan í Götu mæðranna sé framan af í rólegri kantinum þýðir það ekki að lesturinn sé leiðinlegur þó lesanda sé kannski farið að þyrsta í hraðari takt eftir um hundrað blaðsíður eða svo.

Þegar líða fer á síðari hluta verksins verður takturinn hraðari og nær þá lesandanum endanlega í spennandi framvindu þar sem allt virðist geta gerst. Á lokablaðsíðum verksins snýr Kristín öllu svo endanlega á hvolf, þannig að sagan situr enn í lesanda nokkrum dögum síðar.

Bryndís Silja Pálmadóttir

NIÐURSTAÐA: Gott skáldverk sem minnir á forvera úr íslenskri bókmenntasögu síðustu aldar. Hæg framvinda sem fer á harðahlaup þegar líða fer að lokum verksins.

Arnaldur Indriðason á toppnum

Samkvæmt Bóksölulistanum er Þagnarmúr eftir Arnald Indriðason mest selda bók októbermánaðar. Bókin kom reyndar ekki formlega út fyrr en 1. nóvember en var seld í forsölu og sú sala skilaði Arnaldi fyrsta sæti. Í öðru sæti listans er önnur glæpasaga, Vetrarmein eftir Ragnar Jónasson, og þriðja sætið vermir enn ein glæpasagan, Silfurvængir eftir Camillu Läckberg. Lygalíf fullorðinna eftir Elenu Ferrante er í fjórða sæti.

Þagnarmúr er einnig í fyrsta sæti á metsölulista Eymundsson. Bakað með Elenoru Rós eftir Elenoru Rós Georgesdóttur er í öðru sæti og í því þriðja er Herra Hnetusmjör: Hingað til eftir Sóla Hólm. Þar á eftir koma 107 Reykjavík eftir Auði Jónsdóttur og Birnu Önnu Björnsdóttur, Ein eftir Ásdísi Höllu Bragadóttur og Þín eigin undirdjúp eftir Ævar Þór Benediktsson. Listinn er byggður á sölu í verslunum Pennans Eymundsson dagana 28. október til 3. nóvember.

Arnaldur Indriðason er á toppnum samkvæmt venju. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

★★★★★★

„Hrikalega góð skáldsaga sem enginn annar en Nesbø hefði getað skrifað.“
Dagbladet, Norway



Enginn stenst Jo Nesbø snúning þegar kemur að þéttum, snúnum og óvæntum fléttum enda hafa bækur hans farið sigurför um heiminn.

„Ég las *Kóngsríkið* og gat ekki lagt hana frá mér ... spennandi ... frumleg ... þessi bók er sérstök á allan hátt.“
Stephen King

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–16

Tilboðin gilda eingöngu í vefverslun

GROHE damixa™
Blöndunartæki
20% afsláttur

HiKOKI
Rafmagns-verkfæri
20% afsláttur

BLACK+DECKER
Rafmagns-verkfæri
20% afsláttur

DEWALT
Rafmagns-verkfæri
20% afsláttur

makita
Rafmagns-verkfæri
20% afsláttur

WORX
Rafmagns-verkfæri
20% afsláttur

AVASCO
Hillurekkar
20% afsláttur

Pottar og pönnur
20% afsláttur

Borð-búnaður
20% afsláttur

Bökunar-vörur
20% afsláttur

Hreinsiefni og áhöld
20% afsláttur

PHILIPS
Ljós
Gildir ekki af Philips Hue
20% afsláttur

WiZ
Smartperur
20% afsláttur

Aðeins í dag - meðan birgðir endast
145.900 kr
~~169.900 kr~~
Rafmagnsvespa V7
Nett og nútímaleg hönnun, hámarkshraði stilltur á 25 km/klst. **3903101**

Jólaskraut
Gildir ekki af seríum
20% afsláttur

Jóla-skreytingarefni
20% afsláttur

Dúkar og servíettur
20% afsláttur

Kerti og kertastjakar
20% afsláttur

20%
Electrolux
64.995 kr
~~86.995 kr~~
Electrolux uppþvottavél
A++. 30 minútna hraðkerfi, Fyrir allt að 13 manna borðbúnað. **1841248**

30%
Electrolux
62.995 kr
~~89.990 kr~~
Electrolux ofn
Ryðfrí stáláferð, tekur 72 ltr., orkuflokkur A. **1841248**

25%
ZANUSSI
18.745 kr
~~24.995 kr~~
Pokalaus ryksuga
800W, 7 m vinnslu radíus, handhæg ryksuga. **1809109**

20%
Electrolux
131.995 kr
~~164.995 kr~~
Electrolux kælir/frystir
Stærð: 1860x595x661 mm,, frystir 94 ltr., orkuflokkur A++. **1841248**

VEFVERSLU

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

11.11.2020

Tilboðin gilda til miðnættis á **husa.is**

Singles day / 11.11.2020

Fáðu sent heim – Tilboðin gilda aðeins í dag

NARDAGUR

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Fjallaskálar Íslands Heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í þættinum er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag Þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2006 - 2007
10.00 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum
10.30 Einmana á miðjum aldri
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Sætt og gott
12.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1994-1995
13.00 Nálspor tímans
13.30 Jón Múli Árnason
14.25 Úr Gullkistu RÚV. Rætur Innflytjendur á Íslandi
15.00 Leiðindi eru hin nýja skemmtun
15.30 Gettu betur 2019 MR - MH
16.35 Viktoría
17.20 Poppkorn 1987
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hrúturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.45 Óperuminningar Íslenska Óperan er 40 ára í ár. Að því tilefni er litið til baka og góðra stunda minnst.
20.50 Cherrie - Út úr myrkrinu Cherrie - ut ur mörkret
21.10 Haltu mér, slepptu mér
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Iceland Airwaves Heimildamynd um sögu Iceland Airwaves í máli og myndum. Tekin eru viðtöl við hljómsveitir og einstaklinga sem koma að hátíðinni og segja frá sinni upplifun og sögu hátíðarinnar.
23.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá TOTO Japan Classic.
11.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá TOTO Japan Classic.
15.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá TOTO Japan Classic.
19.00 Champions Tour Highlights
19.50 2019 Augusta Masters Útsending frá lokadegi Augusta Masters 2019.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Single Parents
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife
20.00 The Block
21.00 Nurses
21.50 68 Whiskey
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Tommy
02.30 How to Get Away with Murder

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Beethoven. Byltingarmaður tónlistarinnar Heyrnarleysi og hetjudáðir (1800-1805).
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (21 af 32).
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 Road Less Travelled
13.05 Ice On Fire
14.40 A.X.L
16.20 Road Less Travelled
17.45 Ice On Fire
19.20 A.X.L
21.00 Blockers
22.40 God's Own Country Hinn ungi fjárbóndi Johnny Saxby brýtur upp hversdagsleikann með því að hella sig fullan og stunda frjálslegt kynlíf, þar til rúmanski innflytjandinn Gheorghe kemur til að starfa við sauðburðinn.
00.20 Stuber
01.50 Blockers

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 Feðgar á ferð
10.20 Masterchef USA
11.00 Brother vs. Brother
11.40 Fósturbörn
12.05 Stelpurnar
12.35 Nágrannar
12.55 Love in the Wild
13.40 Á uppleið
14.05 Grand Designs
14.50 Gulli byggir
15.15 Hvar er best að búa ?
15.50 Asíski draumurinn
16.25 Katy Keene
17.05 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Ísbíltúr með mömmu
19.35 Flirty Dancing
20.25 Secrets of Sleep
21.15 The Undoing
22.10 Sex and the City
22.45 Barry
23.15 LA's Finest 2
00.05 NCIS. New Orleans
00.50 Cheat
01.35 Cheat
02.20 Ballers
02.45 Ballers
03.15 The Bold Type
03.55 The Bold Type

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Splitting Up Together
21.05 Whiskey Cavalier
21.50 Deep Water
22.35 Ríkið
23.00 High Maintenance
23.00 Friends
23.20 Friends
00.15 Splitting Up Together

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Basaksehir - Manchester United
10.40 Leipzig - PSG
12.20 Chelsea - Rennes
14.00 Barcelona - Dynamo Kiev
15.40 Meistaradeildarmörkin
16.10 Seinni bylgjan - karla
17.25 Alfreð Gíslason
18.30 Steve Dagskrá Þeir Vilhjálmur Freyr skipatækjamaður og Andri Geir heimspekinemi voru á vellinum í Pepsi Max-deildinni í sumar.
18.50 Steve Dagskrá
19.05 Steve Dagskrá
19.25 Steve Dagskrá
19.45 Steve Dagskrá
20.05 Football League Show
20.30 Ítölsku mörkin
21.20 Spænsku mörkin
22.10 Bestir í Boltanum. Hetjan í Heerenveen

STÖÐ 2 SPORT 2

09.10 Casademont Zaragoza - Baxi Manresa
10.50 Atlético Madrid - Cádiz
12.30 Spænsku mörkin
13.20 Lazio - Juventus
15.00 Atalanta - Inter Milan
16.40 Bologna - Napoli
18.25 Ítölsku mörkin
19.15 The Fifth Quarter
19.35 Holland - Spánn Bein útsending.
21.40 Piteå - Rosengård
23.20 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

ÚRSLITASTUND

EUROPEAN QUALIFIERS

UNGVERJALAND

ÚRSLITALEIKUR UM SÆTI Á EM
FIMMTUDAG 19:45

ÍSLAND

STAKUR LEIKUR

990 kr.

Kauptu leikinn sem stakan viðburð á myndlyklum
eða á vefsjónvarpi Stöðvar 2 - sjonvarp.stod2.is

Áskrift 3.990 kr./mán.

S2 SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

VÍKING BRUGGHÚS

NÓI SÍRÍUS

Söngkonan Alicia Keys tók grímuskylduna alla leið með þessu lúkki.

Kynnar hátíðarinnar í ár voru þær Leigh-Ann Pinnock, Perrie Edwards og Jade Thirwall úr stúlknahljómsveitinni Little Mix. Fjórði meðlimur sveitarinnar, Jesy Nelson, komst því miður ekki vegna veikinda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Íslandsvinkonan Zara Larson var glæsileg þegar hún tók lagið, en hún var valin besti norræni flytjandinn.

Tónlistarveisla um alla Evrópu

Evrópsku MTV tónlistarverðlaunin fóru fram víðs vegar um Evrópu síðasta sunnudag, með smærra sniði en vant er, vegna heimsfaraldursins. Hljómsveitin BTS var sigurvegari kvöldsins.

Evrópsku MTV tónlistarverðlaunin voru haldin með breyttu sniði síðasta sunnudag, vegna heimsfaraldurs COVID-19. Kynnar hátíðarinnar voru meðlimir bresku stúlknasveitarinnar Little Mix, að undanskilinni Jesy Nelson, sem komst ekki vegna veikinda. Hljómsveitin sigraði breska X-Factor árið 2011 og hefur notið mikillar velgengni síðan þá og ekki síður vestanhafs.

Atriðum hátíðarinnar var sjónvarpað víðs vegar að úr Evrópu. Þá vakti sérstaka athygli atriði plötusnúðsins David Guetta sem spilaði við hin heimsfægu Szecheny-heilsuböð í Búdapest í Ungverjalandi. Ungverska fyrirsætan Barbara Palvin var honum þar til halds og trausts.

Lady Gaga fékk fékk flestar tilnefningar en suður-kóreska hljómsveitin BTS var sigurvegari kvöldsins með alls fern verðlaun.

steingerdur@frettabladid.is


Fyrirsætan Winnie Harlow var einstaklega falleg í þessum marglita kjól.

Zara var líka glæsileg á rauða dreglinum.


Fyrirsætan Madison Beer lét sig ekki vanta.

Söngvarinn Sam Smith var með rafmagnað atriði.

Tónlistarmaðurinn David Guetta tók lagið við frægasta kennileiti Ungverjalands, Szecheny-heilsuböðin.

Breska söngkonan Rita Ora klæddist þessum skemmtilega gula tjullkjól.

Suður-kóreska drengjabandið BTS eða Bangtan Boys voru sigurvegarar kvöldsins og unnu alls fern verðlaun.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM OG ÓDÝRASTA ELDSNEYTI LANDSINS Á DALVEGI, REYKJAVÍKURVEGI OG Á MÝRARVEGI, AKUREYRI

SKILYRÐISLAUST

ORKAN

Orkan - Ódýrt fyrir alla

Sýnilegur munur á DualShock 4 og DualSense er ekki mikill, en þegar titringurinn byrjar skýrist þetta allt betur.

PlayStation 5 passar merkilega vel við sjónvarpið þrátt fyrir umfangið.

Flugmóðurskipið frá Sony hittir í mark

Nýjasta leikjatölva Sony kemur út á næstu dögum og fékk Fréttablaðið afnot af einni til að kanna ágæti hennar. Stærðin á vélinni gleymist þegar spilarar upplifa hraða vinnsluminnisins, sem gerir út um allan biðtíma. Vélin hittir í mark á flestum prófum.

DÓMUR Tilfinningin að vera aftur eins og barn á jólunum að opna pakkann í von um að fá nýjasta tölvuleikinn á vel við þegar undirritaðir fengu á dögunum að prufa Playstation 5, nýjustu leikjatölvu Sony. Sannarlega kærkomið tækifæri til að fá í nokkrar kvöldstundir að gleyma öllu sem heitir kórónaveira og samkomutakmarkanir. Þetta eru óneitanlega kjöraðstæður til að sökkva sér aðeins ofan í fyrstu leikina sem komnir eru á markaðinn og þessi öflugasta vél Sony til þessa, var snögg að grípa mann.

Helstu framfarirnar liggja í vinnsluhraða vélarinnar og ef líkja má PlayStation 4 við reiðhjól, þá er PlayStation 5 rafmagnshjól. Hraðinn er meiri, vélin er stærri og upplifunin töluvert straumlínulagaðri. Þegar búið er að prófa rafmagnshjól er erfitt að reiða sig aftur á tvo fætur og má búast við að margir upplifi byltingu í þessum málum með nýju vélinni.

Undirritaðir eru báðir forfallnir PlayStation-menn – minnugir þess þegar fyrsta vélin kom út árið 1994 og eigendur allra vélanna til þessa. Síðan þá hafa mörg megabæt og pixlar runnið til sjávar og PlayStation 5 er ekki bara bókstaflega stærsta vélin hingað til, heldur stefnir útgáfa hennar líka í met.

EF LÍKJA MÁ PLAYSTATION 4 VIÐ REIÐHJÓL, ÞÁ ER PLAYSTATION 5 RAFMAGNSHJÓL. HRAÐINN ER MEIRI, VÉLIN ER STÆRRI OG UPPLIFUNIN TÖLUVERT STRAUMLÍNULAGAÐRI. ÞEGAR BÚIÐ ER AÐ PRÓFA RAFMAGNSHJÓL ER ERFITT AÐ REIÐA SIG AFTUR Á TVO FÆTUR OG MÁ BÚAST VIÐ AÐ MARGIR UPPLIFI BYLTINGU Í ÞESSUM MÁLUM MEÐ NÝJU VÉLINNI.

Útlitið

Talandi um útlitið þá er tilfinningin sem fylgir því að fá PlayStation 5-pakkann í hendurnar engu lík. Ekki bara vegna spennunnar við að koma höndum á gripinn heldur einnig vegna þess hversu ákaflega þungur pakkinn er. Vélin er sú stærsta hingað til, töluvert stærri heldur en það sem eitt sinn var þekkt sem stærsta PlayStation-skrímslið hingað til; upprunalega PlayStation 3 vélin.

Það viðurkennist að við höfðum áhyggjur af því að vélin væri allt of stór. Hún er enda næstum á stærð við flugmóðurskip og þá mætti léttilega borða meðalmáltíð á yfirborði hennar. Hún tekur sig hins vegar merkilega vel út í sjónvarpshillunni og og kemur með álitlegum standi.

Tölvan getur ekki staðið í hinum algenga Besta sjónvarpsskáp frá Ikea sem er algeng sjón á fjölmörgum íslenskum heimilum, en hægt er að koma vélinni fyrir liggjandi þar sem sérstakur standur tryggir að vélin helst stöðug.

Í fyrsta sinn eru tvær útgáfur í boði, önnur alfarið án diskadrifs og Sony fær hrós fyrir að hafa bætt við sérstökum ryksöfnurum inn í vélina sem eiga að auðvelda losun á rykinu sem safnast upp í vélinni. Margir sem eiga Playstation 4 kannast við að spila leikina á meðan rykug lætin sem koma úr tölvunni minna helst á hávaðann sem fylgir Airbus A380-vél.

Síðast þegar stærðin á nýjustu leikjatölvu Sony vakti slíka athygli brást fyrirtækið við með því að gefa út uppfærða tölvu sem tók talsvert minna pláss. Sú ákvörðun sló í gegn og skyldi því alls ekki útiloka að Sony endurtaki þann leik með þessa vél.

Vélbúnaðurinn

Hér er erfitt að drepa niður fæti. Við höfum spilað tvo leiki á vélinni; Astro's Playroom, sem fylgir með henni, og hinn margumtalaða Spider-Man: Miles Morales. Grafíkin er nokkuð betri en í PS4 Pro en það sem trompar hins vegar allt sem fyrir kemur er blessað vinnsluminnið í vélinni.

Maður fer inn og út úr leik á sirka 0,1 sekúndu. Það er enginn tími til að fylla á drykkina eða ná sér í gott snarl fyrir spilamennskuna. Munurinn frá því í PlayStation 4 er gífurlegur. Spiderman leikurinn er til að mynda risastór sandkassaleikur. Spilarar sem spiluðu fyrsta leikinn á PS4 muna ef til vill eftir nokkuð tíðum „loading skjám“ á milli atriða í leiknum.

Hér er ekkert slíkt að finna og upplifunin er í rauninni mögnuð. Þetta er framtíðin í leikjaspilun, það er nokkuð ljóst. Flugmóðurskipið skilar sínu og við bíðum spenntir eftir komandi tölvuleikjum, sem er ekki að finna á hverju strái eins og stendur. Tölvuleikjaframleiðendur eru rétt að byrja að nýta sér grafíkina sem PS5 býður upp á og verður fróðlegt að sjá stærstu nöfnin koma með nýja leiki á næstu árum þegar búið er að ná betur utan um þau ósköp öll sem PlayStation 5 býður upp á.

Fjarstýringin

Gamla DualShock nafnið er horfið að þessu sinni og fylgir hinn svokallaði DualSense stýripinni með PlayStation 5. Hér er haldið áfram með þá þróun sem byrjaði í DualShock 4 stýripinnanum og við erum með sérstakan snertiskjá í miðjunni, deilitakka vinstra megin og hægri takkinn heitir „Options“ en ekki „Start.“

Þá er stýripinninn líka massífari heldur en nokkur PlayStation-stýripinni hingað til. Ef farið er aftur til PS4 fjarstýringarinnar er hún þyngri en það gleymist fljótt og liggur fjarstýringin vel í hendi.

Áhugavert hristingskerfið teygir sig sömuleiðis hér út í takkana og hefur viðmótið í rauninni aldrei verið sérhæfðara fyrir þá upplifun sem er að finna í hverjum leik. Í stað venjubundins hristings, er hristingurinn stilltari, sérhæfður að þeirri upplifun sem þú finnur fyrir.

Harði diskurinn

Að niðurhala Call of Duty: Warzone tekur rúmlega 207 gígabæt af minni harða disksins og nýjasti leikurinn úr CoD-seríunni telur önnur 130 gígabæt. Harði diskurinn í PS5 er 852 gígabæt. Þegar tekið er tillit til stýrikerfisins eru það 667 gígabæt. Hér sér því hver maður að plássið er af alltof, alltof skornum skammti.

Í fyrri leikjatölvunni voru stærstu leikirnir að daðra við hundrað gígabæt og má búast við að þegar sandkassaleikir eins og Red Dead Redemption og Grand Theft Auto koma út, og eru byggðir á opnum heimi, taki þeir allt að þriðjungi af plássinu sem er í boði.

Utanáliggjandi harðir diskar verða sennilega skyldukaup með vélinni, sem er leitt því árið er 2020. Maður hefði haldið að Sony gæti betur, nú þegar diskadrif fylgir ekki einu sinni öllum vélum.

Samantektin

Það skal viðurkennast að þrátt fyrir að hafa átt fjórar PlayStation tölvur, og átt þá nýjustu í rúmlega 20 ár, var spennan fyrir þessari fimmtu viðbót ekkert sérstaklega mikil. Til að gleðja efasemdamenn eru áhyggjurnar þó óþarfar. Hraðinn einn gerir það að verkum að PS5 er kærkomið stökk frá PS4. Alvöru tölvuleikjaspilarar munu ekki geta látið gripinn fram hjá sér fara en við viðurkennum að við bíðum spenntir eftir því að PlayStation 5 verði að litlum skemmtibát, í stað flugmóðurskips.

Vélin seldist upp undir eins í forsölu á Íslandi og eru PlayStation-aðdáendur margir tilbúnir að ganga það langt að kaupa forsölupantanirnar af öðrum einstaklingum. Vélin kostar áttatíu þúsund í stafrænni útfærslu og hundrað þúsund með diskadrifinu og eru fyrstu sendingarnar sem Sena fær allar uppseldar.

Það þýðir því ekkert annað en að bíða og vona að næsta sending komi innan skamms því vélin er svo sannarlega gripur sem tölvuleikjaspilarar ættu að næla í.

odduraevar@frettabladid.is,
kristinnpall@frettabladid.is



RENAULT
Passion for life

Nýr Renault **CAPTUR**

E-TECH Plug-in Hybrid með 65 km* á rafmagninu

*Drægnitölur á grundvelli WLTP aðferðafræði um drægni í hreinni WLTP akstri um drægni í þéttbýli.

Renault Captur Plug-in Hybrid
Verð frá: 4.690.000 kr.

Í nýja Captur Plug-in Hybrid sestu undir stýri á tæknilega fullkomnum og ótrúlega sparneytnum bíl sem skilar þér allt að 65 km* á rafmagninu einu saman. Pantaðu reynsluakstur og upplifðu Renault þægindi og aksturseiginleika.

www.renault.is

Heimsending á reynsluakstri

Pantaðu tíma á www.bl.is,
við komum með bílinn, sótthreinan og fínan, og sækjum hann svo aftur til þín.

ENNEMM / SÍA / NM002902

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Uppbúin rúm marka upphaf daga Sólrúnar

Þótt **Sólrún Diego** sé umsvifamikil á samfélagsmiðlum gefur hún einnig enn góð ráð á prenti og fæst nú við skipulag hvers konar og edikið góða er enn innan seilingar.

„Þetta helst í hendur en það fer svolítið eftir því hvort fólk vilji meina að maður eigi að skipuleggja fyrst og þrífa svo eða öfugt," segir Sólrún um bækur sínar Skipulag og Heima.

Sólrún Diego er meðal atkvæðamestu áhrifavalda landsins þar sem hún lætur ekki síst að sér kveða á Instagram og Snapchat þar sem hún er óspör á hagnýt húsráð og margvíslegan fróðleik tengdan þrifum og hreinlæti.

Hún kann þó einnig vel við sig á prenti og finnst fínt að halda utan um hugmyndir sínar og heilræði á bók og sú nýjasta, Skipulag, er að hennar sögn ætluð þeim sem vilja ráðstafa tíma sínum betur, einfalda verkefni og auka afköst.

„Ég ákvað að taka skipulagið fyrir núna og pælingin var að gera það í sama stíl og Heima," segir Sólrún og er ekki frá því að Skipulag komi sem nokkuð rökrétt framhald metsölubókarinnar Heima frá 2017.

Þættir í Skipulagi Sólrúnar

- Verkefnalistar og eftirfylgni
- Einföld innkaup og matseld
- Röð og regla á heimilinu
- Undirbúningur styttri og lengri ferðalaga
- Leiðir til að auðvelda flutninga
- Ráð fyrir veisluhöld af öllum stærðum
- Skipulagning brúðkaups

Ólíkt Instagram eru ráð Sólrúnar alltaf á vísum stað í bókinni.

Edikið á sínum stað

Heima var fyrsta bók Sólrúnar og þar tók hún heimilið fyrir og benti á skilvirkar aðferðir til að halda því hreinu með lítilli fyrirhöfn. Þá kynnti hún edik til leiks sem alhliða og fjölnota hreinsiefni og vakti umtalsverða athygli fyrir vikið. Aðspurð segist hún enn halda tryggð við edikið og vera ætíð með brúsa innan seilingar.

„Já. Ég hef notað það alveg frá því ég byrjaði að búa. Amma kom einu sinni með þetta ráð eftir partí þegar gólfið hjá mér var svo klístrað og skemmtilega mikil partílykt," segir Sólrún og hlær.

„Hún sagði að edikið virkaði alltaf þegar maður er að skúra upp úr því og ég hef bara tekið hana mjög bókstaflega og er búin að vera með edikið alveg síðan." Sólrún bætir við að hún hafi síður en svo látið ediklykt sem fylgdi í kjölfarið slá sig út af laginu.

„Nei, alls ekki. Maður verður að hafa húmor fyrir sjálfum sér. Það er bara þannig og mér finnst þetta sjálfri mjög fyndið."

Raunhæfu markmiðin

Sólrún fer víða í skipulagsmálum í bókinni, byggir mikið á eigin reynslu og leggur áherslu á að fólk setji sér viðráðanleg markmið þar sem eitt er að skipuleggja og annað að halda skipulaginu gangandi.

„Þegar fólk setur sér markmið er best að búa sér til lista og passa að fara ekki fram úr sjálfum sér. Byrja í litlum skrefum og finna svo bara hvað hentar manni. Fólk setur sér oft allt of stór markmið og óraunhæfar kröfur á sjálft sig. Það virkar bara einhvern veginn ekki fyrir neinn," segir Sólrún og nefnir dæmi af sjálfri sér.

„Það sem ég geri og er að reyna að deila áfram er að plana bara einn dag í einu. Ekki horfa of langt fram á við og vera með einhver fimm ára markmið. Maður tekur bara einn dag í einu og ef það gengur ekki upp þá reynir maður að gera betur daginn eftir og að vera alltaf besta útgáfan af sjálfum sér.

Góð byrjun á öllum dögum

Mér finnst mjög góð regla að byrja á því að búa um rúmið mitt á morgnana. Það er alltaf á listanum mínum og fyrsta verkefni hvers dags er að búa um rúmin á heimilinu. Ef ég geri það ekki, af hverju ætti ég þá að komast yfir restina af markmiðum mínum fyrir daginn?" spyr Sólrún og svarar um leið:

„Það er mjög gáfulegt að klára eitthvert eitt verkefni um morguninn og þegar maður er búinn með þetta fyrsta verkefni þá einhvern veginn finnur maður að það verður hægt að klára það sem eftir er af deginum. Þannig er mitt hugarfar í það minnsta."

MÉR FINNST MJÖG GÓÐ REGLA AÐ BYRJA Á ÞVÍ AÐ BÚA UM RÚMIÐ MITT Á MORGNANA. ÞAÐ ER ALLTAF Á LISTANUM MÍNUM OG FYRSTA VERKEFNI HVERS DAGS.

Bókin lifir

Samfélagsmiðlarnir og internetið eru heimavellir Sólrúnar en hún segir að henni sé þó gamla, góða bókin kær og bendir á kosti sem sá ævaforni miðill hefur enn umfram nútímatæknina.

„Bara um leið og þú skoðar efnisyfirlitið þá sérðu í rauninni hvað bókin býður upp á," segir Sólrún og bendir á að þar standi allt sem stafur á bók, ólíkt hverfulleika þess sem birt er á til dæmis Instagram.

„Þar ertu meira að detta inn á eitthvað sem hverfur svo og þú manst ekkert hvað það var þegar þú þarft á því að halda. Þarna getur þú bara flett því upp og verið með það fyrir framan þig.

Mér finnst líka bara skemmtilegt að eiga eitthvað áþreifanlegt eftir sjálfa mig eftir þessi ár," segir Sólrún og nefnir fyrstu bókina sína.

„Eftir að Heima kom út fannst mér ótrúlega gaman að eiga eitthvað eftir mig á prenti og sjá svona í rauninni árangurinn af þessari vinnu sem maður var búinn að leggja í á samfélagsmiðlunum og einhvern veginn eyðist bara eftir sólarhring."

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

fjallakofinn.is

NETTILBOÐ

11.11. 2020

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLU

Í NETVERSLUN
FRÁ MIÐNÆTTI
TIL MIÐNÆTTIS!

FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | **Laugavegur 11** | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Bjarna Karlssonar

Húnninn

Tíu ára krakki liggur sofandi í rúmi sínu seint á laugardagsmorgni. Blíðviðri er úti en svefnloft í rökkvuðu herberginu þegar tekið er í hurðarhúninn, dyrnar opnast og kunnugleg rödd foreldris mælir: Jæja elskan mín, það er kominn dagur. Stattu nú á fætur og búðu um rúmið þitt, skelltu í þig morgunmat og farðu út að leika! Skömmu síðar er barnið komið út að finna vini sína eins og því var sagt að gera. – Svona eru geðtengsl. Hefði ókunnug persóna birst í svefnherbergisdyrunum hefðu viðbrögðin orðið önnur. Við fæðumst með ósýnilegan hún utan á okkur sem bara foreldri getur tekið í. Þess vegna er svo einfalt að vera afi og amma. Maður veit að barnabörnin taka aldrei fullt mark á manni. Pabbi og mamma ráða.

Í virkum samskiptum foreldris við barn er húnninn notaður til þess að miðla upplýsingum á forsendum barnsins. Í meðvirkum samskiptum snýr allt öfugt og foreldrið opnar sálardyr barnsins til þess að létta á eigin tilfinningum.

Þegar foreldri notar sálarlíf barns fyrir sjálft sig og gerir það að trúnaðarmanni sínum er það líkt og að taka litla útvarpið úr eldhúsglugganum sem gengur fyrir tólf volta batterium og tengja það við rafmagnið í veggnum. Fullorðinstilfinningar hafa 230 volta spennu á meðan tilfinningalíf barnsins er í tólf voltum. Heili tíu ára barns getur skilið staðreyndir og áttað sig á flóknu samhengi, en taugakerfi þess getur ekki meðhöndlað fullorðinstilfinningar.

Þegar fullorðin börn finna sig knúin til að loka á samskipti við foreldri er það iðulega vegna þess að það er alltaf verið að grípa í húninn. Þá þarf tvennt að gerast: Fyrst þarf að skrúfa niður húninn. Síðan að endurskoða samskiptin.